LILJA KATRÍN GUNNARSDÓTTIR

Í pönkuðum ævintýrablæ

Tíska Heilsa

allt Í MIÐJU BLAÐSINS

JAKOB FRÍMANN

Lét skíra í höfuðið á móður Lennons

Nýi erfinginn heitir Jarún Júlía

FÓLK 50

BT
BT bæklingur fylgir Fréttablaðinu í dag

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

5. júlí 2007 — 180. tölublað — 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

FIMMTUDAGUR

Skærar ungstjörnur

Fimmta Harry Potter-myndin frumsýnd í London.

FÓLK 40

Glæsilegt afmæli

Ragna Lóa Stefánsdóttir fagnaði fertugsafmælinu með stæl á Borginni.

FÓLK 50

Myndlistarsýningar opnaðar um land allt

Sigríður Níelsdóttir sýnir ný verk í 12 Tónum.

MENNING 32

Ólafur á leið heim

Landsliðsmaðurinn Ólafur Örn Bjarnason er að öllum líkindum á leið heim frá Noregi. Hann segir ekki sjálfgefið að hann leiki með Grindavík.

ÍÞRÓTTIR 44

VEÐRIÐ Í DAG



VÍÐA RIGNING SÍÐDEGIS - Í dag verður hæg breytileg átt sunnan til, annars yfirleitt norðan 5-10 m/s, hvassast austan til. Úrkomulítið í fyrstu en víða dálítil rigning síðdegis eða í kvöld. Hiti 10-20 stig, hlýjast til landsins sunnan og vestan til.

VEÐUR 4

SÓLÞURRKAÐ SÆLGÆTI Starfsmenn Byggðasafnsins á Ísafirði sýna gestum og gangandi hvernig saltfiskur var verkaður áður fyrr. Eftir því sem næst verður komist er þetta eini staðurinn á landinu þar sem saltfiskur er sólþurrkaður. Þegar fiskurinn er tilbúinn er honum pakkað og hann seldur bæði á Ísafirði sem og í Kolaportinu í Reykjavík.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Lækkun slær ekki á þenslu

Lægra lánshlutfall Íbúðalánasjóðs slær ekki á þenslu, segir formaður fasteignasala. Aðeins lítið brot lántakenda tekur hæsta lán hjá sjóðnum. Framkvæmdastjóri Íbúðalánasjóðs efast einnig um áhrif lækkunar.

STJÓRNMÁL Lækkun hæsta lánshlutfalls Íbúðalánasjóðs hefur ekki tilætluð áhrif, segir Ingibjörg Þórðardóttir, formaður Félags fasteignasala. Aðeins lítið brot lántakenda hjá sjóðnum tekur lán sem nemur hæsta fáanlega hlutfalli af kaupverði.

Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra lækkaði lánshlutfall Íbúðalánasjóðs úr 90 prósentum í 80 prósent á dögunum. Tilgangurinn er að slá á þenslu og spennu í hagkerfinu sem fylgdi hækkandi fasteignaverði, að hennar sögn.

Ingibjörg segir aðgerðina breyta litlu sem engu fyrir fólk sem kaupir eignir á rúmar 20 milljónir og þar yfir. Því muni hún ekki hafa áhrif á lækkun fasteignaverðs. „Þetta kemur harðast niður á fólki sem kaupir ódýrustu og minnstu eignirnar og var svo heppið að geta tekið 90 prósenta lán. Allt tal um að þetta slái á þensluna er því rangt."

Hún segir lækkunina ekkert hafa að segja og komi verst við þá sem minnst mega sín. Einhvern veginn þurfi fólk eftir sem áður að fjármagna íbúðakaup sín.

Samkvæmt upplýsingum frá Íbúðalánasjóði fengu 127 lántakendur hámarkslán á fyrstu fimm mánuðum ársins, þar af fjörutíu á höfuðborgarsvæðinu. Á sama tíma seldust á milli fjögur og fimm þúsund íbúðir. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins er meðallán sjóðsins um eða undir sextíu prósentum af kaupverði íbúðar.

Guðmundur Bjarnason, framkvæmdastjóri Íbúðalánasjóðs, telur ákvörðun um lækkað lánshlutfall sjóðsins hafa lítil áhrif. „Ég held að þetta hafi ekki mjög mikil áhrif á útlánastarfsemi sjóðsins vegna þess að aðrar takmarkanir, eins og brunabótamat, hafa mikil áhrif á lánveitingar," segir hann. „Þess vegna óttast ég að þessi breyting kunni frekar að hafa áhrif úti á landi og þensluáhrifin hafa kannski ekki verið mest þar."

- sþs / bþs / sjá síðu 6

Framkvæmdagleði í Bolungarvík:

Fimmtán sólpallar í smíðum

BOLUNGARVÍK Hvað sem hrakspám í sjávarútvegi líður eru Bolvíkingar minnugir þess að lífið er meira en saltfiskur, til dæmis sólpallar. Að sögn Elvars Sigurgeirssonar, vélaverktaka í Bolungarvík, eru að minnsta kosti fimmtán slíkir í smíðum þar í bæ.

„Ég er búinn að grafa fyrir ellefu það sem af er sumri og á eftir að grafa fyrir fjórum í viðbót." Bolungarvík telur um 800 manns. Elvar rekur eigin vélarleigu í Bolungarvík og er með níu manns í vinnu. Hann segir mikið að gera hjá sér á sumrin en þegar verkefnin dragast saman á veturna nýtir hann mannskapinn í að gera upp gamlar Deutsch-dráttarvélar og fornbíla. Elvar á sautján Deutsch-vélar og hefur þegar gert upp fimm.

- bs / sjá síðu 16

Karlmaður á fimmtugsaldri handtekinn með tvö börn í rjóðri í Efra-Breiðholti:

Lokkaði börn með hömstrum

LÖGREGLUMÁL Karlmaður á fimmtugsaldri var handtekinn í gærkvöldi grunaður um að hafa tælt að minnsta kosti tvö ung börn inn í rjóður til sín, við Fjölbrautaskólann í Breiðholti.

Maðurinn notaði að sögn lögregluvarðstjóra hamstra til að lokka börnin til sín.

Vitni í næsta nágrenni sem sá börnin fara inn í rjóðrið til mannsins hringdi og gerði lögreglu viðvart um grunsamlegt athæfi.

Þegar lögreglumenn komu á staðinn voru bæði börnin enn hjá manninum. Ekki fengust frekari upplýsingar um hvað lögregla telur að kunni að hafa átt sér stað milli mannsins og barnanna.

Maðurinn var færður á lögreglustöð gærkvöldi til yfirheyrslu. Eins og áður segir er maðurinn á fimmtugsaldri. Hann mun ekki áður hafa komið við sögu lögreglunnar.

Málið er í rannsókn og ekki er vitað hvort maðurinn kunni að hafa lokkað fleiri börn til sín en þau tvö sem lögregla kom að honum með.

Að sögn lögreglu var maðurinn talinn allsgáður og ekki vera undir áhrifum lyfja.

- lbb

SPURNING DAGSINS

Sigurður, er þetta ekki í raun bara eitt og sama starfið?

„Nei, bændur eru ekki allir framsóknarmenn frekar en allir framsóknarmenn bændur."

Sigurður Eyþórsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri Framsóknarflokksins, hefur verið ráðinn í starf framkvæmdastjóra Landssamtaka sauðfjárbænda.

Skrifstofa Alþingis beinir því til nýrra þingmanna að færa viðskipti sín til Símans:

Sagt vera þægilegt fyrir Alþingi

ALÞINGI Skrifstofa Alþingis sendi nýjum þingmönnum tölvuskeyti fyrir skemmstu þar sem þeim er gert grein fyrir því að þar sem Alþingi væri með „ríkis-samning við Símann, og greiðir alla símareikninga alþingismanna, væri það til mikilla þæginda" að þeir flyttu símanúmerin til Símans ef þeir væru með viðskipti við annað fyrirtæki. Sérstaklega er tekið fram að fjármálaskrifstofa Alþingis geti „annast flutninginn" eins og orðrétt segir í tölvuskeytinu sem Fréttablaðið hefur undir höndum.

Helgi Bernódusson, skrifstofustjóri Alþingis, segir skilaboðin hafa verið send til þingmanna vegna samnings ríkisins við Símann. Ekki sé verið að beita þá þrýstingi með neinum hætti. „Alþingi er aðili að samningi ríkisins við Símann og það væri einfaldlega ódýrara fyrir Alþingi ef þingmenn beindu símaviðskiptum sínum til Símans. En

ALÞINGI Ríkið er með samning um símaviðskipti við Símann, sem nær til Alþingis. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ef þingmenn kjósa að eiga viðskipti við önnur fyrirtæki þá er það bara allt í góðu lagi. Það er enginn þvingaður til eins eða neins," segir Helgi. **- mh**

Utanríkisráðherra í Gana:

Þakkar stuðning við framboðið

UTANRÍKISMÁL Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra var viðstödd setningu níunda leiðtogafundar Afríkusambandsins (AU) í Accra, höfuðborg Gana á sunnudaginn.

Utanríkisráðherra sótti einnig framkvæmdaráðsfund sambandsins sem fór fram dagana á undan og átti tvíhliða einkafundi með ráðherrum rúmlega tuttugu Afríkuríkja. Meðal þeirra voru utanríkisráðherrar Eritreu og Eþíópíu.

Framboð Íslands til Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna var kynnt og stuðningur fjölmargra Afríkuríkja við framboðið þakkaður. - lbb

Enn stekkur Úrvalsvísitalan:

Vísitalan aldrei hærri en nú

VIÐSKIPTI Úrvalsvísitalan hækkaði um 1,59 prósent í Kauphöllinni í gær, endaði í 8.541 stigi og hefur aldrei verið hærri. Gengi bréfa í Alfesca hækkaði mest, um 3,96 prósent, en mesta lækkunin varð á gengi bréfa í Föroya Banka, sem fór niður um 1,69 prósent.

Vísitalan hefur hækkað um 33,24 prósent það sem af er árs.

Björn Rúnar Guðmundsson, forstöðumaður greiningardeildar Landsbankans, segir engar sérstakar skýringar liggja að baki hækkuninni síðustu tvo daga aðrar en þær að bjartsýni virðist almennt ríkja á hlutabréfamarkaði. - jab

C. Sarkozy skilaði kreditkorti:

Lét ríkissjóð borga máltíðir

PARÍS, AP Cecilia Sarkozy, eiginkona Nicholas Sarkozys Frakklandsforseta, hefur skilað kreditkortinu sem hún fékk eftir að eiginmaður hennar sigraði í forsetakosningunum í Frakklandi í maí. Ástæðan er sú að franska blaðið Le Canard Enchaine greindi frá því að Cecilia notaði kortið í tvígang til að bjóða fólki út að borða og lét því ríkissjóð borga brúsann: samanlagt tæpar 35 þúsund krónur.

CECILIA SARKOZY

Laurent Wauquiez, talsmaður frönsku ríkisstjórnarinnar, segir að Cecilia hafi ákveðið að skila kreditkortinu til að komast hjá „öllum misskilningi." Að sögn talsmanns frönsku forsetahallarinnar notaði Cecilia kortið aðeins í þessi tvö skipti á síðustu tveimur mánuðum. **- ifv**

Njálsgötubúar íhuga að krefjast lögbanns

Fulltrúi í samráðshópi íbúa og borgarinnar vegna heimilis fyrir heimilislausa á Njálsgötu segir ákvörðun velferðarsviðs um opnun heimilisins koma sér á óvart. Íbúarnir ræði nú lögbannskröfu eins og boðað var af lögmönnum þeirra.

FÉLAGSMÁL „Þetta þýðir einfaldlega flótta úr Njálsgötunni enda liggur við að það sé önnur hver íbúð hér komin á sölu," segir Pétur Svavarsson, annar tvegga fulltrúa íbúa og húseigenda í samráðshópi vegna opnuna athvarfs fyrir heimilislausa á Njálsgötu 74.

Velferðarráð Reykjavíkurborgar samþykkti í gær að heimilið á Njálsgötu verði opnað 1. október:

„Velferðarráð hefur ákveðið að koma til móts við gagnrýnisraddir íbúa í nágrenninu með því fækka heimilismönnum um tvo, heimilismenn verða því átta en ekki tíu eins og áður var gert ráð fyrir. Öflugt samstarf verður við lögreglu um vakt í hverfinu, skapaður verður grundvöllur fyrir reglulegri samvinnu við nágranna heimilisins og staðsetning heimilisins verður endurskoðuð að ári liðnu með tilliti til reynslunnar," segir í frétt sem velferðarráð sendi frá sér í gær.

Pétur segir þessa ákvörðun

NJÁLSGATA 74 Hér munu átta heimilislausir karlmenn búa frá 1. október í haust. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

JÓRUNN FRÍMANNSDÓTTIR Formaður velferðarráðs Reykjavíkur.

PÉTUR SVAVARSSON Annar fulltrúa íbúa í samráðsnefnd.

koma sér algerlega í opna skjöldu. Vilhjálmur Þ. Vihjálmsson borgarstjóri hefði sagt á fundi með íbúunum að samráð yrði haft við íbúana. Aðeins tveir fundir hefðu verið haldnir í samráðshópnum og fulltrúar borgarinnar þar lagt fram tillögur sem fulltrúar íbúanna hefðu algerlega hafnað en væru nú grundvöllur fyrir stofnun heimilisins.

Í lögfræðiálitu lögmannanna Karls Axelssonar og Dýrleifar Kristjánsdóttur sem unnið var fyrir íbúanna og lagt fram á fundi samráðshópsins kemur fram sú skoðun að stofnun heimilisins á Njálsgötu án grenndarkynningar og breytts deiliskipulags brjóti í bága við lög því að í raun sé um stofnun en ekki heimili að ræða á svæði sem ekki sé skipulagt fyrir stofnanir. Þessari túlkun hefur Jórunn Frímannsdóttir, formaður velferðarráðs, hafnað.

Í lögfræðiálitinu segir að falli borgaryfirvöld ekki frá núverandi áformum liggi beinast við að íbúarnir krefjist lögbanns. Í síðasta lagi á þeim tímapunkti sem borgin tilkynni um opnun heimilsins sé ástæða til að hefjast handa við undirbúning lögbannskröfunnar. Pétur segir það nú verða tekið til skoðunar:

„Borgin er að reyna að brjóta lögin af því hún þorir ekki með málið í grenndarkynningu. Nú munum við ræða við okkar lögmenn um næstu skref. Þetta útspil borgarinnar er eins og blaut tuska framan í okkur og breytir alls engu um okkar afstöðu."

gar@frettabladid.is

Blíðviðrið í höfuðborginni:

Síðasti sólskinsdagurinn í bili

VEÐUR „Veðrið hefur verið glettilega gott í nokkuð marga daga og verður það áfram í dag," segir Einar Sveinbjörnsson veðurfræðingur um blíðviðrið á höfuðborgarsvæðinu undanfarna daga. „Það fer að verða meira skýjað og einhverjar líkur á úrkomu bæði á morgun og hinn."

EINAR SVEINBJÖRNSSON

Einar segir þó að ekkert met hafi verið slegið og að ekki þurfi að leita langt aftur í tímann til að finna annan eins góðviðriskafla.

„Ég man mjög vel eftir sumrinu 1991, þá var samfelldur góðviðriskafli frá 13. júní fram undir 10. júlí," segir Einar. „Þá fór hitinn að minnsta kosti fimm sinnum yfir 20 stig í Reykjavík, en við höfum held ég ekki náð því enn þá núna. Þá var reyndar miklu meiri blíða um land allt." **- sgj**

Háskólaráð Háskóla Íslands:

Brottfall skoðað

MENNTUN Háskólaráð Háskóla Íslands hefur skipað nefnd sem mun gera úttekt á brottfalli nemenda við skólann, greina ástæður þess og leggja fram tillögur um úrbætur.

Á dögunum kom út skýrsla á vegum Ríkisendurskoðunar um háskólanám á Ísland og kom Háskóli Íslands best út á flestum sviðum. Hins vegar benti Ríkisendurskoðun á mikilvægi þess að draga úr brottfalli við HÍ.

Nefndin mun einnig hanna stefnu um inntöku nýnema og hvernig auka megi kröfur og kynna betur þjónustustofnanir skólans. - sgj

AFGANISTAN

Sex Kanadamenn létust

Sex kanadískir hermenn úr NATO og afganskur túlkur þeirra létust í sprengjuárás í í suðurhluta Afganistan í gær. Sprengja sprakk við veginn þar sem þeir keyrðu í bifreið merktri NATO. Árásin er sú mannskæðasta gegn erlendum hermönnum í Afganistan síðan 13. maí.

LÖGREGLUFRÉTTIR

Lögregla á slysadeild

Lögreglumenn þurftu að vakta tvo menn sem voru lagðir inn á slysadeild í annarlegu ástandi í gærnótt. Tilkynnt var um mennina í annarlegu og jafnvel hættulegu ástandi auk þess sem þeir voru viðskotaillir.

STJÓRNMÁL

Sturla á Mön

Sturla Böðvarsson, forseti Alþingis, verður við þingsetningu á eyjunni Mön í dag. Þingað er undir berum himni og er athöfnin árlegur viðburður á þjóðhátíðardegi Manar. Rekur hann rætur sínar aftur til víkingaaldar.

BÍLL DAGSINS
NISSAN NAVARA SE 38"
Nýskr. 05.06 - Sjálfskiptur - Ekinn 5 þús. km.

Ingvar Helgason | NOTAÐIR BÍLAR
Sævarhöfða 2 Sími 525 8020 Opið: Mán. 10:00 - 18:00, þri.-fös. 9:00 - 18:00.

Stúlkan sem lést á voveiflegan hátt á Landspítalanum:

Sterkt morfínskylt lyf fannst í sprautunni

LÖGREGLUMÁL Mjög sterk upplausn af morfínskyldu lyfi var í sprautu sem fannst við hlið ungrar konu er lést á Landspítalanum mánudagskvöldið 18. júní, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins. Konan lá á smitsjúkdómadeild og fannst meðvitundarlaus þar aðfaranótt 16. júní. Hún lést skömmu síðar.

Lögregla höfuðborgarsvæðisins hefur rannsakað málið að undanförnu, meðal annars hvaðan sprautan og innihald hennar komu. Efnarannsókn fer fram um þessar mundir. Útilokað er að fullyrða um dánarorsök konunnar, þar á meðal hvort hún neytti umræddra efnis, fyrr en niðurstöður krufningarinnar liggja fyrir.

Lyfið sem var í sprautunni er morfínskylt lyf, eins og áður sagði, af tegundinni Fentanyl. Það er meðal annars til í svokölluðum forðaplástrum í mismunandi styrkleikum, sem notaðir eru gegn slæmum verkjum. Þeir skammta lyfið smátt og smátt inn í líkamann. Rökstuddur grunur er um að upplausn úr slíkum plástri hafi verið í sprautunni, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins.

Sem dæmi um styrkleika má nefna að sé notuð sterkasta gerð Fentanyl-plásturs, sem er 10 milligrömm, efnið í honum leyst upp og sprautað í mannslíkama, þá fær viðkomandi hundraðfaldan skammt í líkamann á einu bretti. **- jss**

Áreiðanlegar og sterkar

Hringsnúrur

Alustar
Armar 20x20, stólpi 40 mm
5045190
2.499 ~~3.995~~

Medium Plus
Armar 24x18, stólpi 50 mm
5045191
4.599 ~~6.495~~

Trend
Armar 30x20, stólpi 50 mm
5045192
6.499 ~~8.995~~

Nýtt
á markaðnum
lengri ending

Kynningarverð

GORI 44+
Glær viðarvörn.
4 ára ending,
Fljótþornandi, áhöldin hreinsast með vatni.
7042500-10/20-30

Góð kaup
fyrir helgina

Nýtt Húsasmiðjublað komið út
Stútfullt af **girnilegum tilboðum**

Kælibox
T35 AC/DC, 12/230V, 35 ltr
3899290
10.599 ~~13.990~~

Kælibox
T45 AC/DC, 12/230V, 35 ltr
3899299
11.999 ~~15.990~~

Rafmagnsorf
AL-KO, 450W, 2 línur, sláttubreidd 30 sm, stillanlegt skaft
5087476

Tjaldborð og bekkir
Pakkast saman, níðsterkt
3899360

25% afsláttur
af allri útimálningu

Penta 10 ltr
Akrýlbundin plastmálning á stein utanhúss
7207040-6
4.990 ~~7.990~~

50% afsláttur

Veiðitaska
Advanced
3999147
1.495 ~~2.990~~

HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál

GENGIÐ 04.06.2007

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	61,77	62,07
Sterlingspund	124,64	125,24
Evra	84,12	84,60
Dönsk króna	11,301	11,367
Norsk króna	10,596	10,658
Sænsk króna	9,169	9,223
Japanskt jen	0,504	0,507
SDR	94,02	94,58

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
114,2303
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Breski fréttamaðurinn Alan Johnston var í haldi samtakanna Her íslams frá því í mars:

Laus eftir fjögurra mánaða gíslingu

GAZA-BORG, AP Breski sjónvarpsfréttmaðurinn Alan Johnston var látinn laus á þriðjudagskvöld eftir að hafa verið í haldi samtaka sem kalla sig Her íslams á Gaza-svæðinu í nærri fjóra mánuði.

Johnston sagði að síðustu sextán vikurnar hefðu verið þær verstu í lífi sínu. Hann líkti prísund sinni við það að vera grafinn lifandi og mannræningjarnir hefðu hótað honum lífláti nokkrum sinnum.

Johnston var látinn laus eftir að Hamas-samtökin, sem ráða yfir Gaza-svæðinu, höfðu beitt Her íslams auknum þrýstingi um að láta fréttamanninn lausan.

Í síðustu viku birti Her íslams myndband af Johnston þar sem hann sást með sprengjubelti vafið um sig og samtökin hótuðu að kveikja í því ef Hamas-samtökin reyndu að frelsa fréttamanninn með valdi. Þetta varð til þess að Hamas-samtökin urðu ágengari í tilraunum sínum til að fá Johnston lausan: á mánudag handtóku liðsmenn Hamas talsmann Hers íslams og á þriðjudag umkringdu samtökin staðinn þar sem Johnston var í haldi.

Yasser Abd Rabbo, sem er einn helsti ráðgjafi Mahmoud Abbas, leiðtoga Palestínumanna, sagði í samtali við blaðið Haaret´z í gær að lausn Johnstons væri blekking Hamas-samtakanna til að láta líta út fyrir að samtökin fylgdu alþjóðalögum á Gaza. Abbas rak Ismail Hanieyh frá Hamas-samtökunum úr embætti forsætisráðherra Palestínu um miðjan júní eftir að Hamas hafði tekið völdin á Gaza. Samtökin neituðu að láta völdin á svæðinu af hendi og lofuðu að fá Johnston lausan. - ifv

JOHNSTON MEÐ ISMAIL HANIEYH FRÁ HAMAS-SAMTÖKUNUM Hamas-samtökin beittu sér fyrir lausn Johnstons og telur ráðgjafi Mahmoud Abbas að um sé að ræða blekkingu Hamas-samtakanna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Mál Hnífsdælings í Hæstarétti:

Skotmaðurinn áfram í gæsluvarðhaldi

DÓMSMÁL Hæstiréttur hefur staðfest gæsluvarðhaldsúrskurð héraðsdóms yfir Hnífsdælingnum sem skaut úr haglabyssu í andlit konu sinnar 8. júní síðastliðinn. Maðurinn skal sæta varðhaldi þar til dómur gengur í máli hans en þó ekki lengur en til 14. ágúst.

Maðurinn, sem er rúmlega fimmtugur, hefur verið ákærður fyrir manndrápstilraun, hótun og að stofna lífi manneskju í augljósan háska. Konunni tókst að flýja út úr húsinu kvöldið sem árásin var gerð og voru sérsveitarlögreglumenn nokkrar klukkustundir að fá manninn til að gefast upp. - sh

Katrín Júlíusdóttir þingmaður:

Í forystu þingmannanefnda

STJÓRNMÁL Katrín Júlíusdóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, hefur verið valin formaður þingmannanefnda EFTA og EES.

KATRÍN JÚLÍUSDÓTTIR

Í EFTA-nefndinni sitja þingmenn aðildarríkja samtakanna og í EES-nefndinni þingmenn EFTA-ríkjanna og frá Evrópuþinginu.

Katrín stýrði fundum nefndanna í lok júní en á þeim var meðal annars rætt um EES-samninginn, fríverslunarsamninga EFTA, nýjan sáttmála Evrópusambandsins og stefnumótun sambandsins um málefni sjávar og siglinga. - bþs

Neituðu að segja til kókaínhöfuðpaurs

Tveir menn, ákærðir fyrir stórfellt kókaínsmygl hingað til lands, neituðu báðir sök fyrir héraðsdómi í gær. Þeir neituðu jafnframt að gefa upp nafn manns sem kom að innflutningi kókaínbílsins og losun meintra fíkniefna úr honum.

DÓMSMÁL Tveir karlmenn, Rúnar Þór Róbertsson 38 ára og Jónas Árni Lúðvíksson 28 ára, sem ákærðir eru fyrir stórfelldan innflutning á kókaíni og fyrir að hafa haft það í vörslum sínum, neituðu sök í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Þeir neituðu jafnframt að segja til meints höfuðpaurs í málinu.

Um var að ræða tæp 3,8 kíló af kókaíni sem komu hingað til lands, falin í miðstöð Mercedes Benz Sprinter-bifreiðar. Bíllinn kom frá Cuxhaven í Þýskalandi 15. nóvember. Tollgæslan fann efnin og fíkniefnalögreglan setti gerviefni í staðinn. Bíllinn var vaktaður og símar hleraðir.

Rúnar Þór, sem ákærður er fyrir innflutning efnisins ásamt óþekktum samverkamanni, bar fyrir dómi í gær, að ónefndur maður hefði látið sig hafa bílinn upp í skuld vegna pallasmíði. „Þar áttu ekki að vera nein fíkniefni," sagði hann. Rúnar Þór kvaðst ekki vilja nafngreina umræddan mann. „Ég óttast um mig og mína fjölskyldu," sagði hann.

Við skoðun á bílnum kom í ljós, að gera þurfti við hann, að sögn Rúnars Þórs. Hann kvaðst því hafa farið með bílinn á bóndabæ fyrir austan fjall, þar sem hann hefði aðstöðu til viðgerða. Kvöldið eftir hafi ónefndi maðurinn hringt og spurt hvar bíllinn væri.

„Hann bauðst til að láta annan mann líta á þetta," sagði Rúnar Þór. Það reyndist vera Jónas Árni. Rúnar Þór kvaðst aldrei hafa séð Jónas Árna áður.

Sá síðarnefndi bar að Rúnar Þór hefði hjálpað sér að fjarlægja pakkana úr bílnum. Jónas Árni sagðist hafa smakkað á innihaldi allra fjögurra pakkanna „...til að athuga hvað lögreglan hefði sett í staðinn," útskýrði hann. Síðan sagðist hann hafa farið með pakkana í bæinn, sturtað því sem í þeim var niður í klósettið og hent umbúðunum í ruslið. Hann neitaði að segja til mannsins sem bað hann um að losa pakkana úr bílnum. „Ég óttast hefndaraðgerðir," sagði hann.

Hann bætti enn fremur við að ónefndi maðurinn hefði sýnt sér blaðagrein úr DV frá 1. desember, þar sem greint hefði verið frá fundi mikils magns af kókaíni í bíl í Sundahöfn. Hann hefði verið fullvissaður um að hann væri ekki að gera neitt ólöglegt, því lögreglan væri búin að skipta kókaíninu út fyrir gerviefni.

Útfjólublátt efni sem lögregla setti á pakkana til að greina fingraför og smit fannst á báðum höndum Rúnars Þórs. Hann kvaðst hafa kvatt Jónas Árna með handabandi eftir að Jónas hefði losað pakkana úr bílnum, en Jónas kvað svo ekki hafa verið. Ómar Pálmason, sérfræðingur í tæknideild lögreglunnar, sem spurður var um líkur á smiti efnisins milli manna með þeim hætti, svaraði: „Það hefur þá aldeilis verið handaband í lagi."

jss@frettabladid.is

AÐALMEÐFERÐ Sakborningar í umfangsmiklu kókaínmáli mættu í Héraðsdóm Reykjavíkur í gærmorgun. Rúnar Þór Róbertsson er annar frá vinstri og Jónas Árni Lúðvíksson huldi andlit sitt með dagblaði. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

SKEMMDARVERK Framkvæmdastjóri Mílu segir erfitt að stemma stigu við veggjakrotinu.

Skemmdarverk veggjakrotara:

Símakassarnir sleppa ekki

UMHVERFISMÁL „Þetta pirrar mig alveg óstjórnlega ef ég á að segja alveg eins og er," segir Páll Jónsson, framkvæmdastjóri Mílu, dótturfyrirtækis Símans. Nokkuð hefur borið á veggjakroti á rafmagnskössum Símans sem eru staðsettir um alla borg.

„Við berum ábyrgð á þessum þrifum en þetta er ekki auðvelt mál," segir Páll og bætir við að verið sé að skoða málin.

„Stundum er sett efni á kassana þegar þeir eru þrifnir sem gerir veggjakroturum erfiðara fyrir. Þetta eru náttúrlega skemmdarverk og eyðilegging á eignum fyrirtækja og borgara og ætti því í raun að vera lögreglumál," segir Páll Jónsson. - lbb

Hryðjuverkaógnin í Bretlandi:

Viðbúnaður á næsthæsta stig

LUNDÚNIR, AP Breska ríkisstjórnin lækkaði viðbúnaðarstigið í landinu í gær úr því fimmta – sem er hæst – niður í það fjórða.

Hæsta viðbúnaðarstig þýðir að búist er við hryðjuverkaárás á hverri stundu. Viðbúnaðarstigið í landinu var hækkað á laugardag eftir þrjú misheppnuð hryðjuverkatilræði í Lundúnum og Glasgow. Fjórða viðbúnaðarstig hefur verið í landinu síðan í ágúst 2006 sem þýðir að hryðjuverkaárásir eru taldar líklegar. - ifv

Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

NOKKRAR BREYTINGAR

Nú eru kortin farin að verða heldur blautari en verið hefur. Í dag gengur inn á landið úr suðaustri úrkomubelti og á ég von á því að úr því falli úrkoma, fyrst suðaustan til en síðan víða á landinu sunnanverðu. Einhverjir dropar falla víðar en mér sýnist að þurrt verði að mestu á Norðaustur- og Austurlandi. Áfram eru hins vegar ágæt hlýindi í kortunum.

REYKJAVÍK Í DAG

Hæg norðlæg eða breytileg átt. Skýjað og fer að rigna síðdegis. Hiti 12-16 stig.

VEÐURSPÁ

um hádegi »



» á morgun



3-10 m/s, hvassast á annesjum.

» laugardagur



Hæg norðaustlæg eða breytileg átt.

um hádegi »

Kaupmannahöfn	18°C	skúrir	London	19°C	rigning	Friedrichshafen	17°C rigning
Billund	18°C	alskýjað	París	19°C	skúrir	Basel	19°C rigning
Osló	20°C	rigning	Eindhoven	19°C	rigning	Alicante	28°C hálfskýjað
Stokkhólmur	22°C	rigning	Frankfurt	19°C	rigning	Algarve	29°C léttskýjað
Gautaborg	19°C	skúrir	Berlín	18°C	rigning	Las Palmas	26°C hálfskýjað

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

Útsala
Útsala
Útsala

KJÖRKASSINN

Verður fuglaflensan að heimsfaraldri?

Já	24%
Nei	76%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Er kominn tími á rigningu og rok?

Segðu skoðun þína á vísir.is

Borgarbúar nota fjórðungi meira vatn en venjulega:

Notkun eykst í blíðviðri

ORKUMÁL Vatnsnotkun borgarbúa hefur aukist mikið í þurrkum og eindæma blíðu undanfarinna daga og kemur það greinilega fram á rennslistölum frá Orkuveitu Reykjavíkur.

Að sögn Kristins H. Þorsteinssonar, garðyrkjustjóra Orkuveitunnar, er um að ræða tuttugu prósenta aukningu á vatnsnotkun miðað við það sem venjulega er. Ástæðurnar eru nokkrar að hans sögn. „Þegar heitt er í veðri, sólskin og vindur, þá fer fólk út og þvær gluggana og húsin sín. Bílarnir eru líka þvegnir mun oftar," segir Kristinn. Hann segir þó vökvun eiga mestan þátt í þessari auknu vatnsnotkun, ekki síst á gróðrarstöðvum. Það sé mikilvægt að fólk vökvi gróður lengur og sjaldnar svo að vatn nái ofan í jarðveginn.

Rennslið frá vatnstökusvæðum borgarinnar varð mest rúmlega 1.100 lítrar á sekúndu síðdegis föstudaginn 29. júní. Vikuna fyrir það nam mesta rennslið rúmlega 1.000 lítrum á sekúndu.

Kristinn segir borgina þó ekki á leið að verða vatnslausa, þrátt fyrir aukninguna.

„Orkuveitan annar þessu en að sjálfsögðu hvetjum við borgarbúa til að bruðla ekki með vatnið."

- þeb



VATNSNOTKUN SETT Í SAMHENGI

Meðaltalsnotkun á vatni í Reykjavík frá áramótum: ***762*** lítrar á sekúndu.

Á mínútu : 45.720 lítrar
Nóg til að fylla Laugardalslaug **16,3** sinnum

Á klukkustund : 2.743.200 lítrar
Nóg til að fylla Laugardalslaug **979,7** sinnum

Á sólarhring : 65.836.800 lítrar
Nóg til að fylla Laugardalslaug **23.513** sinnum

Laugardalslaug tekur 2.800 lítra.

Líkamsárás á Hverfisgötu:

Tíu gengu í skrokk á einum

LÖGREGLUMÁL Tíu félagar í mótorhjólagengi gengu í skrokk á manni í félagsheimili við Hverfisgötu í gær. Lögregla fékk tilkynningu um atburðinn og voru tólf lögreglu- og sérsveitarmenn sendir á vettvang. Mennirnir tíu voru allir handteknir á staðnum.

Fórnarlamb árásarinnar var flutt á slysadeild með lítilsháttar meiðsl. Lögregla telur víst að farið hefði verr hefði hún ekki komið svo skjótt á vettvang. Ekki er vitað um orsakir árásarinnar en fórnarlambið þekkti árásarmennina. Í framhaldi af handtökunum var gerð húsleit.

- lbb

ÚRVALIÐ SKOÐAÐ Formaður Félags fasteignasala telur lækkað lánshlutfall Íbúðalánasjóðs koma harðast niður á fólki sem kaupir ódýrustu og minnstu eignirnar. Eftir sem áður þurfi fólk að fjármagna íbúðakaup sín. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Lægra lánshlutfall slær ekki á þenslu

Lægra lánshlutfall Íbúðalánasjóðs slær ekki á þenslu og stuðlar ekki að lækkun fasteignaverðs, að mati formanns Félags fasteignasala. Á fyrstu fimm mánuðum ársins fengu 127 lántakendur hámarkslán, þar af 40 á höfuðborgarsvæðinu.

STJÓRNMÁL Efasemdir eru uppi um að ákvörðun Jóhönnu Sigurðardóttur félagsmálaráðherra um að lækka lánshlutfall Íbúðalánasjóðs úr níutíu prósentum í áttatíu prósent hafi tilætluð áhrif. Ráðherra hefur sagt aðgerðina viðbrögð við mikilli hækkun á fasteignamarkaði sem, auk annars, hefur leitt til þenslu í hagkerfinu.

Ingibjörg Þórðardóttir, fasteignasali á Híbýli og formaður Félags fasteignasala, telur aðgerðina ekki hafa áhrif á lækkun fasteignaverðs því hún breyti litlu sem engu fyrir fólk sem kaupir eignir á rúmar tuttugu milljónir og þar yfir. Þar ráði veðviðmið Íbúðalánasjóðs sem reiknast út frá brunabótamati, auk lóðamats.

„Þetta kemur harðast niður á fólki sem kaupir ódýrustu og minnstu eignirnar og var svo heppið að geta tekið níutíu prósenta lán. Allt tal um að þetta slái á þensluna er því rangt. Þetta hefur ekkert að segja og kemur verst við þá sem minnst mega sín," segir Ingibjörg og bendir á að fólk þurfi eftir sem áður að fjármagna íbúðakaup sín með einhverjum hætti.

INGIBJÖRG ÞÓRÐARDÓTTIR Formaður Félags fasteignasala.

Ingibjörg segir að sárlega vanti úrræði fyrir fólk sem á undir högg að sækja á fasteignamarkaði og deilir þar skoðun með félagsmálaráðherra. Hún vill að öllum gefist færi á lántöku innan sama kerfis en ráðherra boðar sérstakar félagslegar úrbætur. Slíkar ráðstafanir telur Ingibjörg afturför; ekki eigi að stimpla fólk með félagslegum úrræðum.

bjorn@frettabladid.is

FÁIR TAKA HÁ LÁN

Upplýsingar frá Íbúðalánasjóði sýna að aðeins lítið brot lántakenda hjá sjóðnum fær eða tekur lán sem nemur hæsta fáanlega hlutfalli af kaupverði. Á fyrstu þremur mánuðum ársins, þegar lánshlutfallið var áttatíu prósent, fengu 88 lántakendur slík lán - 28 á höfuðborgarsvæðinu og sextíu utan þess - og á næstu tveimur mánuðum, þegar hlutfallið var níutíu prósent, fengu 39 slík lán - tólf á höfuðborgarsvæðinu og 27 utan þess.

Á fyrstu fimm mánuðum ársins seldust á bilinu 4-5.000 íbúðir. Í maí lánaði Íbúðalánasjóður rúma fimm milljarða króna til íbúðakaupa og nam meðallánið í mánuðinum rúmum níu milljónum. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins er meðallán sjóðsins um eða undir sextíu prósentum af kaupverði.

Hefur lítil áhrif á starfsemina

Guðmundur Bjarnason, framkvæmdastjóri Íbúðalánasjóðs, telur ákvörðun um lækkað lánshlutfall sjóðsins hafa lítil áhrif.

„Ég held að þetta hafi ekki mjög mikil áhrif á útlánastarfsemi sjóðsins vegna þess að aðrar takmarkanir, eins og brunabótamat, hafa mikil áhrif á lánveitingarnar," segir Guðmundur.

Þær takmarkanir eigi fyrst og fremst við um fyrstu íbúðakaup á höfuðborgarsvæðinu þar sem brunabótamat eldra og ódýrara húsnæðis er lágt. „Þess vegna óttast ég að þessi breyting kunni frekar að hafa áhrif úti á landi og þensluáhrifin hafa nú kannski ekki verið mest þar."

GUÐMUNDUR BJARNASON Framkvæmdastjóri Íbúðalánasjóðs.

Guðmundur segir sjóðinn vitaskuld starfa eftir ákvörðunum ráðherra og allt tal um annað sé rangt. „Stundum er því haldið fram að Íbúðalánasjóður fylgi ekki stefnu stjórnvalda í efnahagsmálum. Við gerum auðvitað ekki annað en það sem stjórnvöld ákveða með lögum og reglugerðum."

- bþs

Umhverfisvottaðar hreinlætisvörur
– fyrir sumarbústaðinn og veiðihúsið

Útsalan

í fullum gangi

vorum að bæta við nýjum vörum

Allar útsöluvörur

250-2000 kr

Verðdæmi

Upphaflegt verð	Útsöluverð
~~499~~ kr.	250 kr.
~~799~~ kr.	500 kr.
~~999-1.299~~ kr.	750 kr.
~~1.499-1.699~~ kr.	1.000 kr.
~~1.999-2.499~~ kr.	1.500 kr.
~~2.999-4.999~~ kr.	2.000 kr.

Þessi auglýsing á við fatnað og skó, ekki raftæki, húsgögn og heimilisvöru

HAGKAUP

Skemmtilegast að versla

ÚTSALAN
er hafin!

© Inter IKEA Systems B.V. 2007

Opið 10:00 - 20:00 virka daga | Laugardaga 10:00 - 18:00 | Sunnudaga 12:00 - 18:00 | www.IKEA.is

IKEA®

Persónuvernd úrskurðar að Alcan beri ábyrgð á söfnun persónuupplýsinga:

Munu kanna lögmæti aðgerðarinnar

PERSÓNUVERND Alcan á Íslandi ber, samkvæmt úrskurði Persónuverndar, ábyrgð á þeim persónuupplýsingum sem söfnuðust við upplýsingaöflun félagsins fyrir íbúakosningarnar um stækkun álversins í Straumsvík. Það er því í höndum Alcan að afla þeirra gagna sem Persónuvernd þarf á að halda til þess að skera úr um hvort upplýsingasöfnunin hafi verið lögmæt.

Persónuvernd barst ábending í mars um að starfsmenn Alcan hefðu fengið tilmæli um að safna upplýsingum um skoðanir vina og nágranna sinna á fyrirhugaðri stækkun álversins. Starfsmennirnir áttu að skrá þessar upplýsingar inn á vefsíðu sem allir starfsmenn fyrirtækisins höfðu aðgang að.

UMDEILD UPPLÝSINGASÖFNUN Starfsmenn Alcan fengu tilmæli um að safna persónuupplýsingum um nágranna sína og vini. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þegar Persónuvernd hafði samband við Alcan vegna málsins sögðu forsvarsmenn fyrirtækisins að þeir hefðu keypt aðgang að kerfinu hjá fyrirtækinu GPS almannatengsl hf. og vísuðu ábyrgðinni þangað.

„Nú hefur verið skorið úr um þennan ágreining og í kjölfarið verður hægt að kanna hvort aðgerðin hafi verið lögmæt," segir Sigrún Jóhannesdóttir, forstjóri Persónuverndar. Hún segir að úrskurðurinn hafi dregist vegna þess að seinlega hafi gengið að afla gagna frá GPS almannatengslum. Þar sem Alcan er ábyrgt fyrir upplýsingasöfnuninni er það nú í þeirra verkahring að afla gagnanna og koma þeim til Persónuverndar. - þo

Kristín A. Árnadóttir:

Stýrir framboði til Öryggisráðs

STJÓRNMÁL Utanríkisráðuneytið hefur ráðið Kristínu A. Árnadóttur, skrifstofustjóra borgarstjórnar Reykjavíkur, til að stýra framboði Íslands til Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna. Kosningar til Öryggisráðsins fara fram á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna haustið 2008.

KRISTÍN A. ÁRNADÓTTIR

Kristín hefur stýrt skrifstofu borgarstjórans í Reykjavík undanfarin ár en Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri hefur veitt henni leyfi frá störfum á meðan hún sinnir verkefninu.

Kristín er með meistarapróf í opinberri stjórnsýslu og stjórnun frá Syracuse University í Bandaríkjunum. - lbb

GARÐABÆR

Vel tekið í ókeypis strætó

Bæjarráð Garðabæjar hefur tekið vel í ósk Stúdentaráðs Háskóla Íslands og Bandalags íslenskra námsmanna um ókeypis strætó.

ÞÓRÐUR FREYR SIGURÐSSON Hugðist framleiða viskí á bænum sínum Hátúni, sunnan af Hvolsvelli. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Ísland kjörið til framleiðslu á góðu viskíi

Ekkert verður af fyrirhugaðri framleiðslu maltviskís á bænum Hátúni í Landeyjum. Skortur á þolinmóðu fjármagni er helsta ástæðan að sögn Þórðar Freys Sigurðssonar sem hugðist hefja framleiðslu.

IÐNAÐUR Þórður Freyr Sigurðsson, 25 ára Sunnlendingur, hefur látið af áformum sínum um að framleiða íslenskt viskí á bæ sínum, Hátúni í Landeyjum.

„Þessu er þannig séð lokið," segir Þórður, sem nýverið lauk viðskiptafræðinámi við Háskólann á Bifröst. „Það bara skorti fjármagn í þetta verkefni."

Þórður hóf undirbúning fyrir framleiðslu maltviskís árið 2003 með gerð viðskipta- og markaðsáætlana.

„Það er ekkert því til fyrirstöðu að framleiða gott viskí á Íslandi," segir Þórður. „Við höfum gott hráefni, íslenska vatnið og íslenska kornið. Þetta er afbragðshráefni. Eina spurningin snýr að markaðssetningu og það fjármagn sem þarf til hennar. Íslenskur markaður er fulllítill fyrir flesta til að hefja framleiðslu."

Til verkefnisins fékk Þórður styrki frá Impru nýsköpunarmiðstöð, landbúnaðarráðuneytinu og Atvinnuþróunarsjóð Suðurlands. Hann hafði einnig haft samband við erlenda framleiðendur.

„Hugmyndin var að framleiða þetta úr heimaræktuðu hráefni," segir Þórður. „Þetta strandaði á því að ég hafði ekki aðgang að þolinmóðu fjármagni. Það tekur svo langan tíma fyrir viskíið að eldast."

HÁTÚN VISKÍ Svona var fyrirhugað að viskíið yrði útlits.

Nokkuð er framleitt af viskíi í Japan, Kanada, Bandaríkjunum, Írlandi, Nýja-Sjálandi og Svíþjóð, að sögn Þórðar. Skotland sé þó að sjálfsögðu þekktasta framleiðslusvæðið.

Þórður segist þó ekki hafa endanlega gefið hugmyndina upp á bátinn. „Ef einhverjir fjársterkir aðilar hafa áhuga þá er ég með viðskiptaáætlun og markaðsáætlun í höndunum, það er hægt að láta reyna á það," segir Þórður. steindor@frettabladid.is

NÍU TIL TÓLF ÁRA FERLI

„Grunnferlið er svipað og þegar verið er að brugga bjór," segir Þórður um bruggun maltviskís. „Kornið er látið spíra og á réttu stigi er það tekið og spírunin stöðvuð. Síðan er það malað og unninn úr því grautur sem er látinn gerjast.

Þegar gerjunin er afstaðin er maður kominn með nokkurs konar bjórlíki. Sá vökvi er tekinn og eimaður, tvisvar til þrisvar sinnum, og þá er kominn áfengur vökvi sem er rúmlega 50 prósent.

Hann er geymdur í nokkur ár og er svo stilltur af með vatni svo að áfengishlutfallið sé rétt."

Ferskir í fiski

NÓATÚN

Tilboð á grísasteik!

Keila í tómat og basil

898 kr. kg

Úr Fiskborði Nóatúns

Úr Kjötborði Nóatúns

Þú sparar 300 kr. kg

GRÍSAGRILLSTEIK MIÐJARÐARHAFS

998 kr. kg

Bestir í kjöti, ferskir í fiski og eigum allt á grillið fyrir þig!

MATFUGL KJÚKLINGA-BRINGUR MARINERAÐAR

1.998 kr. kg

29% afsláttur

Úr Kjötborði Nóatúns

UNGNAUTAHAMBORGARAR BBQ 140 GRÖMM

179 kr. stk.

Nóatún mælir með!

SS NAUTARÚLLA

20% afsláttur

Ótrúlegt verð!

PEPSI MAX 2 LTR

99 kr. 2 l

Brazzi ávaxtasafi 1 lítri!

BRAZZI ÁVAXTASAFI 1 LÍTRI

99 kr. stk.

Nú líka sykurskert!

NESQUICK KAKÓMALT 500 G

299 kr. pk.

Burger hrökkbrauð!

20% afsláttur

Opið 9-21

Verði ykkur að góðu!

Sextán manns létu lífið við moskuna:

700 gáfust upp

PAKISTAN, AP Meira en 700 róttækir fylgismenn Rauðu moskunnar í Islamabad, höfuðborg Pakistans, sem pakistanski herinn hefur setið um í nokkra daga, gáfust upp í gær. Sextán manns létu lífið í átökum á milli fylgismanna moskunnar og hersins á þriðjudag. Frestur fylgismanna moskunnar til að gefast upp rann út í gærmorgun.

Talið er að mörg þúsund manns séu inni í moskunni og hafa yfirvöld í Pakistan lofað konum og börnum friðhelgi ef þau gefast upp en að menn sem hafi tekið þátt í bardögum við herinn verði sóttir til saka.

Bardagar héldu áfram við moskuna í gær. - ifv

16 LÉTU LÍFIÐ Einn af þeim sem lét lífið í átökum á milli pakistanskra hermanna og heittrúaðra múslíma við Rauðu moskuna í Islamabad, höfuðborg Pakistans, í fyrradag. AP/FRÉTTABLAÐIÐ

SANDKASTALAKEPPNI Á LANGASANDI Hin árlega sandkastalakeppni verður haldin á írskum dögum á Akranesi, ásamt keppni um rauðhærðasta gestinn. Tíu til tólf þúsund manns sóttu írska daga í fyrra. MYND/HILMAR ÞORSTEINN HILMARSSON

Von á þúsundum gesta á bæjarhátíðir

Búist er við þúsundum manna á bæjarhátíðir víða um land um helgina. Þjóðlagahátíð á Siglufirði var sett í gær. Írskir dagar á Akranesi hefjast í kvöld og goslokahátíð verður í Eyjum svo fátt eitt sé nefnt.

FÓLK Mikið verður um að vera um helgina víða um land og alls kyns hátíðir haldnar. Þar mætti nefna þjóðlagahátíð, írska daga, goslokahátíð, mærudaga og munu þúsundir manna leggja leið sína á þær.

Alltaf er vinsælt að fara á írska daga á Akranesi. Í fyrra voru tíu til tólf þúsund gestir á hátíðinni og er búist við öðru eins í ár. Dagskráin hefur aldrei verið veglegri og helsta nýbreytnin er sú að mikið verður lagt upp úr sunnudeginum. „Við viljum sýna með því að þetta sé fjölskylduhátíð," segir Ólöf Vigdís Guðnadóttir, einn af skipuleggjendum írskra daga. Sunnudagurinn verður leikjadagur. Farið verður í fullt af leikjum í skógræktinni, strandblakkeppni verður haldin og götukeppni í fótbolta, leikritið Dýrin í Hálsaskógi verður sýnt í skóginum og margt, margt fleira. Önnur nýbreytni er útitónleikar í miðbænum á föstudagskvöld og sjá Stuðmenn um fjörið.

Þjóðlagahátíðin á Siglufirði er heldur betur búin að sanna sig og þótti hún takast mjög vel í fyrra. Hátíðin í ár ber yfirskriftina Ríma og verða kvæðamenn atkvæðamiklir á svæðinu. Rúmlega hundrað flytjendur verða á hátíðinni og koma víða að, meðal annars frá Armeníu. Alls kyns tónlist verður flutt, til að mynda djass og búlgarskir dansar, kór frá Þýskalandi heldur tónleika og hið forna hljóðfæri langspil verður áberandi á hátíðinni. Um þúsund gestir voru á þjóðlagahátíðinni í fyrra.

Goslokahátíð verður haldin í Vestmannaeyjum um helgina og er þetta viðburðamesta helgin í Eyjum fyrir utan þjóðhátíðina. Nær allt gistirými er uppbókað en nýtt tjaldsvæði hefur verið tekið í gagnið. Viðamikil dagskrá er á hátíðinni og á laugardagskvöldið fer gleðskapurinn fram í Skvísusundi þar sem eru gamlir beitingarskúrar. Hljómsveitir spila í fjórum þeirra þannig að það verður tónlist fyrir alla aldurshópa. Búist er við að meira en þúsund manns mæti til Eyja um helgina. Kristín Jóhannesdóttir, ferða- og menningarfulltrúi Vestmannaeyja, segir að þeir sem komi til Eyja á þessa hátíð séu yfirleitt á aldrinum um þrítugt og upp úr; unglingarnir fari frekar á þjóðhátíð.

Pollamót verður haldið á Akureyri og verða þrjú til fjögur þúsund manns þar í tengslum við mótið. Markaðshelgi verður í Bolungarvík og Mærudagar á Húsavík. peturla@frettabladid.is

HÁTÍÐIR UM HELGINA

Írskir dagar á Akranesi
Þjóðlagahátíð á Siglufirði
Goslokahátíð í Vestmannaeyjum
Markaðshelgi í Bolungarvík
Mærudagar á Húsavík
Sveitamarkaðir í Eyja- og Miklaholtshreppi á Snæfellsnesi
Fótboltamót fyrir fimmta flokk karla á Akureyri

Framkvæmdastjórn ESB hyggur á efldar hryðjuverkavarnir í kjölfar árása:

Evrópsk skrá um flugfarþega

BRUSSEL, AP Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins er nú að leggja drög að nýjum aðgerðum til hryðjuverkavarna, sem munu meðal annars ná til skipulagðrar skráningar á upplýsingum um flugfarþega í öllum aðildarríkjunum.

Franco Frattini, sem fer með dómsmál í framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, greindi frá þessu í gær. Hann sagði að samkvæmt áformunum yrði öllum aðildarríkjunum boðið upp á að koma á fót kerfi til að skrá upplýsingar um flugfarþega alls staðar að úr heiminum, sem leið ættu um lofthelgi þeirra. Frattini sagði að enn fremur stæði til að setja lög sem gera refsivert að setja leiðbeiningar um sprengjugerð á netið.

Frattini sagðist myndu kynna pakka frumvarpa að nýjum hryðjuverkavörnum fyrir dómsmálaráðherrum aðildarríkjanna í október. „Við munum finna betri leiðir til að fæla og koma upp um hryðjuverkamenn," tjáði Frattini fréttamönnum í Brussel. **- aa**

FRANCO FRATTINI „Betri leiðir til að fæla og koma upp um hryðjuverkamenn." FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Bílasprengja í Pakistan:

Fimm létust í sjálfsmorðsárás

MIRAH SHAH, PAKISTAN, AP Fimm pakistanskir hermenn létust og nokkrir særðust í sjálfmorðsáras í Pakistan í gær. Bíll hlaðinn sprengiefnum keyrði inn í bílalest pakistanska hersins.

Árásin átti sér stað í norðvesturhluta landsins, nálægt landamærunum við Afganistan, þar sem talibanar og liðsmenn al-Kaída hryðjuverkasamtakanna halda til. Embættismenn í Pakistan telja að liðsmenn annarra hvorra samtakanna hafi staðið fyrir sjálfsmorðsárásinni.

Pakistan, sem er samherji Bandaríkjamanna í stríðinu gegn hryðjuverkum, hefur haldið úti níutíu þúsund manna herliði við landamæri Afganistans til að berjast gegn talibönum og al-Kaída. **- ifv**

SKRIFAÐ UNDIR Samningur var undirritaður utandyra við Norðurströnd. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Átak í umferðarfræðslu:

Leiðtogaskóli á Seltjarnarnesi

MENNTUN Grunnskóli Seltjarnarness verður leiðtogaskóli í umferðarfræðslu allra grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu. Samningur um þetta var undirritaður á milli Umferðarstofu og skólans að viðstöddum Kristjáni Möller samgönguráðherra.

„Það er enn þá mikilvægara núna en oft áður að minna fólk á umferðaröryggi," sagði Kristján. Verkefnið er liður í umferðaröryggisáætlun stjórnvalda.

„Þetta er eitt af því allra mikilvægasta sem við erum að gera í umferðarmenningunni," sagði Karl Ragnarsson forstjóri Umferðarstofu við undirritun samningsins. - aví

LÖGREGLUFRÉTTIR

Karlmaður í haldi

Talsvert af amfetamíni og kannabisefnum fannst við húsleit lögreglu í nótt. Karlmaður er í haldi lögreglu vegna málsins og hefur hann áður gerst brotlegur um fíkniefnasölu.

Hættuleg umhverfi sínu

Ökumanni, sem grunaður er um akstur undir áhrifum fíkniefna, var sleppt eftir yfirheyrslur í nótt. Farþegar í bílnum voru látnir gista fangageymslur þar sem þeir voru taldir svo vankaðir vegna fíkniefnaneyslu að þeir gætu verið sjálfum sér og öðrum hættulegir.

www.volkswagen.is

www.byko.is
verslaðu á netinu

Vnr. 55900016
Malarskófla
Malarskófla með tréskafti.
795kr.
~~1.936~~ kr.

Vnr. 55600224
Kantskeri
GROUW kantskeri.
1.750kr.
~~2.190~~ kr.

Vnr. 55600221
Stunguskófla
GROUW stunguskófla.
1.590kr.
~~1.990~~ kr.

Vnr. 55600223
Garðhrífa
GROUW garðhrífa.
790kr.
~~990~~ kr.

BETRA SUMAR

í verslunum BYKO

Vnr. 54629704
Slöngukefli
UNIFLEX slöngukefli
með 20 m slöngu.

3.990
5.476

5.880

Vnr. 50630001
Ferðagasgrill
OUTBACK ferðagrill, grillflötur, 42x27 cm, grillgrind úr pottjárni. Þrýstijafnari og slanga fylgir.

5.990

Vnr. 87977141
Kælibox
Kælibox með rafmagni, 12V, 25 ltr.

3.490
4.676

Vnr. 0291398
Girðingaeiningar
SALVIA ESPALE 900x900 mm.

890

Vnr.88098157/8
Útilegustóll
Útilegustóll, grænn eða blár.

FRÁBÆRT VERÐ!

Vnr. 41621519
Stóll
Stóll, ál, 59x55x74 cm.
2.990 kr.

Vnr. 41621539
Borð **3.990 kr.**
Borð, ál/króm, 80x72 cm.

Verð frá
2.490
4.132

Vnr. 49804110
Partýtjald
Partýtjald 3x3 m án hliða.

Vnr. 49804111
Hlið
Hlið fyrir partýtjald.
590 kr.
~~1.059 kr.~~

25% sláttur
á öllum viðarvörn & útimálningu!*

*Gildir ekki með öðrum tilboðum

BYKO

GÆÐI Á LÆGRA VERÐI

„ORÐRÉTT“

Fær Elton að kíkja í túr?

„Þyrlur eru frábærar til brúks á Íslandi.“

ÓLAFI ÓLAFSSYNI Í SAMSKIPUM FINNST EKKI MIKIÐ TILTÖKUMÁL AÐ VELJA DÝRARI LEIÐINA TIL AÐ KOMAST Á MILLI STAÐA.

Fréttablaðið 4. júlí.

Fýla í lúxussnekkju

„Það er hins vegar engin lúxuslykt í honum núna.“

VIGNIR SIGURSVEINSSON, REKSTRARSTJÓRI LÚXUSSNEKKJUNNAR ELDINGAR II, VAR EKKI PAR ÁNÆGÐUR MEÐ ÓÞEFINN SEM FYLGDI BRÁÐNUN GÚMMIBARKA UM BORÐ Í BÁTNUM.

Fréttablaðið 4. júlí.

tilveran
nær og fjær

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? GÍSLI HRAFN ATLASON KARLAHÓPI FEMÍNISTAFÉLAGSINS

Talar um kynferðisofbeldi við unglinga

„Það er bara allt gott að frétta í þessu blíðskaparveðri, það er eiginlega ekki annað hægt,“ segir Gísli Hrafn Atlason, karlahópi Femínistafélags Íslands. „Ég er líka í svo fínu verkefni þessa dagana þar sem ég flakka um borgina á vegum Vinnuskóla Reykjavíkur og tala við unglinga um kynferðisofbeldi. Við sitjum úti í svona góðu veðri og spjöllum um þessi mál.

Unglingarnir eru svo fínir og jákvæðir. Þeir taka þessu almennt mjög vel, betur en margir þeirra sem eldri eru. Svo er ég loksins orðinn Íslendingur að því leytinu til að ég er búinn að steypa mér í skuldir við kaup á minni fyrstu íbúð. Hingað til hef ég ekki búið í eigin húsnæði. Þannig að í frítíma mínum, þegar ég hef einhvern tíma, er ég að vinna í íbúðinni.

Við í karlahópi Femínistafélagsins erum líka að fara af stað með átakið okkar gegn nauðgunum fyrir verslunarmannahelgina og erum að skipuleggja það á fullu. Það er mjög ánægjulegt að það eru margir nýir að koma sem vilja taka þátt í þessu með okkur og það er sérlega jákvætt að það séu að koma ný andlit í karlahópinn. Það er eitt af meginmarkmiðunum, að fá fleiri karla til að taka þátt.“

TÖLVULEIKIR:
DRAUGALEIKJATÖLVAN SEM ALDREI KOM ÚT

■ The Phantom, eða Draugurinn, er leikjatölva sem ætlað var að keppa við Xbox, PlayStation 2 og GameCube leikjatölvurnar en misheppnaðist gjörsamlega. Tölvan átti að státa af lyklaborði, mús og mögnuðu netspilunarkerfi, og gat spilað alla venjulega PC-tölvuleiki á pappírnum. Þrátt fyrir fagrar fyrirætlanir komst tölvan aldrei af teikniborðinu. Útgáfudegi hennar var frestað ár eftir ár eftir ár, þar til hætt var við hana um mitt síðasta ár. Nú til dags ber hana aðeins á nafn þegar rætt er um misheppnuðustu tæknifyrirbæri sögunnar.

Stærsta safn Deutsch-traktora á Íslandi

Elvar Sigurgeirsson, vélaverktaki í Bolungarvík, hefur sankað að sér sautján Deutsch-dráttarvélum, tuttugu gömlum fólksbifreiðum og nokkrum vörubílum. Hann dreymir um að stofna tækjasafn í Bolungarvík og stendur fyrir fornbílasýningu í bænum um helgina.

Elvar er ekki nema 33 ára gamall en hefur safnað á fimmta tug dráttarvéla, fólksbifreiða og vörubíla. „Það eru ekki nema þrjú ár síðan ég byrjaði að safna fólksbílunum,“ segir hann. „Ég hef haft áhuga á Deutsch-dráttarvélum í nokkurn tíma og safnað þeim héðan og þaðan um landið. Eitt sinn þegar ég var að flytja einn traktorinn var mér boðinn bíll sem ég gat ekki afþakkað og síðan hefur þetta undið upp á sig.“

Elvar er með níu manns í vinnu og þegar hægist um hjá fyrirtækinu á veturna nýtir hann krafta þeirra til að gera upp dráttarvélar og bíla. „Þeir eru hvort eð er í vinnunni þannig það er eins gott að nýta þá í það.“ Hann er að leggja lokahönd á fimmtu Deutsch-dráttarvélina sem hann gerir upp og telur ótvírætt að hann eigi stærsta safn slíkra dráttarvéla á landinu. Spurður hvers vegna hann hafi svona mikinn áhuga á þessum tilteknu dráttarvélum er svarið einfalt: „Afi átti alltaf Deutsch.“

Elvar býr svo vel að eiga 1.200 fermetra skemmu þar sem hann geymir flesta bílana og dráttarvélarnar. Í bílasafninu gætir ýmissa grasa. Innan um Benz, Saab og Willis-jeppa blasir til dæmis við Lada Samara, sem Elvar segir hafa ótvírætt söfnunargildi. „Eftir fimmtán ár eða svo sjást þessir bílar ekki lengur á götum hér á landi.“ Sumir bílanna eru afar illa farnir. Elvar segir það sinn veikleika að rekist hann á bíl með sérstöðu geti hann ekki hugsað sér að honum sé fleygt. Suma fær hann gefins en aðra kaupir hann og gerir sér vonir um að geta gert þá alla upp með tíð og tíma. „Varahlutina er flesta hægt að fá á eBay og ég smíða ansi margt sjálfur. Öðruvísi væri þetta ekki hægt.“

Djásnið í safninu segir Elvar vera Pontiac Chieftain, árgerð 1956. sem hann pantaði af eBay og notar í spássitúra á sunnudögum. „Ég borgaði 1,6 milljónir króna fyrir hann og sé ekki eftir því,“ segir hann. Þótt hann hafi gert upp nokkrar dráttarvélar og sé kominn vel áleiðis með Benz-bifreið hvarflar ekki að Elvari að selja nokkuð af bílunum. Hann viðurkennir að þetta sé dýrt áhugamál en kona hans setji sig þó ekki upp á móti því. „Á móti kemur að ég smakka ekki áfengi, þannig það er kannski alveg eins hægt að eyða peningunum í þetta í staðinn. Um daginn fékk ég tilboð í Benzinn og bar undir hana og hún sagði þvert nei.“

Um helgina ætlar Elvar að bóna bestu bílana og halda fornbílasýningu, sem hann vonar að sé aðeins vísirinn að því sem koma skal. „Draumurinn er að koma upp tækjasafni hér í Bolungarvík einhvern daginn. Það á eftir að taka sinn tíma en rætist vonandi einn góðan veðurdag.“

bergsteinn@frettabladid.is

DJÁSNIÐ Í SAFNINU Elvar pantaði þennan Pontiac Chieftain, árgerð 1956, á eBay og borgaði 1,6 milljónir króna fyrir.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

EINS OG NÝ Elvar er að leggja lokahönd á þessa Deutsch-vél og á aðeins eftir að festa sætið.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

SAFNGRIPUR Elvar segir þennan vörubíl líklega einn af fyrstu bílunum sem var breytt hér á landi og telur sig geta gert hann upp.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

HLUTI SAFNSINS Elvar á skemmu þar sem hann geymir flesta bílana og dráttarvélarnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



ÁFRAM - Landsmót UMFÍ

**Morgundagurinn tilheyrir þeim sem æfir sig í dag.
Árangur krefst undirbúnings, einbeitingar og krafts á hárréttu augnabliki. Um allt land hefur fólk á öllum aldri undirbúið sig fyrir keppni á Landsmóti UMFÍ sem fram fer í Kópavogi dagana 5. - 8. júlí. Loksins er komið að sjálfri keppninni þar sem árangur þrotlausra æfinga brýst út í formi krafts, nákvæmni og snerpu.**

Toyota óskar UMFÍ til hamingju með 100 ára afmæli sambandsins og óskar öllum þátttakendum, gestum og skipuleggjendum ánægjulegra stunda á Landsmóti.

Hægt verður að skoða myndir og fylgjast með léttri og skemmtilegri umfjöllun um Landsmót á Toyota.is alla mótsdagana.

ÁFRAM Landsmót!

2007 LANDSMÓT UMFÍ
KÓPAVOGI 5.–8. JÚLÍ

TOYOTA

Svona erum við
> Fjöldi veiddra minka:



HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

baksvið
fréttir og fróðleikur

FBL-GREINING: ÍBÚÐALÁNASJÓÐUR

Stuðlar að jafnrétti í húsnæðismálum

Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra lækkaði lánsfjárhlutfall Íbúðalánasjóðs í áttatíu prósent í fyrradag. Hámarkslán er þó enn átján milljónir.

Hvað er Íbúðalánasjóður?
Íbúðalánasjóður er sjálfstæð ríkisstofnun sem veitir fólki, sveitarfélögum og félagasamtökum húsnæðislán til íbúðarkaupa og byggingarframkvæmda. Íbúðalánasjóður er fjárhagslega sjálfstæður og stendur undir lánveitingum og rekstri með eigin tekjum, að því er fram kemur á heimasíðu sjóðsins. Markmið hans er að stuðla að jafnrétti og öryggi í húsnæðismálum með lánveitingum og skipulagi. Guðmundur Bjarnason er framkvæmdastjóri sjóðsins.

Hvernig eru lánin?
Íbúðalánasjóður lánar allt að áttatíu prósentum af kaupverði húsnæðis, en þó aldrei meira en átján milljónir. Hver og einn getur aðeins átt eina íbúð með láni frá sjóðnum, nema í undantekningartilfellum. Ef umsækjandi um lán nær ekki að selja íbúð með áhvílandi láni frá Íbúðalánasjóði innan árs verður lánið gjaldfellt. Íbúðin verður auk þess að vera til eigin nota.

Fyrir hverju er lánað?
Einstaklingar geta tekið almenn lán til íbúðakaupa. Sveitarfélög, félög og félagasamtök geta tekið lán vegna leiguíbúða. Auk þess lánar sjóðurinn fyrir endurbótum og breytingum á húsnæði þegar þar býr einstaklingur með skerta starfsorku eða hreyfihömlun. Íbúðalánasjóður styrkir einnig rannsóknir háskólanema á sviði húsnæðismála og meistaranema í byggingariðngreinum fyrir góðan námsárangur.

SPURT & SVARAÐ
AUGLÝSINGAR UM ÞJÓNUSTUGJÖLD

ERNA JÓNSDÓTTIR
Sérfræðingur hjá Neytendastofu.

Miklar alhæfingar í þeim

Neytendastofa úrskurðaði í fyrradag að Samtök banka og verðbréfafyrirtækja hefðu brotið lög um óréttmæta viðskiptahætti þegar þau auglýstu að þjónustugjöld banka á Íslandi væru þau lægstu á Norðurlöndum. Erna Jónsdóttir er sérfræðingur hjá Neytendastofu.

Hvernig voru lögin brotin?
„Auglýsingarnar gáfu til kynna með miklum alhæfingum mun víðtækari verðkönnun en í raun var framkvæmd. Eingöngu var gerður samanburður á fáum þjónustuliðum. Vaxtamunur og lántökugjald var til dæmis ekki tekið inn í sem verður að teljast stór hluti af þjónustugjöldum sem neytendur borga til banka. Neytendastofa taldi því auglýsinguna vera ósanngjarna gagnvart neytendum þar sem umfang könnunarinnar gat ekki verið nægilegur grundvöllur fyrir þá víðtæku ályktun sem af henni var dregin.“

Hvert verður framhald málsins?
„Það verður ekki gert meira af okkar hálfu. Auglýsingarnar eru hættar að birtast en ef þær héldu áfram að birtast eftir úrskurð okkar gæti orðið um sektir að ræða.“

Svartasta skammdegið þungbærast

Fréttaflutningur af slysum, veikindum, ásökunum um kynferðislegri áreitni og hörmulegar aðstæður koma fljótlega upp í huga flestra þegar minnst er á framkvæmdirnar við Kárahnjúka og ítalska verktakafyrirtækið Impregilo. Oddur Friðriksson, yfirtrúnaðarmaður starfsfólks, hefur verið í hringiðunni miðri frá upphafi framkvæmdanna.

BESTI VINUR MANNSINS Í FANGI BESTA VINAR MANNANNA Á KÁRAHNJÚKUM Hundurinn Carlos, sem alla jafna er til heimilis hjá konu Odds í borginni, kemur af og til í heimsókn á hnjúkana og fær þá að flakka um óáreittur eins langt og hann hættir sér. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Oddur hóf störf sem yfirtrúnaðarmaður á Kárahnjúkum við upphaf framkvæmdanna, sumarið 2003. Hann hefur aðsetur í vinnubúðum eftirlitsaðila á svæðinu, og dvelur fyrir austan í tíu daga lotum. Þess á milli fær hann fjögurra daga frí sem hann nýtir til að heimsækja fjölskylduna.

Farið allt of hratt af stað
Oddur segir erfiðasta tímann hafa verið við upphaf framkvæmdanna. „Menn voru alls ekki nógu vel undirbúnir, það verður bara að segjast eins og er. Mánuði eftir að við byrjuðum voru komnir hérna 500 starfsmenn, ekkert húsnæði og enginn viðbúnaður.“

Hann segir langmesta stappið hafa verið að tryggja erlendu starfsmönnunum lágmarkskjör. „Þá voru starfsmannaleigurnar að koma fyrst til Íslands og það kunni enginn að höndla þær. Vendipunkturinn varð þegar við náðum loks samningum um það, 10. október 2004. Upp frá því urðu engar deilur.“

Þá segir hann mikinn tíma hafa farið í það að fá opinberar stofnanir, Vinnueftirlitið, Heilbrigðisstofnun, Vinnumálastofnun og fleiri, til að koma að verkinu. „Við þurftum að ganga í þessi hlutverk sjálfir fyrst. Við slökktum á vinnuvélum og þess háttar. Það er nánast að maður sakni þess tíma.“

Skammdegið leggst á sinnið
Fæstir þeirra sem starfa við verkið eru vanir aðstæðum eins og þeim sem við þeim taka á hálendi Íslands. Oddur segir kolsvart skammdegið yfir vetrartímann þungbærast fyrir starfsfólk. Hann þarf reglulega að ræða við fólk vegna slíkra erfiðleika. „Reykvíkingar eru lagstir í þunglyndi eftir fjögurra daga sólarleysi. Hvernig haldið þið að þetta sé í svartasta skammdeginu hérna uppi á fjöllum? Auðvitað leggst þetta á sinnið á mönnum. Það þarf ákveðnar manngerðir til að þola það að búa svona lengi í einangruðu 1.300 manna karlasamfélagi.“

Návígið hefur áhrif á andrúmsloftið
Fimm banaslys hafa orðið á Kárahnjúkum og virkjuninni í Fljótsdal, og þótt ekkert þeirra hafi orðið hjá Impregilo, stærsta verktakanum, segir Oddur að slík atvik fái mjög á allt samfélagið. Þá kom upp eitt afar alvarlegt atvik í fyrrasumar þar sem kínverskur starfsmaður Impregilo skaðaði sjálfan sig lífshættulega með hníf.

„Andinn breyttist hjá Kínverjunum við það,“ segir Oddur. „Við erum í svo einangruðu samfélagi að auðvitað tökum við svona öll inn á okkur. Návígið er svo mikið.“ Oddur tekur þó fram að oft fái svo alvarleg mál meira á Vesturlandabúana en aðra. „Mannslíf úti í Kína er einfaldlega ekki svo mikils virði.“

Kunnugt um kynferðislega áreitni
Umfjöllun um ítalska verktakafyrirtækið Impregilo og starfsemi þess á Íslandi hefur einkennst af mikilli neikvæðni og tortryggni. Fyrrum starfsmenn hafa stigið fram í fjölmiðlum, borið yfirmenn sína þungum sökum og sagt vinnuaðstæður á Kárahnjúkum afleitar.

Hrafndís Bára Einarsdóttir, fyrrum starfsmaður Impregilo, sakaði á dögunum yfirmenn um vonda framkomu og kynferðislega áreitni. Oddi er kunnugt um slík tilvik. „Jájá, það hafa konur leitað til mín vegna kynferðislegrar áreitni í einstaka tilvikum.“ Hann segir að fundað hafi verið um málið innan fyrirtækisins og í kjölfarið tekið á því. Síðan hafi ekkert slíkt komið upp.

Á dögunum kvartaði portúgalskur fyrrum starfsmaður yfir hörmulegum aðstæðum á sjónvarpsstöð í heimalandi sínu. Oddur tekur fálega í þær athugasemdir. „Portúgali sem var hér í 14 daga, þar af níu daga í ráminu. Mér finnst alveg athugunarvert hvað er mikið marktækt af því sem hann segir.“

Upplifir Ítalina ekki sem skíthæla
Mörgum misjöfnum sögum fer af Impregilo og áður en fyrirtækið hóf störf hérlendis höfðu kvittir komist á kreik um það hversu vafasamir starfshættir fyrirtækisins væru. „Ég var búinn að heyra allar þessar sögur áður en ég kom hérna,“ segir Oddur. „Ég lagðist yfir allar upplýsingar sem ég komst í á netinu en ákvað þó að allar þessar sögu yrðu einskis virði í mín eyru til að byrja með.“ Hann segist kunna ágætlega við Ítalina. „Ég upplifi þá ekki sem neina sérstaka skíthæla. Hvað er að gerast annars staðar í Evrópu eða í Afríku er bara ekki eitthvað sem mér kemur við. Þeim sem ég hef kynnst hérna eru bara menn eins og ég og þú.“

FRÉTTAVIÐTAL
STÍGUR HELGASON
stigur@frettabladid.is

Í AÐGÖNGUM KÁRAHNJÚKAVIRKJUNAR Impregilo lá fyrr á árinu undir ámæli fyrir að vanrækja starfsmenn sína eftir að gangaverkamenn veiktust í tugatali. Oddur segir menn hafa leitað til sín vegna aðstæðnanna, og öryggisráðið á staðnum, sem hann á sæti í, hafi í kjölfarið fundað stíft um málið. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Sumar og sól!

bonus.is

250 ml
189 KR.

Froosh 100% pure fruit smoothie strawberry & banana

Froosh 100% pure fruit smoothie mango & orange

Pascual jógúrtið
er ekki kælivara
FÍNT Í FERÐINA!

40% afsláttur við kassann

Fituminna hangiálegg
KÍLÓVERÐ NÚ:
1689 KR.
Merkt verð: 2825KR.

Smyrill 300g
89 KR.

Hálft kíló!
129 KR.

Gott á grillið!

Grill svínakótelettur
KÍLÓVERÐ NÚ:
1019 KR.
Merkt verð: 1698KR.

40% afsláttur við kassann

Grillkryddaðar svínakótelettur

4x 125g jógúrt
Allar tegundir
167 KR.

Villi lambasirloin
KÍLÓVERÐ NÚ:
1298 KR.

Villikryddaðar lambasirloinsneiðar

10x 120g hamborgarar
998 KR.
Frosnir og fínir í ferðina

25% afsláttur við kassann

Ísl. lambaframhryggjarsneiðar
KÍLÓVERÐ NÚ:
1349 KR.
Merkt verð: 1798KR.

Grillkryddaðar lambaframhryggjarsneiðar

4 XL Bónus hamborgarabrauð
79 KR.

Nautaats grillborgarar
120g x 10
Innflutt úrvals ungnautahakk
85% ungnautahakk/15% prótín og vatn

www.bonus.is

> Kíló af kjötfarsi á ári



HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

neytendur
hagur heimilanna

NEYTANDINN: ELÍN ARNAR, RITSTJÓRI VIKUNNAR

Liturinn segir ekki allt um bílinn

„Verstu kaupin sem ég hef gert um ævina eru sennilega þegar ég keypti fyrsta bílinn minn. Þetta var pínulítill appelsínugulur Suzuki sem dó daginn eftir að ég keypti hann. Ég held meira að segja að ég hafi ekki náð einni ferð klakklaust á honum frá A til B," segir Elín Arna, ritstjóri Viknunnar og tekur fram að þarna hafi ekki öll kurl verið komin til grafar enda var Suzukimartröðin ekki á enda eftir að bíllinn gaf upp öndina: „Best af öllu var að ég hafði náttúrlega ekki vit á því að taka númerin strax af honum þar sem maður kann svo lítið á heiminn þegar maður er sautján ára. Ég endaði því á að þurfa að borga tryggingar af ónýtum bíl. Ég lærði þrennt af þessum kaupum. Í fyrsta lagi borgar sig að taka ónýtan bíl af númerum, í öðru lagi segir liturinn ekki allt um bílinn og í þriðja lagi er ekki gáfulegt að rífast við starfsfólk sem vinnur hjá Ríkinu." Bestu kaupin segir Elín vera skókaup enda er hún mikil skóáhugamanneskja.

„Bestu kaupin sem ég hef gert er að fjárfesta í tólf sentimetra háum hælaskóm frá Aldo sem gera mér kleift að horfast í augu við fólk án þess að fá hálsríg en þeir eru samt jafn þægilegir og Nike íþróttaskór. Ótrúlegt en satt."

GÓÐ HÚSRÁÐ
SPEGLAR OG DAGBLÖÐ

■ *Sigríður Ásta Árnadóttir hönnuður veit alveg hvað á að gera við gömul dagblöð.*

„Það er algjört þjóðráð að pússa alla spegla og gler heimilisins með dagblöðum. Þetta lærði ég af vinnufélaga mínum, 40 árum eldri, sem alltaf var sípússandi búðina þar sem við afgreiddum." Hún segir dagblaðapappírinn ekki skilja eftir ló á glerinu og segir prentsvertuna hafa undrakraft. „Samt er betra að láta síður sem eru alveg heilprentaðar í lit eiga sig. Sérstaklega þykir mér gaman að nota íþróttasíðurnar í þetta því þær eru svo leiðinlegar," segir Sigríður Ásta.

■ **Ferðaskrifstofur**

Hvers vegna ekki lægra verð?



Á heimasíðu Neytendasamtakanna kemur fram að fjölmargir hafi haft samband við Neytendasamtökin og kvartað vegna þess að ferðskrifstofur lækka ekki verð hjá sér vegna styrkingar krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum frá síðustu áramótum. Neytendasamtökin minna á að stór hluti af útgjöldum ferðaskrifstofa er í erlendri mynt og með því að lækka ekki verð eru ferðaskrifstofurnar að auka álagningu sína.

■ **Bílar**

Umhverfisvænir bílar ekki til

Kia Motors í Svíþjóð hefur verið bannað að markaðssetja Picanto Eco sem „umhverfisvænan". Þetta kemur fram á heimasíðu Neytendasamtakanna. Umboðsmaður neytenda í Svíþjóð segir markaðssetninguna villandi þar sem bílar hafi í grunninn mjög slæm áhrif á umhverfið. Kia Motors í Svíþjóð hefur í kjölfarið lofað að hætta við auglýsinguna.

■ **Sólarvörn fyrir börn**

Veljið rétt



Þegar sólarvörn er valin fyrir börn er mikilvægt að velja vörn sem er ætluð börnum. Hægt er að fá sólarvörn sem þolir vatn og jafnvel sand og einnig sólarvörn fyrir viðkvæma húð en börnum er hættara við að fá ofnæmi en fullorðnum. Nauðsynlegt er að bera á húðina hálftíma áður en farið er út í sólina og síðan á tveggja klukkustunda fresti þegar sólin skín.

■ **Flugur**

B-vítamín og bit

Flugna- og skordýrabit eru þreytandi fylgifiskar sólarlandaferða. Moskítóbit eru sérlega pirrandi og algeng í röku loftslagi. Til að fyrirbyggja moskítóbit er meðal annars hægt að kaupa krem sem fæla fluguna frá og tæki sem stungið er í samband sem hefur sömuleiðis fælandi áhrif. Ef fólki er virkilega alvara er sigurstranglegt að byrja að taka inn B-vítamíntöflur eða fólinsýrutöflur mánuði fyrir brottför. Við það framkallar líkaminn ákveðna lykt sem flugan þolir ekki og hún velur einhvern annan en þig til að bíta.

SAGA LOUNGE-SETUSTOFA ICELANDAIR Enginn greinarmunur er gerður á fullorðnum gestum og börnum korthafa samkvæmt reglum Icelandair.

Börn ekki velkomin í setustofu

Börn korthafa sem hafa aðgang að Saga Lounge eru flokkuð sem gestir og fá ekki aðgang í setustofuna. „Stendur ekki til að breyta reglunni," segir forstöðumaður þjónustudeildar Icelandair.

NEYTENDUR „Reglan er sú að einungis Gullkorthafar í Vildarklúbbnum mega taka með sér gest í Saga Lounge-setustofu Icelandair. Hinum, sem hafa aðgang að setustofunni, er ekki heimilt að taka með sér gest þó um sé að ræða þeirra eigið barn," segir María Rún Hafliðadóttir, forstöðumaður þjónustudeildar Icelandair.

Saga Lounge er sérstök setustofa í Leifsstöð þar sem öll aðstaða er hin þægilegasta fyrir þreytta ferðalanga. Þeir sem hafa aðgang að setustofunni eru meðal annars Saga Class-farþegar, Saga Gull- og Silfurkorthafar í Vildarklúbbnum, Platínumkorthafar frá Visa tengd Vildarklúbbi Icelandair og Viðskiptakorthafar frá Mastercard.

„Ef maður ert með kort og á því stendur að maður hafi einn aðgang að setustofunni og megi ekki taka með sér gest þá flokkast barnið manns einnig sem gestur. Það stendur ekki til að breyta þessari reglu að svo stöddu."

María segir börn velkomin í setustofuna sem gestir Gullkorthafa í Vildarklúbbnum eða þau farþegar á Saga Class en hún segir að það sé alltaf að aukast að fólk bóki börn sín á Saga Class.

María Rún bendir einnig á að venjulegur Saga Class-farþegi borgi hærri fargjöld en aðrir og er með því að leita eftir hvíld, ró og næði á ferðalagi sínu eins og allir aðrir sem sækja stofuna en þar er hægt að sitja í þægilegum sófum, horfa á sjónvarp, fara á internetið og fá sér hressingu.

larab@frettabladid.is

Íslenskur læknir í Svíþjóð býður fram þjónustu sína:

Lyf í pósti frá Svíþjóð

HEILBRIGÐISMÁL Hægt er að fá ódýr lyf frá Svíþjóð með því að fara inn á vefsíðuna minlyf.net. Aðalsteinn Arnarson læknir heldur úti síðunni.

Á heimasíðu Neytendasamtakanna kemur fram að landlæknir taki vel í þetta framtak. Hann bendir á að ástæðan fyrir háum lyfjakostnaði sé ekki síst sú að hér á landi vanti meiri samkeppni um verð á samheitalyfjum.

Póstverslun með lyf á Íslandi er bönnuð og Aðalsteinn veit að hann er á gráu svæði. „Hins vegar má segja að aðilar hér á landi sendi lyf með pósti og er það þá ekki póstverslun?" spyr Aðalsteinn. „Einnig má senda lyf frá útlöndum og flytja inn sem einstaklingur. Má þá ekki senda vini sínum lyf? Það verður fróðlegt að sjá hvernig Lyfjastofnun túlkar þetta."

- pal

VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK

vilborga@centrum.is

Hreinn sparnaður

Ef þú kaupir Miele þvottavél eða þurrkara færðu kaupverðið endurgreitt með betri meðferð á þvottinum

Miele

Þurrkari T223
- Verð frá kr. 78.540

- Íslenskt stjórnborð
- Ný og betri tromla
- Verð frá kr.106.600

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Baldursnes 6, Akureyri | Suðurlandsbraut 20, Reykjavík Sími 588 0200 | www.eirvik.is

KRÓNAN

fyrst og fremst...

...í sumar!

22% afsláttur

1298 kr. kg.

Goða grísakótelettur karabian

33% afsláttur

1685 kr. kg

Ferskar kjúklingabringur

398 kr. pk.

4 stk. grillborgarar og brauð

ÓDÝRT Í FERÐALAGIÐ!

99 kr. 2 l

Appelsín eða Mix

798 kr. pk.

Grísagrillpinnar 3 stk í pakka

389 kr. pk.

Freschetta pizzur XL pakkar

119 kr. pk.

Myllu heilhveitibrauð

56 kr. stk.

Kókómjólk 250 ml

399 kr. pk.

Cheerios 992g tvöfaldur pakki

Línu samloka m/rækjum, roastbeef eða hangikj/salati

Vefurinn: Partalistinn

Ef þú þarf að selja gömlu fartölvuna eða vantar ódýran iPod er Partalistinn fyrsta stopp. Íslenskur smáauglýsingavefur með áherslu á tækni- og tölvutengda hluti.
www.partalistinn.net

tækni&vísindi

taekni@frettabladid.is

SKÝRING: PÓKER Á INTERNETINU

Fjárhættuspil fyrir framan tölvuskjáinn

Póker nýtur mikilla vinsælda hér á landi líkt og víða um heim. Þeir sem eiga ekki nógu marga pókeráhugamenn í vinahópnum geta nýtt sér tæknina og spilað póker við þúsundir manna í gegnum internetið. Nokkrir Íslendingar hafa meira að segja atvinnu af pókerspilun í gegnum netið.

Hvernig spilar maður póker á netinu?
Fyrst þarf að skrá sig á síðu sem býður upp á pókerspilun og í flestum tilfellum hala niður sérstöku forriti sem notað er til að spila. Ef ætlunin er að spila upp á peninga þarf einnig að gefa upp greiðslukortanúmer. Þá er hægt að byrja að spila með því að „setjast" við eitthvert af þeim borðum sem eru í boði.

Kostar þetta ekki mikla peninga?
Langflestir sem spila póker á netinu veðja einhverju fé, en upphæðirnar þurfa ekki endilega að vera svimandi háar. Byrjendur spila oftast á borðum þar sem 5-10 krónum er veðjað í einu, og potturinn nær sjaldnast hundrað krónum. Lengra komnir geta spilað á borðum með engu hámarki.

Er þetta löglegt?
Já. Síðurnar sem bjóða upp á pókerspilun eru allar hýstar erlendis og engin til lög sem banna Íslendingum að nota þær.

Get ég treyst þessum síðum fyrir peningunum mínum?
Ekki er hægt að fullyrða um heiðarleika allra pókersíðna á netinu, en á bak við þær stærstu eru fyrirtæki með tugi þúsunda viðskiptavina. Engin sérstök ástæða er til að vantreysta þeim frekar en öðrum fyrirtækjum sem stunda viðskipti í gegnum netið.

TÆKNIHEIMURINN

Hálf milljón á einni helgi

Yfir fimm hundruð þúsund iPhone símar seldust um síðustu helgi, en síminn kom út á föstudaginn. Gripurinn er uppseldur í flestum verslunum í Bandaríkjunum. Síminn stendur Bandaríkjamönnum aðeins til boða, en Evrópubúar ættu að fá hann í lok þessa árs.

Síminn hækkar mínútuverð

Mínútuverð hjá viðskiptavinum Símans hækkaði þann 1. júlí. Þegar hringt er úr heimasíma í annan heimasíma kostar mínútan 1,85 krónur, en kostaði 1,75 krónur áður. Hækkunin nemur tæpum sex prósentum. Mínútuverð símtals milli heimasíma og GSM-síma hækkaði einnig um rúm sex prósent, eða úr sextán krónum í sautján.

Hafa ekki undan eftirspurn

Wii-leikjavélin frá Nintendo hefur selst geysivel síðan hún kom út. Algengt er að sjá raðir fyrir utan tölvuleikjaverslanir í Bandaríkjunum þegar ný sending kemur, þó vélin hafi verið á markaðnum í sjö mánuði þarlendis. Í Japan seljast sex Wii-tölvur á móti hverri PlayStation 3 tölvu, sem Sony framleiðir.

Gates ekki lengur ríkastur

Bill Gates, stjórnarformaður Microsoft, er ekki lengur ríkasti maður heims, eftir því sem breska blaðið The Guardian heldur fram. Sá sem velti Gates úr sessi er mexíkóskur auðjöfur að nafni Carlos Slim, og eru eignir hans metnar á um 4.200 milljarða íslenskra króna. Hann hefur grætt mest á umsvifum sínum á fjarskiptamarkaði Mexíkó og víðar í Mið-Ameríku.

Blindir og sjónskertir taka tæknina í sína þjónustu með nýju upplestrartæki:

Skanni sem les texta upphátt

Blindrafélagið hefur tekið í notkun tæki sem les upphátt texta úr bókum og blöðum. Tækið, sem nefnist Poet Compact eða Skáldið, líkist venjulegum skanna en er í rauninni tölva sem skannar texta, greinir hann og les upphátt með tölvurödd.

„Áður en Skáldið kom til sögunnar þurfti blindur einstaklingur að skanna blaðsíðu inn í hefðbundna tölvu, nota sérstakt forrit til að greina textann, opna textann í öðru forriti og láta svo enn eitt forritið lesa hann upp. Með þessu tæki er búið að fækka skrefunum í eitt: að ýta á einn takka," segir Jón Sigurgeirsson, tölvari hjá Blindrafélaginu. „Þetta kemur sér einstaklega vel fyrir eldra fólk sem hefur ekki mikla tölvukunnáttu en vill geta lesið blaðagreinar og reikninga hjálparlaust."

Tækið les og skilur aðeins ensku, en hægt er að skipta um talgervil í því. Blaðamaður fékk að heyra eina blaðsíðu úr handbók tækisins lesna upp og skildi hann vel hvað kvenröddin sagði.

Áform eru uppi um að setja íslenska talgervilinn Röggu upp í tækinu ef það reynist vel. Skáldið verður prófað hjá Blindrafélaginu fram í ágúst. **- sþs**

LESTRARHESTUR Jón Sigurgeirsson hjá Blindrafélaginu vinnur þessa dagana við að prófa tækið. Ef það reynist vel er hugmyndin að setja upp íslenskan talgervil í því.
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

ÍSLENSKA/SIA.IS/UTI 38062 06/07

Meindl Island Pro GTX
Flokkun BC
„Einn sá allra besti"
Heil tunga og vandaður frágangur.
Ótrúlega léttir! Þyngd: 830g (stærð 42).
GTX vatnsvörn.
MFS fóður lagar sig að fætinum.
Vibram veltisóli með fjöðrun.
Sérlega góður stuðningur við ökklann.
Einnig fáanlegir í dömustærðum, bláir.
Verð **24.990 kr.**

Meindl Vakuum GTX MF
NÝJUNG! MFS „passar betur"
Flokkun B
Nubuk leður.
Hár gúmmíkantur, meiri ending!
MFS fóður lagar sig að fætinum.
Gore Tex vatnsvörn.
Vibram sóli.
Verð **22.990 kr.**

Meindl Air Revolution GTX
Flokkun B
Hönnun sem miðar að hámark öndun.
Ótrúlega léttir! Þyngd: 630g (st.37).
Gore Tex vatnsvörn.
Vibram veltisóli með fjöðrun.
Fáanlegir í dömu- og herraútfærslum.
Verð **22.990 kr.**

Meindl Colarado lad
Flokkun B
Nubuk leður.
Gore Tex vatnsvörn.
Multigriff sóli.
Þyngd: 750g (stærð 42).
Einnig til í herraútfærslu.
Tilboð 17.990
Verð áður 19.990 kr.

*Við skiptum skónum hjá okkur í flokka eftir því til hvaða notkunar þeir eru hugsaðir. **A**: Fyrir auðvelda göngu og daglega notkun • **AB**: Fyrir göngu á slóðum og láglendi • **B**: Fyrir lengri göngur og bakpokaferða*

VÍSINDAHEIMURINN

Efast um loftslagsbreytingar

56 prósent Breta telja að vísindamenn deili enn um hvort loftslagið sé að breytast af völdum mannsins. Þetta eru niðurstöður könnunar sem rannsóknarfyrirtækið Ipsos Mori gerði í Bretlandi í júní. Varaforseti breska vísindasamfélagsins sagði almenning hafa látið blekkjast af fólki sem afskræmir vísindin.

Júpíter hefur fataskipti



Rendur á yfirborði Júpíters eru að breytast. Hvít svæði eru orðin brún og þau brúnu eru að lýsast upp. Vísindamenn telja árstíðaskipti vera orsakavaldinn, en eitt Júpíterár jafnast á við tólf jarðarár.

Sviffugl með sjö metra vænghaf

Stærsti fugl sem nokkurn tímann hefur flogið um himininn var að öllum líkindum eins konar sviffugl. Í stað þess að blaka vængjunum eins og venjulegir fuglar stökk hann fram af klettum eins og svifflugmaður til að komast á loft. Hópur bandarískra vísindamanna hefur rannsakað flughætti fuglsins, sem flaug yfir Argentínu fyrir sex milljón árum.

Atlantis fær far heim

Geimskutlan Atlantis flaug frá lendingarstað sínum í Kaliforníu til Kennedy-geimstöðvarinnar í Flórída í fyrradag. Hún flaug þó ekki ein, heldur fékk far ofan á þaki Boeing 747-flugvélar.

Gæti fætt systur sína

Kanadísk móðir hefur látið frysta egg úr sér til að sjö ára dóttir hennar geti notað þau í framtíðinni. Dóttirin, Flavie Boivin, getur ekki eignast börn vegna meðfædds sjúkdóms. Noti hún egg móður sinnar mun hún eignast barn sem er líka hálfsystkini hennar.

Græða á höfundarréttarbrotum

Á heimasíðu Istorrent geta netnotendur dreift tónlist, kvikmyndum, sjónvarpsþáttum og tölvuleikjum að vild. Nánast allt efnið er sett á vefinn án leyfis höfundarrétthafa. Aðstandendur Istorrent taka nú við peningagreiðslum gegn því að viðkomandi fái að hala niður meira af efni.

Síðastliðinn mánudag var haldin svokölluð „deilimagnssala“ hjá skráskiptasvæðinu Istorrent. Þar var notendum síðunnar boðið að borga 500 krónur og fá í staðinn að hala niður tíu gígabætum af gögnum í gegnum Istorrent. Daginn eftir höfðu tæplega fjögur hundruð þúsund krónur verið lagðar inn á reikning Svavars Lúthers-sonar, forsprakka Istorrent.

SNÆBJÖRN STEINGRÍMSSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI SMÁÍSS

„Við erum ennþá að telja styrkina, það er mikið eftir,“ segir Svavar. „Það er ekki hugmyndin að peningurinn fari í minn vasa, en það má búast við að hann fari í rekstur Istorrent og aðra tengda hluti.“

Hann segir engan skatt greiddan af fénu. „Þar sem Istorrent er ekki að vinna í hagnaðarskyni þá er peningurinn skattfrjáls. Ég hringdi í Ríkisskattstjóra og þeir virtust vera sammála mér í því.“

Aðspurður hvort honum finnist ekkert athugavert við að selja leyfi til að hala niður efni sem er í langflestum tilfellum dreift á ólöglegan hátt segir Svavar svo ekki vera. „Við göngum út frá því að þeir sem senda inn efni hafi til þess leyfi þangað til annað kemur í ljós.“

SVAVAR LÚTHERSSON, STOFNANDI ISTORRENT

Samtök myndrétthafa á Íslandi, Smáís, hafa lengi haft horn í síðu Istorrent, enda segja þeir höfundarréttarbrot stunduð daglega á síðunni. Snæbjörn Steingrímsson, framkvæmdastjóri Smáíss, segir ljóst að lögbrot Svavars séu komin á annað stig sé hann farinn að selja deilimagn á síðunni fyrir pening.

„Ef starfsemin er í hagnaðarskyni þá horfir málið öðruvísi við. Það er bara tímaspursmál hvenær lögreglan fer að rannsaka þetta,“ segir hann. „Við skiljum sjálfir lítið í aðgerðaleysi yfirvalda, en það er mannekla hjá þeim og mikið að gera.“

„Þegar menn eru farnir að reyna að hafa tekjur af athæfi sem er síðan dæmt lögbrot þá gerir það málið alvarlegra,“ segir Björn Þorvaldsson, saksóknari efnahagsbrota hjá Ríkislögreglustjóra. „Það er þá oftast metið til refsiþyngingar fyrir dómstólum.“

salvar@frettabladid.is

NIÐURHAL Notendur Istorrent eru nú orðnir yfir tuttugu þúsund. Þeir geta halað niður bíómyndum, geisladiskum og öðru höfundarréttarvörðu efni án þess að greiða fyrir það krónu. Stjórnendur síðunnar hafa þó fengið töluvert fé frá notendum .

MILLJÓNASEKT Í FINNLANDI

Finreactor var finnsk torrent-síða sem svipaði til hinnar íslensku Istorrent. Notendafjöldi var á svipuðum skala og hlutverk síðunnar það sama. Árið 2004 gerði finnska lögreglan húsleit hjá stjórnendum síðunnar og voru þeir kærðir fyrir brot á höfundarréttarlögum. Í lok síðasta árs féll dómurinn: Samtals þurfti 21 maður að greiða um fjörutíu milljónir í sekt.

Snæbjörn Steingrímsson, framkvæmdastjóri Smáíss, segist vonast eftir svipuðum dómi í máli Istorrents. „Menn verða að vera ábyrgir fyrir því sem þeir gera.“

Svavar Lúthersson, stofnandi Istorrent, segist sjálfur ekki hafa áhyggjur. „Mér finnst mjög hæpið að nota þennan dóm sem einhvers konar samanburð. Lögin eru öðruvísi, dómshefðir eru öðruvísi og aðstæður eru öðruvísi. Ef vefurinn verður dæmdur ólöglegur er ekki þar með sagt að það verði einhverjar milljónir í sekt.“

Meindl Main Mid GTX
Flokkun AB
Mjúkir léttir og þægilegir.
Nubuk leður.
Gore Tex vatnsvörn.
Þyngd: 520g (stærð 42).
Einnig til í dömuútfærslu.
Verð **15.990 kr.**

TNF Pinyon Mid GTX XCR
Flokkun A
Strigaskór á sterum!!
Gore Tex XCR vatnsvörn.
Súperléttur gönguskór í léttari notkun.
Nubuk leður og nylon.
Til í dömuútfærslu.
Verð **13.990 kr.**

Fyrir göngu-garpa sumarsins

ÚTILÍF

SMÁRALIND SÍMI 545 1550 • GLÆSIBÆ SÍMI 545 1500 • KRINGLUNNI SÍMI 545 1580

*lög • **BC**: Fyrir erfiðari göngur og fjallabrölt • **C**: Fyrir alpagöngur, kletta, ís og brodda*

KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

OMX ÍSLAND 15
8.541 **+1,%**

Fjöldi viðskipta: 602
Velta: 18.191 milljónir

MESTA HÆKKUN

EXISTA	3,61%
ICELANDAIR GROUP	3,21%
KAUPTHING BANK	2,85%

MESTA LÆKKUN

MOSAIC FASHION	0,58%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Actavis 89,60 0,00% ... Atorka 8,63 +0,82% ... Bakkavör 69,50 +0,58% ... Eimskipafélagið 40,10 +0,25%... Exista 35,90 +3,61 ... FL Group 30,05 +0,50% ... Glitnir 28,90 +0,00% ... Kaupþing 1.190 +2,85% ... Icelandair Group 28,95 +3.21 ... Landsbankinn 39,20 +1,42% ... Marel 75,70 -0,26% ... Mosaic Fashions 17,00 -0,58% ... Straumur-Burðarás 22,20 1,60% ... Teymi 5,25 ... Össur 106,50 +0,00%

viðskipti
Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Peningaskápurinn...

Góður viðskiptahættir Milestone
Nefnd á vegum Sænsku kauphallarinnar hefur úrskurðað að Racon Holdings, sænskt dótturfélag Milestone, hafi að öllu leyti fylgt yfirtökureglum og góðum viðskiptaháttum við yfirtöku á sænska tryggingarfélaginu Invik. Nokkrir stórir fjárfestingar- og lífeyrissjóðir í Svíþjóð voru ekki á eitt sáttir við það verð sem Milestone bauð og sendu því erindi til nefndarinnar. Sjóðirnir mótmæltu því að tíu prósentum hærra verð væri greitt fyrir A-hlutabréf Inviks sem bera meiri atkvæðisrétt en B-bréf og töldu fyrirkomulagið brjóta gegn góðum viðskiptaháttum. Milestone lagði í vor fram ríflega sjötíu milljarða tilboð í Invik. Ekkert er því lengur til fyrirstöðu að Milestone afskrái félagið úr Kauphöllinni í Stokkhólmi.

Blacstone kaupir Hilton
Bandaríska fjárfestingarfélagið Blackstone, sem skráð var á markað vestanhafs fyrir um hálfum mánuði, hefur keypt Hilton-hótelkeðjuna, eina af stærstu hótelkeðjum í heimi. Kaupverð nemur 26 milljörðum dala, jafnvirði heilla 1.615 milljarða íslenskra króna. Greitt verður fyrir keðjuna í reiðufé.
Kaupverð á hlut nemur 47,5 dölum en það er 32 prósentum yfir lokagengi bréfa í keðjunni á þriðjudag þegar tilboðið var lagt fram.
Gert er ráð fyrir því að viðskiptunum ljúki í árslok.

MARKAÐSPUNKTAR

Matsfyrirtækið Fitch hefur uppfært lánshæfiseinkunnir Singer & Friedlander, banka Kaupþings í Bretlandi. Stuðningseinkunn bankans stendur í tveimur en bankinn fær langtímaeinkunnina A en skammtímaeinkunnina F1. Horfur eru stöðugar.

Samkeppnisyfirvöld ESB hafa dæmt spænska símafyrirtækið Telefonica til að greiða jafnvirði 12,8 milljarða króna í sekt vegna samkeppnishamlandi brota. Þetta er hæsta greiðsla í Evrópu af þessum toga.

Gengi bréfa í bandaríska félaginu AMR hefur hækkað um ellefu prósent á rúmum hálfum mánuði og stóð í 28,36 dölum á hlut á þriðjudag. Greining Glitnis segir um 8,5 prósenta hlut FL Group í félaginu nema 36 milljörðum króna.

Vilja úrbætur hjá NordVest

Fjármálaeftirlitið (FME) hefur komist að þeirri niðurstöðu í kjölfar úttektar að umgjörð um regluvörslu NordVest Verðbréfa hf. hafi verið ófullnægjandi.

FME gerir alvarlegar athugasemdir við að tilnefning regluvarðar hafi ekki verið staðfest af stjórn og að ekki hafi verið haldin skrá um viðskipti starfsmanna.

Gagnrýnt er að ekki var sérstaklega haldið utan um viðskipti starfsmanna og stjórnenda og verið dæmi þess að starfsmenn seldu hlutabréf sama dag og þau voru keypt. Þá gerði FME athugasemdir um aðgreiningu starfssviða og að starfsmenn störfuðu samtímis á fleiri en einu starfssviði. Þá var fundið að því að skorti á svokallaða kínamúra milli ólíkra starfssviða. **- jab**

Mosaic Fashions hf

Yfirtökutilboð til hluthafa í Mosaic Fashions hf.

Tessera Holding ehf.
býðst til að kaupa hlutabréf þín
í Mosaic Fashions hf.

Þann 22. júní 2007 gerðu F-Capital ehf., Kaupþing banki hf., Gnúpur fjárfestingafélag hf., Kevin Stanford, Karen Millen, Millen Life Interest Settlement, Don M Limited, Donald McCarthy, Tessera Holding ehf. og tilteknir stjórnendur Mosaic Fashions hf. með sér samkomulag um stjórnun og rekstur Mosaic Fashions hf. Þessir aðilar eiga samtals 64,4% af útgefnu hlutafé í Mosaic Fashions hf. og ráða yfir sama hlutfalli af atkvæðisrétti í félaginu. Samkvæmt 37. gr. laga nr. 33/2003 um verðbréfaviðskipti hefur samkomulag aðilanna í för með sér skyldu til þess að gera öðrum hluthöfum yfirtökutilboð, þ.e.a.s. tilboð um að kaupa hluti þeirra í félaginu.

Tilboðshafar
Tilboðið tekur til allra hluta í Mosaic Fashions hf. sem ekki eru í eigu samstarfsaðilanna á þeim degi sem tilboðið er sett fram. Hluthafar sem skráðir eru í hlutaskrá Mosaic Fashions hf. við lokun viðskipta þriðjudaginn 3. júlí 2007 munu fá sent tilboðsyfirlit, samþykkiseyðublað og svarsendingarumslag.

Framangreind gögn er einnig hægt að nálgast hjá fyrirtækjaráðgjöf Kaupþings banka hf., Borgartúni 19, Reykjavík. Tilboðsyfirlitið er auk þess hægt að nálgast á vefsíðu bankans (http://www.kaupthing.is) og í fréttakerfi OMX Norrænu kauphallarinnar Íslandi (http://www.omxgroup.com/nordicexchange).

Umsjónaraðili
Fyrirtækjaráðgjöf Kaupþings banka hf. hefur umsjón með yfirtökutilboðinu fyrir hönd tilboðsgjafans. Nánari upplýsingar veita ráðgjafar bankans í síma 444-7000.

Tilboðsverð
Verð samkvæmt tilboðinu er 17,5 krónur fyrir hvern hlut, kvaða- og veðbandalausan. Tilboðsgjafinn og samstarfsaðilarnir hafa ekki greitt hærra verð fyrir hlutafé í Mosaic Fashions hf. á síðustu 6 mánuðum áður en tilboðið er sett fram.

Gildistími tilboðs
Tilboðið gildir frá kl. 9 árdegis mánudaginn 9. júlí 2007 til kl. 4 síðdegis þriðjudaginn 7. ágúst 2007. Verður samþykki að hafa borist umsjónaraðila fyrir lok gildistímans.

Afskráning
Í kjölfar yfirtökutilboðsins munu tilboðsgjafinn og samstarfsaðilarnir fara fram á það við stjórn Mosaic Fashions hf. að hlutabréf félagsins verði afskráð úr OMX Norrænu kauphöllinni Íslandi.

KAUPÞING

Hallinn helmingi minni en í fyrra

Vöruskiptahallinn minnkaði um helming fyrstu sex mánuði árs. Flugvélainnflutningur skekkti myndina í upphafi árs að sögn sérfræðings Glitnis.

Vöruskiptahalli nam 37,2 milljörðum króna fyrstu sex mánuði árs og hefur minnkað um tæpan helming frá því í fyrra, samkvæmt bráðabirgðatölum frá Hagstofu Íslands. Á sama tímabili í fyrra var vöruskiptajöfnuður óhagstæður um 74,7 milljarða króna.

Fram kemur á vefsíðu greiningar Glitnis að verulega hafi dregið úr halla á vöruskiptum það sem af er ári. Jón Bjarki Bengtsson, sérfræðingur hjá greiningu Glitnis, telur samdrátt í innflutningi á fjárfestingavörum og aukinn útflutning hafa átt stærstan þátt í minnkandi vöruskiptahalla „Samdráttur í innflutningi var viðbúinn enda verið að klára stóriðjuframkvæmdir fyrir austan og í Hvalfirði, sem hefur síðan í för með sér aukinn útflutning. Við þetta bættist að í vetur dró úr þessum sveiflukenndustu liðum neysluinnflutnings, til að mynda innflutningi á bílum, heimilistækjum og raftækjum.“

Sá hraði viðsnúningur sem varð í upphafi árs gaf þó ranga mynd af raunverulegri þróun að mati Jóns Bjarka. „Batinn varð óvenju hraður á fyrstu mánuðum ársins. Þær tölur áttu sér hins vegar ekki alveg rætur í raunverulegum veruflutningum. Til að mynda keypti Avion Group nokkrar flugvélar undir lok síðasta árs og seldi þær síðan

strax aftur í ársbyrjun. Enn og aftur rekum við okkur á það að í okkar pínulitla hagkerfi þarf svo lítið til að hagtölur skekkist.“

Útflutningur í júní nam 20,1 milljarði íslenskra króna, en innflutningur 29,7 milljörðum. Í fyrra nam vöruskiptahallinn í júní 15,4 milljörðum króna.

Nokkurt bakslag hefur orðið í þróun vöruskiptahallans, sem minnkaði snögglega í upphafi árs. Jón Bjarki segir hluta skýringarinnar liggja í því að útflutningur á áli hefur ekki aukist jafn hratt og búist var við eftir að álversframkvæmdum lauk í Hvalfirði „Stækkun álversins í Hvalfirði virðist ekki hafa skilað sér að fullu í útflutningstölunum. Síðan hefur aftur komið kippur í bílainnflutning. Maður þarf heldur ekki annað en að taka smá rúnt um bæinn til að sjá að það er stuð á neytandanum. Aðstæður heimilana eru enda mjög góðar.“ **jsk@frettabladid.is**

Í SAL SEÐLABANKANS Arnór Sighvatsson aðalhagfræðingur, Ingimundur Friðriksson, Eiríkur Guðnason og Davíð Oddsson bankastjórar Seðlabanka Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Litlar líkur sagðar á breyttum vöxtum

Stjórn Seðlabanka Íslands ákveður stýrivexti í dag.

Ekki er búist við að Seðlabanki Íslands breyti stýrivöxtum bankans úr 13,3 prósentum, en bankinn kynnir ákvörðun sína núna í morgunsárið. Fyrri framsetning hljóðaði reyndar upp á 14,25 prósent, en niðurstaðan er þó sú sama því nú eru birtir *nafnvextir* í stað *ávöxtunar á ári* áður.

Greinendur efnahagsmála búast þó við allhörðum tóni frá bankanum vegna vísbendinga um aukna einkaneyslu á vordögum auk þess sem velta á fasteignamarkaði hefur verið heldur meiri en bankinn gerði ráð fyrir.

Í Markaðnum í gær kemur fram í máli Ásgeirs Jónssonar forstöðumanns greiningardeildar Kaupþings að 80 prósenta þak á útlán íbúðalánasjóðs og væntur niðurskurður í aflaheimildum samkvæmt ráðleggingum Hafrannsóknastofnunar hafi að líkindum ekki áhrif á vaxtaákvarðanir bankans fyrsta kastið, en þensluhemjandi áhrif aðgerðanna gætu þó orðið til þess að vextir lækki hraðar eftir að vaxtalækkunarferli bankans hefst. Greinendur spá því flestir að það gæti orðið í nóvember. **- óká**



Máttur kvenna

Háskólinn á Bifröst býður upp á 11 vikna rekstrarnám fyrir konur sem hafa áhuga á að bæta þekkingu sína í atvinnurekstri

Undanfarin ár hefur Háskólinn á Bifröst, í samstarfi við símenntunarmiðstöðvar á landsbyggðinni, boðið upp á rekstrarnám fyrir konur sem hafa áhuga á að bæta rekstrarþekkingu sína. Stefnt er að því að halda **Mátt kvenna I** í fimmta sinn vorið 2008. Auk þess verður nú í haust boðið upp á **Mátt kvenna II**, framhaldsnámskeið fyrir konur sem hafa lokið **Mætti kvenna I.** Námið fer fram í fjarnámi en það hefst og lýkur með sameiginlegri vinnuhelgi á Bifröst.

Máttur kvenna I

- Bókhald I
- Upplýsingatækni
- Markaðs- og sölumál
- Fjármál
- Áætlanagerð

Máttur kvenna II

- Bókhald II
- Enska
- Skattar
- Rekstrarhagfræði
- Samningatækni
- Starfsmannastjórnun

Markmið námsins

Markmið námsins er að gera konur í atvinnurekstri hæfari til að reka fyrirtæki sín, auka arðsemi fyrirtækjanna og efla störf á landsbyggðinni. Auk þess aðundirbúa nemendur fyrir almennan rekstur smærri fyrirtækja, er lögð áhersla á að viðhalda og efla tengslanet kvenna.

Dagsetningar

Máttur kvenna I: 18. janúar - 5. apríl 2008
Máttur kvenna II: 31. ágúst 2007 - 24. nóvember 2007

Verð

Máttur kvenna I: 60.000 kr.
Máttur kvenna II: 85.000 kr.
Innifalið í verðinu er kennsla í fjarnámi, 2 vinnuhelgar með kennurum, gisting og matur á vinnuhelgum.

Skráning og nánari upplýsingar hjá verkefnastjóra símenntunar Huldu Ingibjörgu Rafnarsdóttur, í síma 433 3000 eða hulda@bifrost.is

Sjá einnig frekari upplýsingar á heimasíðu skólans:

MÁTTUR KVENNA

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

www.bifrost.is 311 Borgarnes | Sími 433 3000

Stjórnenda- og leiðtogaskóli í hartnær 100 ár

skoðun

greinar@frettabladid.is

Sólin skín á réttláta og rangláta en ekki á þá sjúku.

Ráðherra kominn úr fríi

PÁLL BALDVIN BALDVINSSON SKRIFAR

Þeir sem vinna í heilbrigðisgeiranum kunna sínum nánustu hollráð: ekki veikjast að sumri til, og alls ekki á föstudögum eða um helgar. Sjúkrastofnanir um allt land eru þá fáliðaðar af vönu fólki, margir í fríi, bekkurinn þunnskipaður af vönum höndum og þjálfuðum huga.

En alvarlegir sjúkdómar gera oft ekki boð á undan sér og sú vél sem heilbrigðiskerfið er verður að vera virk allt árið. Á liðnum vikum hafa starfsmenn heilbrigðisstofnana blessunarlega haft kjark til að koma fram fyrir skjöldu og lýsa því opinberlega hvernig ástandið er á þessum árstíma: Vaktir mannaðar frá degi til dags, yfirmenn grátbiðja, jafnvel neyða starfsmenn til að fresta sumarleyfum svo halda megi deildum opnum. Gamla ráðið að senda sjúklinga heim og nota sumarleyfi hinna nánustu til að létta á sjúkrastofnunum duga ekki til. Vandi sjúkrastofnana er aldrei eins augljós og að sumarlagi.

Ungur heilbrigðisráðherra er kominn úr fríi. Náðardagar hans voru fáir. Á borði hans liggja nú afgreiddar og undirbúnar tillögur fjármálaráðuneytis til reksturs heilbrigðiskerfisins næsta ár. Klár gögn um hvernig reksturinn hefur gengið á þessu ári. Djobbið fær hann með skilaboðum um að ekki skuli rýra heilbrigðisþjónustuna. Hann er ekki öfundsverður. Hinum unga stjórnmálamanni er ætlað að ná á fáum vikum tökum á gríðarstóru og vandasömu verkefni.

Öll fyrirtæki í landinu, líka fjölskyldurnar, þurfa ár hvert að stýra eyðslu sinni, neyslu og lífsstíl í samræmi við fjárhagsgetu og þarfir. Víst er heilbrigðiskerfið stórt og flókið apparat, en að þar skuli mönnum koma stöðugt á óvart að sumarleyfi kalla á nýjan mannskap og viðunandi þjónustustig er til marks um að stjórn er þar brugðið og svo hitt að kerfið býr við fjármögnun sem stendur ekki undir eðlilegri og sæmandi þjónustu við almenning, ekki bara hina sjúku sem hafa greitt sitt gjald til samfélagsins um árabil, heldur líka vandamenn þeirra, fjölskyldur og vini.

Guðlaugur Þór þarf núna að fara í vinnugallann og taka til hendi. Þær fréttir berast úr félagsmálaráðuneytinu að þar hafi starfsmenn skyndilega breytt sínum sumarleyfum: það er kominn ráðherra sem situr við frá hljóðum morgnum fram á rauðanótt. Svo farið sé í mannjöfnuð.

Ráðherranum unga fylgir góður hugur: hann er flinkur málafylgjumaður. Þeirrar gáfu þarf hann líka með næstu misserin. Hans verkefni er að gera íslenskt heilbrigðiskerfi virkara, sterkara í forvörnum, snarara í meðferð. Í samstarfi við aðra ráðherra verður að lyfta grettistaki í uppbyggingu þjónustu við aldraða. Létta verður af sjúkrahúsum langdvölum aldraðra. Hann mun kljást við harðsnúna hagsmunagæslumenn starfsfólks. Hann þarf að sýna framsýni til að dreifa þjónustunni hagkvæmt um landið svo fjárfestingar nýtist. Hann verður að sætta andstæð sjónarmið sem heimta bæði fjölbreytt rekstrarform og að hvergi verði rýrð jöfn aðstaða til læknisþjónustu. Og hann verður að vinna hratt með þungt kerfi sem hefur látið á sjá um árabil vegna niðurskurðar. Hann er kominn í stífa vinnu.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

FRÁ DEGI TIL DAGS

Að deila og drottna

Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra skrifar grein í Blaðið á þriðjudag, þar sem hann drepur á gagni þess og gæðum ef íslenskir jafnaðarmenn sameinuðust undir einn hatt. Fyrirmyndin er breski Verkamannaflokkurinn, sem „líklegur er til að deila og drottna í aldarfjórðung ef fer sem horfir". Þetta er óheppilega að orði komist því hugtakið „að deila og drottna" hefur yfir sér lítinn lýðræðisblæ. Þetta er þvert á móti þekkt ráðstöfun einræðis- og nýlenduherra til að viðhalda völdum með því að sundra skaranum og halda honum þannig niðri. Vill Björgvin það?

Hollywood-raunsæi

Björn Bjarnason dómsmálaráðherra dreif sig í bíó á dögunum og sá myndina Die Hard 4.0 með Bruce Willis í aðalhlutverki. Ráðherrann var hæstánægður með myndina og segir á heimasíðu sinni: „Sögusviðið dregur athygli að hættum, sem steðja að hátæknivæddum þjóðfélögum okkar." Velta má fyrir sér hver viðbrögð Björns verða við stórmyndinni Transformers, sem sýnd verður síðar í mánuðinum, en þar segir frá átökum risavaxinna geimvélmenna hér á jörð. Leiða má líkur að því að slík atburðarás væri klárlega ekki minni ógn við hátæknivædd þjóðfélög okkar en ævintýri ofurlöggunnar John McClane.

Unglingar

Ungt fólk er drykkjuóður skríll að mati sumra tjaldstæðaeigenda, sem gripið hafa til óyndisúrræða til að bægja pakkinu frá. Í fréttum hefur jafnvel verið sagt frá tjaldstæðum þar sem aldurstakmörkin eru 30 ár! Samhengisins vegna má nefna að Birkir Jón Jónsson, alþingismaður og fyrrverandi formaður fjárlaganefndar, verður 28 ára í þessum mánuði. Ef honum dytti í hug að fara í útilegu með jafnöldru sinni **Birgittu Haukdal**, og hinum 29 ára Eiði Smára Guðjohnsen þyrftu þau mögulega að vera í fylgd með fullorðnum.

bergsteinn@frettabladid.is

Börn engin fyrirstaða

ÞORVALDUR GYLFASON

Í DAG | Langar ævir, litlar fjölskyldur

Einn munurinn á ríkum þjóðum og fátækum er sá, að ríku þjóðirnar hafa meiri fjárráð. Fleira hangir þó á spýtunni en fjárráðin ein. Annar munur á ríkidæmi og fátækt er sá, að fólk í ríkum löndum lifir jafnan lengi í litlum fjölskyldum og fólk í fátækum löndum lifir stutt í stórum fjölskyldum. Tökum dæmi. Nýfætt barn á Íslandi getur vænzt þess að ná 81 árs aldri, en nýfætt barn í Mósambík getur vænzt þess að ná 42 ára aldri. Ævir Íslendinga hafa lengzt um þrjá til fjóra mánuði á ári síðan 1975; þá gat íslenzkur hvítvoðungur vænzt þess að ná 72 ára aldri. Ævilíkur fólksins í Mósambík hafa batnað mun hægar, eða um tvo mánuði á ári síðan 1960, en það ár gat nýfætt barn í Mósambík vænzt þess að ná 35 ára aldri.

Hvernig fara þjóðir að því að hefja sig frá örbirgð til allsnægta? Það er löng saga. Hér ætla ég að einskorða frásögnina við eitt atriði, sem fáir gefa gaum. Færri barnsfæðingar í fátækum löndum stuðla jafnan að meiri hagvexti og velferð, þótt undarlegt megi virðast. Börn eru öðrum þræði eins og hver önnur fjárfesting. Fækkun barneigna gerir foreldrum kleift að búa betur að hverju barni, veita því meiri og betri menntun og betri skilyrði til að hafa eitthvað fram að færa á vinnumarkaði annað en vöðvaaflið eitt. Í fátækum löndum hleður fólk niður börnum í þeirri von, að eitt þeirra verði þá kannski eftir heima hjá foreldrunum og líti eftir þeim í ellinni. Ómegðinni er þannig ætlað að koma í stað almannatrygginga. Foreldrunum er það flestum um megn að koma öllum börnum sínum til mennta, svo að oft er það elzti sonurinn einn, sem nýtur skólagöngu umfram lögboðna skyldu, hin börnin sitja á hakanum. Fækkun barnsfæðinga á Íslandi hefur haldizt í hendur við batnandi menntun þjóðarinnar. Nú fæðir hver kona á Íslandi að jafnaði 2,1 barn. Þessi fæðingartala heldur fólksfjöldanum föstum. Fólksfjölgun á Íslandi um þessar mundir stafar af innflutningi fólks utan úr heimi, ekki af barnsfæðingum. Á Íslandi fæddi hver kona að jafnaði 4,3 börn 1960. Í Mósambík fæðir hver kona nú að meðaltali 5,3 börn á móti 6,5 börnum 1960. Fæst þessara barna eiga kost á skólagöngu umfram skyldunám. Flest þeirra eru dæmd til fátæktar.

Fólksfækkun af góðærum

Vart má á milli sjá, hvort fór verr með þetta volaða land, Mósambík, borgarastríðið 1980-92 eða búskaparlagið, sem var lengi í anda Marx og Leníns. Nú ríkir aftur lýðræði um landið, og markaðsbúskapur hefur leyst marxíska miðstjórn af hólmi. En þótt Mósambík hafi ekki tekið miklum framförum, hefur þróunarlöndum á heildina litið fleygt fram síðan 1960. Þetta vill stundum gleymast. Nýfætt barn í þróunarlöndunum getur nú vænzt þess að ná 65 ára aldri á móti 45 árum 1960. Þannig hefur meðalævin lengzt um fimm mánuði á ári í þriðja heiminum síðan 1960. Það er örari framför en hér heima. Nýfætt barn í hátekjulöndum heimsins getur nú vænzt þess að ná 79 ára aldri á móti 69 árum 1960. Af þessu sést, að fátæku löndunum hefur þrátt fyrir margvíslegt mótlæti og mikla neyð tekizt að draga verulega á ríku löndin.

Hver kona í þróunarlöndunum fæðir nú að jafnaði 2,7 börn á móti fimm börnum 1960. Það er framför. Hver kona í hátekjulöndunum fæðir nú að jafnaði 1,7 börn á móti þrem börnum 1960. Það er afturför, því að talan 1,7 er langt undir 2,1, sem þyrfti til að halda fólksfjöldanum í horfinu. Tyrkland (2,2), Bandaríkin (2,1) og Ísland (2,1) eru einu OECD-löndin, þar sem barnsfæðingar duga til að halda mannfjöldanum við. Öll önnur OECD-lönd búa við náttúrulega fólksfækkun, sem þau bæta sér upp með innflutningi fólks annars staðar að. Meðalfæðingartala ESB-landanna er 1,5 og þýðir mikla fólksfækkun þar.

Uppfyllum jörðina

Fólksfækkun í hátekjulöndunum mun trúlega hafa ýmsar óskyggilegar afleiðingar í för með sér, ef ekki tekst að snúa henni við. Meðalaldur mannfjöldans mun hækka til muna. Nú er hlutfall eldri borgara (65 ára og eldri) og fólks á vinnualdri (25-64 ára) nálægt fimmtungi í hátekjulöndunum. Þetta hlutfall stefnir að óbreyttu í þriðjung í Bandaríkjunum 2050, helming í Evrópusambandinu og 70 prósent í Japan. Fari svo, mun öldrun mannfjöldans í hátekjulöndunum leggja þungar byrðar á heilbrigðisþjónustu og lífeyrissjóði. Í Japan eru nú 25 þúsund manns komin yfir tírætt; talan stefnir í milljón 2050. Það ár munu Mósambík og Jemen státa af fleira fólki samtals en Rússland, ef svo fer sem horfir. Fátækar þjóðir þurfa að fjölga sér hægar til að lyfta af sér oki fátæktarinnar, og ríkar þjóðir þurfa að snúa fólksfækkun í hóflega fólksfjölgun til að troðast ekki undir.

Mengunarhremmirinn

UMRÆÐAN

Svifryksmengun

LÚÐVÍK GIZURARSON

Tilefni þessara skrifa er frétt í útvarpi einn morguninn fyrir nokkru frá Akureyri um að ólíft væri þar í miðbæ fyrir svifryki í logni, góðu veðri og þurru. Þá þyrlaðist svifrykið upp. Fólk og sérstaklega börn önduðu rykinu að sér og hluti þess sæti fastur í lungunum. Orsakaði sjúkdóma þar seinna á ævinni.

Bréfritara datt í hug að setja mætti sérsmíðaða ryksugu í alla bíla, með loftinntaki hjá grillinu, sem sogaði til sín mengaða loftið sem rótast upp þegar bílar aka um göturnar. Einnig gefa bílar frá sér sót við akstur. Alla þessa mengun vill bréfritari hremma með sérsmíðuðu ryksugunni sem hann kallar: „Mengunarhremmirinn". Mengunin er sett í ryksugupoka, sem skipt væri um þegar við tækjum bensín.

Annars hreinsa garðar og gróður mikið ryk sem fer ekki inn í húsin og íbúðirnar þar sem við berjumst við rykið með ryksugum okkar og rökum klútum. Við miklar umferðargötur er þetta nær óvinnandi verk. Allt rykfellur um leið og hreinsað er. „Mengunarhremmirinn" myndi sjá til þess að rykið og mengunin myndi næstum hverfa af götunni. Svo tekið sé dæmi þá safnar einn bíll fljótt einu kílói af ryki á einni viku í sinn bílaryksugupoka, en 1.000 bílar safna um leið á viku einu tonni af rykmengun. Ef bílarnir eru 100.000 safna þeir hundrað tonnum á viku. Það er mikil hreinsun að losna við slíkan haug af eitruðum úrgangi.

Nú er verið að hreinsa burtu sílamáva með eitri. Það er gott verk, sem ber að lofa. En hreinsa þarf líka burtu allt eiturrykið, sem fokið hefur í tjörnina og botnfallið þar. Veita má í tjörnina hreinu vatni eða hreinum sjó. Veita soranum þannig burtu.

Þegar bréfritari gekk í Miðbæjarskóla rann hreinn sjór á háflæði inn um útfallið á tjörninni. Svo rann mengað vatn út þar aftur á fjöru. Þetta endurnýjaði tjörnina og kríur voru í hólmanum og höfðu gnægð hornsíla að éta.

Endur með unga voru fjölmargar. Svo drap fjúkandi eiturryk af götum þetta allt.

Höfundur er hæstaréttarlögmaður.

DIOR Í 60 ÁR
Sextíu ár eru liðin frá því Frakkinn Christian Dior kynnti fyrstu tískulínu sína.
TÍSKA 4

SÓLARVÖRN Á BÖRN
Börn eiga ekki lengur að vera brún og sæt, heldur ber að verja þau fyrir sólinni eins mikið og hægt er. Bera þarf á þau sólarvörn og halda þeim frá sólinni eins mikið og hægt er.
HEILSA 4

allt

Kæru brúðhjón!
Við bjóðum ykkur að skrá ykkur á brúðargjafalista

Öll brúðhjón sem skrá sig á brúðargjafalista hjá Tekk-Company fá **litla gjöf við skráningu**. Nöfn þeirra fara einnig í **LUKKUKRUKKUNA** sem 5 lukkuvinningar verða dregnir úr í desember; ein 150.000 kr. og fjórar 10.000 kr. úttektir í Tekk-Company.

TEKK COMPANY

BÆJARLIND 14 -16 | 201 KÓPAVOGI | SÍMI 564 4400 | FAX 564 4435 | TEKK@TEKK.IS

White-Westinghouse

ÞVOTTAVÉL
· Topphlaðin
· 11 kg af þurrum þvotti.
· Vindur vel.
· Fljót að þvo.
· Sparneytin.
· Tekur heitt og kalt vatn.

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

Lilja Katrín Gunnarsdóttir, blaðakona á Séð og heyrt og leiklistarnemi í Árósum, segist ekki fara í buxur nema þegar nauðsyn krefur.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Pönkaður ævintýra-blær

Lilja Katrín Gunnarsdóttir fer nánast aldrei í buxur og kann vel að meta níunda áratuginn.

„Ég keypti fjóra kjóla í Kolaportinu um síðustu helgi fyrir tvö og fimm, hvern öðrum flottari og þessi er eins og sniðinn á mig," segir Lilja Katrín og bætir því við að henni líði eins og Cyndi Lauper í honum „Ég er svoddan „eighties" barn. Fæddist ´82 og finnst allt þetta tímabil svo heillandi. Átti stórar systur sem kynntu mig fyrir The Cure og ýmsu öðru „eighties"-legu og þessi pönkaði ævintýrablær höfðaði sterklega til mín," segir þessi káta kona og skýtur því inn að daginn sem myndin var tekin hafi vinnufélagarnir horft svolítið sérkennilega á klæðaburðinn. „En ég tímdi ekki að fara úr honum þó ég eigi eflaust eftir að nota hann meira spari í framtíðinni. Svona þegar ég skrepp á kaffihús á kvöldin."

mhg@frettabladid.is

Veðrið í sumar býður upp á skemmtilegri tísku en annars. Stutt pils og fallegir sandalar, litríkir toppar og blóm í hári eru ekki úr vegi til að skreyta sig með í sólinni.

Hátískan í París

Tískuvikur standa nú yfir í borg ástarinnar.

Sýningar á hátísku hausts og vetturs 2007 standa nú sem hæst í París í Frakklandi. Hvert tískuhúsið á fætur öðru teflir fram nýrri haute couture-línu þar sem öllu er tjaldað til enda um skrautfjöður tískuhússins að ræða.

Hér koma nokkrar myndir þeirra tískuhönnuða sem þegar hafa stigið á svið. Þeirra á meðal eru hin franska Anne Valerie Hash, portúgalski hönnuðurinn Felipe Oliveira Baptista og hinn franski Christophe Josse.

Breska fyrirsætan Lily Cole var konungleg á að líta í þessari glæsilegu grænu kápu eftir franska hönnuðinn Anne Valerie Hash.
NORDICPHOTOS/AFP

Töluverður framtíðarstíll með Batmanívafi einkenndi tískusýningu portúgalska hönnuðarins Felipe Oliveira Baptista.

Fleginn og flottur kjóll eftir líbanska hönnuðinn Georges Hobeika.

Henni ætti ekki að verða kalt í þessari flík eftir hinn franska Christophe Josse.

Silfurlitað og fágað dress eftir franska hönnuðinn Anne Valerie Hash.

Það gustaði af fyrirsætunni sem valsaði um í rauðum pífukjól eftir líbanska hönnuðinn Georges Hobeika.

Heitustu ilmpör sumarsins

Á hverju vori senda margir ilmvatnsframleiðendur frá sér sérútgáfur í takmörkuðu upplagi sem er ætlað að fanga stemningu sumarsins.

Flöskurnar eru bæði fallegar á að líta og beri einstaklingur rétta ilminn fyrir sig, getur útkoman stundum haft skemmtilegar félagslegar afleiðingar því mannskepnan stjórnast víst meira af lyktarskyni en við áttum okkur á.

mhg@frettabladid.is

Issey Miyake sendir sumarilmina frá sér í sérlega fallegum umbúðum þetta árið. Það eitt að horfa á flöskurnar sendir fólk í ferska sumarstemningu og ilmirnir eru eftir því, en þeir eru samsettir úr sömu jurtum og sumarilmirnir frá Issey Miyake í fyrra. Ferskir og hreinir.

Klassaparið **Burberry Summer 2007** sameinar fágun og léttleika sem er nánast ómótstæðileg blanda. Kvenilmurinn inniheldur meðal annars sítrónu, græn epli, fresíur, hvítt musk og rósir en karlmannsilmurinn inniheldur til dæmis ananas, hvítt musk og sítrus.

Lacoste sendir frá sér **Hot play** fyrir herrana og **Touch of spring** fyrir dömurnar þetta árið. Aðalásherslurnar eru á topp- og hjartatónana í báðum ilmunum til að kalla fram orku og ferskleika. Hentar vel ungu og hressu fólki í blóma lífsins.

Jean Paul Gaultier stendur alltaf fyrir sínu en aðdáendur ilma hans skipta eflaust hundruðum þúsunda. **Classic** og **Le Male** sumarilmirnir eru stolt tískuhússins, en á hverju ári skipta þeir um föt og ilmurinn breytist örlítið frá ári til árs. Innblásturinn 2007 var sóttur í munstur kínverskra flugdreka en Gaultier hefur einnig nýtt það í fatahönnun sinni.

Í apríl sendi **Giorgio Armani** þetta par á markaðinn í stílhreinum og fallegum umbúðum. Ilmirnir minna báðir á heitar sumarnætur og bera með sér ákveðinn kynþokka. Í kvenilminum er samsetning af meðal annars perum, jasmínu, sandalviði, hvítu muski og amber en karlmannsilmurinn er til dæmis ferskt amber, sítrus, saffran og musk. Sem sagt kryddaðir og seiðandi ilmir.

Tilkomumikil augnhár sem minna helst á fjaðraskúf.

Fölsk augnhár

AUGNHÁRAHÖNNUN ER VINSÆL Í TÓKÝÓ.

Á Shu Uemura-augnhárabarnum í Omotesando-hverfinu í Tókýó gefur að líta ýmsar kynjamyndir. Þangað má koma til að fá sérhönnuð fölsk augnhár, allt frá venjulegum svörtum til fjaðurskreyttra. Í allt eru þar 22 mismunandi gerðir augnhára sem kosta frá 13 upp í 43 dali.

Háreyðingavax sem hægt er að hita í örbylgjuofni og einnig vaxstrimlar

SÚKKULAÐIVAX HAFRAVAX SÚKKULAÐISTRIMLAR FYRIR ANDLIT OG LÍKAMA

ATH. Súkkulaðivax hentar vel fyrir viðkvæma líkamshluta
ÚTSÖLUSTAÐIR: Fjarðakaup og Lyfjaval

Augnháralitur og augnbrúnalitur
Tana® Cosmetics

NÝTT!!
Plokkari með ljósi

SÖLUSTAÐIR: APÓTEK OG SNYRTIVÖRUVERSLANIR

ÚTSALA

Guðrún tískuverslun
Rauðarárstíg 1, sími 561 - 5077

ÚTSALA

40% verðlækkun

SAND WOMAN KRINGLUNNI 553 4141
NEW YORK DUBLIN BERLIN VIENNA ZURICH MOSCOW WARSAW MADRID STOCKHOLM OSLO HELSINKI PARIS LONDON AMSTERDAM COPENHAGEN EDINBURGH REYKJAVIK

ÚTSALA

20-50% afsláttur

Jakkar
Stuttkápur
Sumarúlpur

Tilboð á slá: 5.900 kr.

Topphúsið

Mörkinni 6, Sími 588-5518
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga frá kl. 10-16

Sandalar í úrvali

Stærðir 28 - 35
3.995 kr.

Stærðir 41 - 48
12.950 kr.

Stærðir 37 - 42
10.640 kr.

Stærðir 36 - 47
3.995 kr.

Stærðir 22 - 35
1.995 kr.

www.xena.is
XENA
SPÖNGINNI S: 587 0740
MJÓDDINNI S: 557 1291
GLÆSIBÆ S: 553 7060
BORGARNESI S: 437 1240

ÚTSALA

Stærðir 36 - 48

bianca
gæði og glæsileiki

Nýbýlavegi 12
Sími 554 3533
Opið virka daga 10-18 Laugardaga 10-16

Auglýsingasími
5125050
FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið

Tvær fyrirsætur í kvöldkjólum eftir Christian Dior árið 1951.



Tískan fer í hringi, líka hjá Christian Dior. Hér er nýleg hönnun frá fyrirtækinu.

Christan Dior í sextíu ár

Fyrir sextíu árum kynnti Frakkinn Christian Dior fyrstu tískulínu sína.

Christan Dior fæddist í Frakklandi 21. janúar 1905. Hugur drengsins hneigðist fljótt til lista þótt vonir fjölskyldunnar væru að hann gerðist diplómati. Hann hætti í skóla árið 1925 og opnaði lítið listagallerí í Darfur með hjálp föður síns með þeim skilyrðum að Dior nafnið yrði ekki bendlað við það.

Vegna fjölskylduharmleiks neyddist Dior til að loka listasafninu og fór á fjórða áratugnum að framfleyta sér með því að skissa upp kjóla fyrir hátískuhúsin í Frakklandi. Árið 1938 vann hann með Robert Piguet en árið 1945 hannaði hann fyrir Marcel Boussac. Boussac þessi varð mjög áhugasamur um þá hugmynd Diors að nota mörg lög af mismunandi dýrum efnum í flíkur.

Fyrsta tískulína sem Dior kynnti undir eigin nafni og kallaðist Corolle var frumsýnd árið 1947. Með tilkomu Diors má segja að París hafi á ný orðið miðstöð tísku í heiminum eftir seinni heimstyrjöldina. Hann var þekktur fyrir klassíska fágun og lagði ríka áherslu á kvenleika í sniðum. Dior lifði þó aðeins í tíu ár eftir að hann setti tískulínu sína á markað en hann lést í október 1957.

Fyrsta tískulínan frá Dior eftir að hönnuðurinn lést átti mikilli velgengni að fagna en það var hinn 21 árs gamli Yves Saint Laurent sem átti heiðurinn að henni. Saint Laurent var hylltur sem þjóðarhetja en vakti ekki eins mikla kátínu hjá tískufyrirtækinu þegar hönnun hans varð æ djarfari og náði mestum hæðum með „beat“ tískunni árið 1960 en innblástur fékk hann frá djassklúbbum. Það ár var hönnuðurinn kallaður í herinn og framkvæmdastjórnin mótmælti því ekki. Hann opnaði síðan sitt eigið tískuhús eftir að herskyldunni lauk.

Í stað Yves Saint Laurent var Marc Bohan ráðinn til Dior sem starfaði þar til 1996 þegar ungur Breti að nafni John Galliano var ráðinn aðalhönnuður Christian Dior og starfar hann þar enn við góðan orðstír.

Verslanir Diors má finna víða um heim en flaggskip þeirra eru í New York, Beverly Hills, Waikiki, Houston, Short Hills, New Jersey, Boston og San Francisco.

solveig@frettabladid.i

Jakki og skór í stíl. Þessi mynd birtist fyrst í tímaritinu Housewife árið 1954.

Vortíska Dior kynnt í London í janúar 1970.

Fallegir græn-, hvít- og rauðröndóttir kvöldkjólar blakta í golunni í október 1979. Kjólarnir eru úr Boutique-línunni frá Christian Dior í London.

NORDICPHOTOS/GETTY

Úr háborg tískunnar

BERGÞÓR BJARNASON SKRIFAR FRÁ PARÍS

Karlar sýna á sér leggina

Á meðan að sumartískan syngur sitt síðasta á útsölum sem hófust í síðustu viku kynntu hönnuðir vor- og sumartísku 2008 fyrir herrana. Tískufyrirtækin eru flest í þeirri stöðu að eiga mikinn lager af sumarfötum því hér hefur ekki komið neitt sumar enn, eftir vor í apríl þegar almenningur var ekki kominn í sumarskap. Því bjóða flestir 50 prósenta afslátt og jafnvel meira frá fyrsta degi nú þegar sumarfrí eru hafin.

Sundskýla frá Gaultier.

Í fyrra komu bermúdabuxur sterkar inn í fataskáp herranna. Þessi þróun hélt svo áfram í sumar með tilkomu jakkafata með stuttum buxum en Sonia Rykiel gengur lengra næsta sumar og nú eru það hreinlega lærin úti, hálfbuxur eru orðnar að stuttbuxum sem ná rétt niður að lærum. Þessar buxur eru til daglegra nota og úr fínum efnum. Vissara að byrja strax að þjálfa leggina fyrir næsta sumar!

Herratískan sumarið 2008 er fágaðri en verið hefur síðustu misseri og á það við um hönnun Véronique Nichanian hjá Hermès. Hún sýnir enn einu sinni hinn eina sanna franska „élégance“ meðal annars með eðluskinnsjakka í stíl Marlons Brandon, annar í „basebale“ stíl að hætti Alains Delon í „Plein soleil“ og Gatsby-legar hettupeysur.

Jean-Paul Gaultier tekur gyllta og silfurlitinn sem eru áberandi í kventísku í sumar og leiðir inn í herratískuna næsta sumar með hermannalegum jökkum og eins konar pilsum í silfurlituðu efni eða víðum pokabuxum. Sundskýlur eru með hermannahnöppum úr málmi og framstykkið opnast eins og á duggarapeysunum frægu.

Eins og flestir vita hætti Hedi Slimane hjá Dior-tískuhúsinu í apríl á þessu ári en til hans má rekja hina svokölluðu „slim-tísku“ sem mikið hefur borið á í herratískunni í nokkur ár. Reyndar held ég að þessi tíska hafi nú náð hámarki sínu og eigi eftir að sjást minna. Margir biðu því með óþreyju að sjá hvað hinn nýi hönnuður Dior, Kris Van Assche, fyrrum aðstoðarmaður Slimanes, hefði að bjóða. Í stuttu máli sagt sést munurinn jafnt á því hvernig að tískusýningunni var staðið sem og á fatnaðinum sem var kynntur. Í staðinn fyrir rokkglamúr-anda síðustu ára fór sýningin fram í klassísku húsi í fínasta hluta 16. hverfis Parísar með tónlist í klassískum anda. Fyrirsæturnar voru lifandi en hreyfðust ekki og sýndu fatnað fyrir morgun, miðjan dag og kvöld en á tímum Christian Dior var viðskiptavinum einmitt boðið í sali tískuhússins en ekki á tískusýningar. Fatnaðurinn var sömuleiðis í fágaðri kantinum. Buxur með háum streng við hvítar skyrtur sumar hverjar með kjólfatabrjósti. Jakkarnir með kraga í japönskum origami-stíl. Litirnir hvítt, grátt og svart.

bergthor.bjarnason@wanadoo.fr



Útsala
útsalan hófst í morgun
opið laugardag 10–18, sunnudag 13–17
maïa
kvenföt húsbúnaður tónlist bækur barnaföt fylgihlutir undirföt
laugavegur 86-94, sími 5526066

Algeng efni í matvælum eru skráð í íslenska gagnagrunninum ÍSGEM hjá Matís. Efnin eru um 45 talsins og tilheyra um 900 fæðutegundum. www.matis.is/ISGEM/is

Elsti fósturvísirinn að barni

Fæddist eftir þrettán ár í frysti.

Stúlkubarn fæddist nýlega í Bandaríkjunum en fósturvísirinn sem barnið þróaðist úr hafði verið geymdur í frysti í þrettán ár. Þetta er talinn lengsti tími sem fósturvísir hefur verið geymdur þannig að úr hafi orðið heilbrigt barn.

Stúlkan, sem heitir Laina Beasley, á tvö systkini á táningsaldri sem voru getin með tæknifrjóvgun á sama tíma og fósturvísirinn sem síðar varð að Lainu var frystur.

Móðirin, Debbie Beasley, er nú 45 ára. Hún hóf frjósemismeðferð við háskólann í Kaliforníu á tíunda áratugnum. Þá notuðu læknar egg hennar og sæði eiginmannsins Kent til að búa til tólf fósturvísa en tveir þeirra urðu að tvíburum sem fæddust árið 1992.

Þremur árum síðar komst upp að læknar á frjósemisstöðinni hefðu notað fósturvísa í leyfisleysi og var læknastöðinni lokað og fósturvísarnir sem frystir höfðu verið voru sendir til rannsókna víða um Bandaríkin.

Debbie og Kent tókst að finna átta af eigin fósturvísum og reyndu árið 1996 að eignast annað barn. Debbie fékk alvarleg ofnæmisviðbrögð við frjósemislyfi og var nærri dáin. Það var ekki fyrr en sjö árum síðar að hún var tilbúin að reyna á ný og nú á hún hina litlu Lainu.

Ekki er algengt að geyma fósturvísa í jafn langan tíma og var gert í dæmi Lainu litlu.

Það er gaman að leika sér úti í sólinni. Bara að muna að bera á sig fyrst.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Stinnari á 4 vikum...
Ný kynslóð af Slendertone System tækjum ... mun öflugri en áður!
SLENDERTONE
System belti fyrir kviðvöðva
dömu / herra
kr. 19.980,-
eða 6.660 á mán. í 3 mán.
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is

Auglýsingasími
512 5050
FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið

Góð vörn á börn

Sólbruni er hættulegur húðinni og sérstaklega ber að vernda húð barna fyrir honum.

„Við viljum hætta að segja að börnin eigi að vera brún og sæt," segir Guðrún Erla Einarsdóttir, lyfjatæknir í Lyfjum og heilsu í Domus Medica. „Okkur ber að verja húð þeirra alveg sérstaklega vel enda benda allar rannsóknir til að líkurnar aukist á húðsjúkdómum seinna meir ef þau brenna."

Guðrún Erla segir það hlutverk afgreiðslufólks að vísa fólki á góð sólarvarnarkrem og þá ekki síst fyrir börnin. „Við eigum helst að bera á börnin sólarvörn sem inniheldur tvö efni sem heita títanoxíð (Titanium Oxid) og sinkoxíð (Zink Oxid). Þau mynda svo góða varnarfilmu. Það eru því miður ekki öll krem sem innihalda bæði efnin en flest innihalda Titanium Oxid. Eins þurfum við að muna að bera á börnin hálftíma áður en þau fara út því það tekur smá stund fyrir kremin að virka."

Eucerin Junior Micropigment er ein þeirra gerða sólarvarna sem innihalda bæði títanoxíð og sinkoxíð.

Númer eitt, tvö og þrjú segir Guðrún Erla að enginn noti vörn með veikari stuðul en 20. „Það er það sem húðsjúkdómalæknar boða í dag og eftir því ber að fara," segir hún.

Spurð hvort það sé þá ekki út í hött að selja veikari vörn svarar hún. „Jú, enn er verið að framleiða veikari vörn og meira að segja líka sólarolíuna sem gerir ekkert annað en steikja okkur. Það er bara eins og margt annað sem óhollt er í búðunum og ber að varast."

- gun

Njóttu lífsins með Angelicu

Fæst í lyfja- og heilsuvöruverslunum

Angelica er íslensk náttúruafurð úr ætihvönn sem færir þér tvenns konar virkni í sömu vöru. Þú færð aukna orku og sjaldnar kvef. Í ætihvönn er fjöldi hollustuefna sem styrkja forvarnir og bæta heilsuna. Angelica jurtaveig hefur staðið Íslendingum til boða frá 2002 og nú bætist við nýr valkostur, Anglica töflur. Þú tekur aðeins eina töflu á dag og pakkinn endist þér í 2 mánuði.

Sæktu styrk í íslenskt náttúruafl!

SAGA MEDICA
www.sagamedica.is

Blóðnasir

BLÓÐNASIR ERU LEIÐINLEGAR EN YFIRLEITT SKAÐLAUSAR.

- Í flestum tilvikum blóðnasa blæðir úr neðri hlutanum á miðsnesinu. Þar geta æðar auðveldlega sprungið, til dæmis við högg eða hvassa fingurnögl, og þá fáum við blóðnasir.
- Ekki er heldur óalgengt að þurrkur í nasagöngunum valdi því að æð gefi sig.
- Aðrir algengar orsakir eru kvef og ofnæmi. Einnig geta blóðnasir verið merki um kalkskort.
- Í fáeinum tilfellum eru blóðnasir merki um alvarlegri kvilla, til dæmis of háan blóðþrýsting, kransæðasjúkdóma eða krabbamein.
- Linni blóðnösunum ekki á 30 mínútum eða ef blæða fer ofan í kokið þarf að leita læknis sem fyrst.

Blóðnasir geta stundum verið merki um alvarlega kvilla.

allt - sem þig vantar

[ALLAR SMÁAUGLÝSINGAR VIKUNNAR Á visir.is]

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER OPINN ALLA DAGA KL. 8–22

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN:
VIRKA DAGA 8–18
UM HELGAR 11–16

Fallegt eintak Subaru Legacy Wagon árg. 2001 ek. 96 þ.km ssk. Verð 980 þ. möguleiki á að allt að 100% lán.

Suzuki Grand Vitara Gullfalleg árg. 7/2002 ek. aðeins 57 þ. km ásett verð 1590 þ. ssk. skoða skipti.

Range Rover HSE árg 2006 ek. 39þ. ssk. með dvd tv skjáir mikið af aukahlutum. Verð 8,9 m. skoða skipti.

Bílalind
Vagnhöfði 9, 110 Reykjavík
Sími: 580 8900
www.bilalind.is

Arnarbílar
www.arnarbilar.is

Pontiac Firehawk árg. 7/1995, ek. 42 þ.km, 5.7l V8, 6 gíra, 315 hö, sjaldgæfur bíll, NR 002 úr framleiðslu. Eins og nýr. Verð 2.290 þ. Vantar allar gerðir bíla á skrá og á staðinn. S. 567 2700.

Arnarbílar ehf
Gylfaflöt 5, 112 Reykjavík
Sími: 567 2700
www.arnarbilar.is

X4 ehf.

Nýr 2008 Mazda Tribute nýtt og breytt útlit með meiri staðalb. en áður. Komdu í reynsluakstur í dag.

Nýr Mazda Cx-7 2.3L. Turbo 244 hp., framúrskarandi hönnun á sportjeppa frá Mazda. Komdu í reynsluakstur í dag.

Nýr Mazda CX-9 3.5L. V6 263 hp., 7 manna lúxus sportjeppi. Komdu í reynsluakstur í dag.

X4 ehf
Malarhöfði 2, 110 Reykjavík
Sími: 565 2500
www.x4.is

Alfa Romeo 156 JTS Lusso árgerð 2003, ek. 52 þ.km. Selespeed, leðurinnrétting ofl. Einn eigandi frá upphafi. Listaverð kr. 1600.000,- Fæst gegn yfirtöku bílaláns kr. 1.180.000,-. Mán.leg afb. 22þ. Upplýsingar í síma 897 1928

Auto Reykjavík
Krókhálsi 5, 110 Reykjavík
Sími: 569 3300
http://www.mercedesbilar.is

Bílar til sölu

Ný hjólhýsi - frábær tilboðsverð!
Erum að selja nokkur ný sýningarhjólhýsi á frábæru tilboðsverði. Mótormax, Kletthálsi 13, sími 563 4400.

Toyota Highlander á Lexus RX400 grunni. 268 hö. 7,5L/100km! 2006 frá 3.790þús. Nýr 2007 frá 4.390þús. Nýir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 552 2000 - www.islandus.com

2006-2007 Jeep Grand Cherokee frá 2,590, Ford Explorer frá 2.690, Dodge Durango frá 2.690, Toyota Tacoma frá 1.990, Ford F150 frá 1.790, Nýir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 552 2000 - www.islandus.com

Mazda 3 árg.'06. Ek. 18 þús. Verð 2090 þús. Uppl. í s. 843 0097.

Peugeot 306 1600 '97 ek. 100 þ., krókur, þarfnast smá, lagf. fyrir skoðun. Verð 80 þ. s. 892 1944.

Hyundai Tucson árg. 2004, ekin 22þ. km, eins og nýr, frábært verð 1850 stgr. Uppl. í s. 892 1116 & 892 5005.

Til sölu Ford Explorer Xlt, árg. 2005, ekinn 42þ.km, 7 manna, 18" felgur, + auka gangur á felgum, eins og nýr, uppl. í s. 892 1116 & 892 5005.

Til sölu Volvo XC 90 T6 árg. 2003, ekinn 18þ. km, 7manna leðursæti, topplúga, allur aukabúnaður, uppl. í s. 892 1116 & 892 5005.

Toyota Previa '02, 7 manna, ek. 106 þús. Sk. '08, mjög vel með farinn, nýsmurður, filmur. Áhv. 1.624 þús. Yfirtaka á láni + útborgun. S. 822 0908.

M.Bens, 500SE, 87árg., ljóst leður, ssk, sumar og vetrardekk á felgum. Tilboð 350 þús. stgr. Uppl. í s. 533 2100 & 866 5354.

Til sölu BMW 540IA. 300 hestöfl. Árg. '99. Ssk. Ek. 151 þús. Verð 1.850 þ. Ath. skipti á ódýrari. Sími 868 8565.

Til sölu Toyota Aygo maí 06. Ekinn 26.000 km. Verð 1.090.000. Sími 868 8565.

Engin Útborgun og 25 þús. á mán.
Kia Grand Sportage Classic nyskr.8/2002. Ek. 85 þ. km. 5 gíra, 31" dekk, álfelgur, krókur, geislaspilari, rafm. í öllu, fjarst og samlæsingar. Uppl. í s. 663 3300.

Tilboð 390.000 Staðgreitt
Nissan Vanette bensín nýskr. 08/2000. Ek. 95 þ. km. 5 gíra, krókur. Uppl. í s. 663 3300.

Tilboð. Yfirtaka á láni. Chrysler Crossfire '04 V6 3200cc 220hö ssk, ekinn aðeins 17 þús. Sími 661 4074.

Toyota Yaris Terra 1,0 L nýskr. 06/2002
eK. 119 þ.km. 5 gíra, 5 dyra, geislasp, samlæsing. Verð 590 þús. Upp. í s. 663 3300

Til sölu Land Cruiser 100. Árg '03. Ek. 90 þús. Dísel. Einn með öllu. Verð 4.950 þús. Uppl. í s. 897 1012.

Toyota Corolla G6. Ek. 171 þús. Smurbók. Gullmoli! Verð 350 þús. Uppl. í s. 867 4302.

Draumabíll til sölu!
Volkswagen Passat luxus útgáfan árg.' 06. Ek. 33.000. Ný búinn ad skipta framdiska og bremsur allan hringinn, (er með nótu). Var ad koma úr 30.000 km skoðunn hjá Heklu. Bíll með öllu verð 3.200.000. Palli s. 863 6651.

Kia Sportage '99, ek. 155 þús. Verð 340 þús. Uppl. í s. 892 5739.

Mazda6 árg. 2003 ekinn 46 þús. km blár, ssk., rafm í öllu, sóllúga. Fallegur bíll. Verð 1690 þús. Möguleiki á yfirtöku á láni. Uppl. í s. 846 1187.

Getum útvegað 2008 árgerðina af Ford F-250 og 350 King ranch eða Lariat með 6.4l díselvélum með stuttum fyrirvara á góðu verði uppl í s: 892 1116 og 892 5005

www.bilapartar.is
Eigum nokkra Toyota fólksbíla og jeppa til sölu. Upplýsingar í síma 587-7659 Bílapartar ehf, Grænamýri 3 Mosfellsbæ.

Opel Zafira 7 Man árg. 00 nýskoðaður. Ásett verð 850 þ., áhv. 450 þ., afb. 14 þ. á mán. Selst á 500 þ. Uppl. í síma 843 6995.

Til sölu Volvo 460 árg.'96. Ssk, ek. 106 þús. Ný dekk, sk.'08, lítur út sem nýr. Uppl. í s. 894 1748.

Til sölu Opel Astra árg.'95 ek. 174 þús. Ssk, ný tímareim, nýtt í bremsum, nýjir dempara af aftan, verð 120-130 þús. S. 844 0444 & 848 2269.

Til sölu Opel Corsa 1,4 árg. '97 Ek. 125 þús. Cd og öflugir hátalar, nýtt púst, góð sumardekk og ný nagladekk geta fylgt, sk.'08 og í góðu lagi. Verð 90 þús. Uppl. í s. 844 7270.

0-250 þús.

Lancer '98, ssk. Nýskoðaður, ek. rúm 100 þ. Fæst á 290 þús. Uppl. í s. 894 9002.

Suzuki Baleno árg. '97, ek. 155 þús. ssk., góður bíll. Verð 150 þús. S. 821 5619.

Renault 19 árg. 95, ek.182 þ. sk.'08. Verð. 90 þ. Lancer st. ssk. árg. 98 ek. 118 þ. sk 08 Verð 395 þ. Uppl. í s. 899 9792.

Hyundai Coupe 2.0l Fx árg. '97 ek. 125 þ. Verð 160 þ. Uppl. í s. 848 6883.

Stórútsala!! Peugeot 306 st. '99, nýsk. '08, cd, einn eig. V. 140 þ. Ath. sk. ód. S. 845 4072 & 844 6609.

Renault Megane Senic árg. '99. Ek. 144 þ. Sk. '06. Selst hæstbjóðanda. Uppl. í s. 825 8089.

250-499 þús.

Besta eftirlifandi eintakið? RR '88 ek. 134 þús., 2eig. smurb. V. 360000. S. 895 9505.

Renault Kangoo árg. 98 ekinn 120 þ.km. Allt nýtt í bremsum og allar hjólalegur nýjar. Verð 270 þ.kr. Uppl. í s. 895 9590.

500-999 þús.

Honda CRE250 árg. 2006, komið á götuna í apríl 2007. Götuskráð og ekið aðeins 9 klst., mjög vel farið. Uppl. í síma 663 0633.

1-2 milljónir

Subaru Legacy, árg. 03, ek. 60þ, sk. 08, beinsk, áhv. 930 þ., v. 1.480 þ., s. 663 2282.

Hægri hönd verkamannsins, alhliða vinnuskúr til sölu sem inniheldur kaffiaðstöðu fyrir 6-8 manns, eldavél, ískáp með fristi, eldhúsvask og innréttingu, inntak fyrir vatn, hitakút, klósett (ferða og skolp), digital miðstöð, rafmagnstöflu, vinnutöflu ofl. Nýr skúr og íslensk framleiðsla. Frekari upplýsingar í síma 865 8097, Sigurður Bjarni.

2 milljónir +

M. Benz, beinsk. 143 hö. ekinn 50 þús. Frábært eintak. Yfirtaka á láni 2,2 millj. + 100.000. Baldur s. 898 4202.

Nýr 2007 Dodge Caliber frá 1995þús, 7,4L/100km (fæst sem 4x4), Dodge Caravan frá 2.490þús! Nýir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 552 2000 - www.islandus.com

Bílar óskast

Óska eftir bíl á 40 til 70 þús. stgr. má þarfnast lagfæringar allar tegundir koma til greina. Uppl. í síma 820 4640.

Óska eftir ódýrum bíl á verðbilinu 15-20 þús. Þarf að vera í lagi og skoðaður. Óska eftir ísskáp gefins á sama stað. Uppl. í s. 662 8780.

Jeppar

Til sölu er Toyota Hilux Double cap bensín. Árg 1993. Ekinn 209þ. Nýskoðaður. Á nýlegum 33" dekkjum. Pallhús og skel á palli. Smurbók frá upphafi. Verð 350 stgr. 8480944

Range Rover

Mjög fallegt eintak! Árgerð 2000, Ekinn 160 þús, 4,6 lítra, 8 cílendra Bensín. Leður, Topplúa, Rafmagn í öllu, Sjálfskiptur o.fl. o.fl!! Billinn er staðsettur á Bílahöllinni, Bíldshöfða 5, Reykjavík. Upplýsingar í síma 567 4949.

Til sölu Isuzu Trooper árg.'98 ek. 165 þús. mílur. Bensín, 215 hp. Ssk, cruize, a/c. Dráttarb. ofl. Verð ca. 700 þús. Ath. skipti á fellihýsi. S. 894 0886.

Toyota Land Cruiser

Land Cruiser 120 VX árg. 08/04 ek. 76 þ.km. Ssk. Dísel. Aukasæti. Breyttur á 33". Ný kominn úr 75þ. km. skoðun hjá Toyota. Verð 4680 þ. S. 892 5815.

Til sölu MMC Pajero 3,2 DID, árg. '02, ssk. 33" hækkun. Sk.'08. Uppl. í s. 898 6111.

Toyota Landcruiser 120 árg. 7/2004 til sölu. Vel með farinn. Ekinn 52 þús. 8 manna. Verð kr.4.000.000. Engin skipti. Uppl. í síma. 897 3660.

Fornbílar

Til sölu Cadillac Fleetwood '57 á uppgerðarstigi. Uppl. í s. 892 1440. Verð 1.150 þ.

Pallbílar

Ford F150 frá 1.750þús! Toyota Tacoma frá 1990þús. Ford 350/Dodge RAM 3500 4x4 dísel án hraðatakmarkara. Nýir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 552 2000 - www.islandus.com

Vörubílar

Man Kat 6x6 til sölu, 15 sæta. Bíll í góðu standi með 12t spili. Tilb. óskast í s. 823 1118.

Húsbílar

Hobby T650 FSC, árg. 06. Nýr bíll, lengd 6,90 m. Verður á Akureyri á má. og Rvk. á mið. S. 899 5189 & 893 6957.

Til sölu góður MB 309 húsbíll. Innréttaður fyrir tvo. Upplýsingar í síma 861 6618 eftir kl. 17:00

Húsbíll til sölu Ford Econoline árg. 1991 4,9 vél 6 síl. Truma miðstöð, ísskápur, wc, fortjald. Góður og vel með farinn bíll. Myndir á husbill.is uppl. í s. 861 6673.

Mótorhjól

Yamaha Fazer, Kawasaki Zephyr og nokkur minnaprófshjól til sölu. Uppl. í síma 898 3223

JEPPAR TIL SÖLU

Útsala Útsala. Til sölu svartur og krómaður 1700cc fákur. Borinn 2004, ekinn 14000 ml. Selst á 1.250 þús og málið er dautt. Uppl. gefur Spotti í síma 821 5222.

www.mxsport.is

Motorcross & Enduro hlífðarbúnaður og fatnaður, verkfæri, olíur ofl. Skoðaðu www.mxsport.is í dag eða hringdu í s. 862 5679.

Fjórhjól

Óska eftir Kawazaki fjórhjól. 250cc árg.'87-'89, má vera bilað. Óska einnig eftir 250 cc Crossara mótor tvígengis. Uppl. í s. 659 9489.

Kerrur

Sumarútsala á kerrum

Brenderup 1205 P - Innanm. 203x116x35 cm - Burðarg. 600 kg - Dekk 13". Listaverð: 139.000 TILBOÐSVERÐ: 116.000 Lyfta.is - 421 4037 - Njarðarbraut 3 - Reykjanesbæ

Hjólhýsi

Hjólhýsi Árg.06. Til sölu, sem nýtt, 3 fullorðn+barn, 2gask, rafg, fortj, hjólagr, ferðakl+klósettjald. Verð. 1.09 millj. Uppl. í s. 892 3458.

Þotan er til sölu. Peugeot árg.'94 ek. 86 km einn með öllu, yfirbygging Dethleffs, hlaðinn þægindum. Svefnpláss fyrir 6, skráður fyrir 5. Vél 2,5 ltr túrbo dísel. Sjón er sögu ríkari. Myndir á www.husbill.is Uppl. gefur Valdi í síma 862 6960. Verð kr. 3.100.000.

LMC Dominant 560 RDB árg. 06. Fullt af aukahlutum s.s. ALDE hitakerfi +gólfhiti Uppl. s. 660 1304.

Til sölu sýnishorn af Sunlight hjólhýsum. C44D verð áður 1.690.000 nú aðeins 1.550.000 C47D verð áður 1.790.000 nú aðeins 1.650.000 Hobbyhúsið Dugguvogi 12. S. 517 7040 www.hobbyhusid.is

Til sölu LMC Favorit 465 RBD árg. '06. Aukahlutir, grjótgrind og fortjald. Uppl. í s. 899 0167 & 840 3017.

Nýtt Hobby 540UK, árg. '07, kojuhús. Var að klára að standsetja kojuhús, tilbúið beint í útileguna með sólarsellu, loftneti, ultraheater og fl. Gott verð. Uppl. Ingvar í s. 893 2878 eða igudmundsson@simnet.is

Óska eftir Nýlegur Kojuhýsi fyrir allt að 2 miljónir stgr. Uppl. í síma 866 8568.

Fellihýsi

Til Sölu Coleman Fleetwood Mesa 12fet, eitt með öllu. Nýskráð 7 júlí 2006. Uppl í s. 892 5005 & 863 0100.

Coleman Santa Fe, 7/00, skyggni, ísskápur, græjur, eldavél, upphækkað, nýjar bremsur og legur, 220W. Glæsilegt fellihýsi. Verð 850.000. Uppl. í s. 897 2444.

Fleetwood Westlike, 12 fet 2005 árg. kom á götu 2006, tvisvar notað. Sturta, klósett, cd og sólarrafhlaða o.fl. ásett verð 1650 þús. S. 896 5464

Til sölu 12 ft. Coleman Mesa árg.'03. Mjög vel með farið. Tilbúið í útileguna, ýmsir fylgihlutir. Verð 1.250 þús. Uppl. í s. 897 1012.

www.hjolhysaleigan.is www.fellihysaleigan.is s. 899 4161 & 822 1920.

Til sölu fellihýsi Fleetwood Bayside 12" '06 ónotað með loftpúðum, cellu, útvarpi ofl. Ónotað fellihýsi í toppstandi eins og nýtt. Kostar nýtt ca. 2350þús, ásett verð 1990 þús. Agust 893 5414.

Til sölu Palomino Yearling 100 árg. 2006. Fortjald, ísskápur, truma miðstöð, svefntjöld, teppalagður að innan. 2 rafgeymar. Flottur vagn klár í útileguna. Verð 1400 þús. Uppl. í síma 866 8568.

8 feta Sunlite pallhýsi. Árg. '92, mjög vel með farið. Passar aðeins á ameríska pallbíla. Verðhugmynd 300 þús. S. 482 1723 & 846 7194.

Til sölu lítið notað fortjald frá Seglagerðinni Ægi á 10 feta fellihýsi. S. 848 8797.

Til sölu splunkunýtt, ónotað 10 ft. Fleetwood fellihýsi með öllu nema fortjaldi. S. 893 6071.

Til sölu-Fleetwood Bayside 12' árg. 07. Nýr/ónotaður vagn. Álfelgur, rafdrifinn toppur, heitt/kalt vatn, útisturta, keramikvaskur, 2 viftur/m. ljósi ,markísa, ofl. Kostar nýr án aukahl. 1.895.000. S. 866 3670.

Tjaldvagnar

Vel með farin Montana tjaldvagn árg. 2001. Lítið notað fortjald, dúkur, yfirbreiðsla. Sími 866 3952. Verð 290 þús.

Trigano tjaldvagn m/fortjaldi, vel með farinn. Verð 270 þús. S. 896 0150.

Til sölu Compi Camp Family tjaldv. Meðf. er fortjald, kálfur, yfirbreiðsla, gashellur, eldhús, nýr geymslukassi m. yfirbr., grjótgrind ofl. Mjög vel með farinn vagn. Verð 380 þús. Uppl. í s. 696 7366 eftir kl. 15:00.

Vinnuvélar

Þarftu að setja upp grindverk eða sólpall ! Þú getur leigt hjá okkur alvöru staurabora í mörgum stærðum sem eru tengdir við Smágröfur einnig Beltahjólbörur sem hægt er að lyfta uppí 165 cm. til að sturta í jarðvegsgáma. Höfum kerrur til að flytja tækin. Vinnulyftur EHF. S. 544 8444.

Varahlutir

Bílapartar ehf
S. 587 7659.

Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00. bilapartar@bilapartar.is www.bilapartar.is

Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris, Renault Kangoo. Viðgerðir. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

Partasalan Sími 557 7740

Partasalan Skemmuvegi 30, sími 557 7740. Eigum varahluti í Volvo, Opel, Nissan, Toyota, Renault, Honda og fleira.

Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.

Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

Japanskar Vélar, Bílapartasala

Erum að rífa flestar gerðir japanskra og kóreskra bíla ofl, auk flestra gerða af Fiat og VW. S. 893 2284 & 565 3400.

Varahlutir í Lancer '98 station, Sunny árg. '93, Legacy '92, Accent '95. S. 896 8568.

Hjólbarðar

4 stk. 14" dekk á Legacy fel. á 8 þ. 4stk. 165/70/13" á 8 þ. 4. stk. 255/60 18" á 15. þ. 4 stk 15" Astra felgur á 5 þ. 2 stk. 265/65 17" á 8 þ. S. 896 8568.

KEYPT & SELT

Verslun



Til sölu

Silunganet - - - Silunganet. Heimavík ehf. 892 8655.

Gefins

Óska eftir ísskáp og þvottavél gefins, má vera bilað. Uppl. í s. 896 8568.

Óskast keypt

Óska eftir ódýrum eða gefins húsgögnum. Uppl. í s. 824 7290 & 659 3575.

Hljóðfæri

Mikið úrval af nýjum og notuðum harmonikkum á frábæru verði! www.4you.is Kársnessbraut 114.

Til sölu nýr double kicker Axis Longboard. Verð 40 þús. S. 554 7212.

Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn, Síðumúli 35. S. 552 7095.

Tölvur

Óska eftir að kaupa fartölvu á 20 þús. Uppl. í s. 898 2265

Vélar og verkfæri

Ýmislegt

Felgur Vantar 16" orginal krómfelgurnar undir Chrysler pt/cruiser 2003, má vera ein felga. Uppl. í s. 894 2718 & 564 2817.

ÞJÓNUSTA

Hreingerningar

P.A. HREINSUN

Hreingerningar, bónleysing, bónun, gluggaþvottur og loftstokkahreinsun. Pétur S. 897 0514 www.pahreinsun.is Viðhald á loftræstikerfi. Guðjón Rafvirki S. 662 5500

Ertu að flytja? Og búin á því? Láttu mig um þrifin. Föst verðtilb. Flutningsþrif Bergþóru, s. 699 3301.

Tek að mér regluleg þrif. Fyrirtæki og heimili. Einnig flutningsþrif. Svæði ehf. S. 848 7367.

Tek að mér þrif í heimahúsum. Er rösk, vandvirk og býð sanngjarnt verð. S. 857 7776.

Garðyrkja

Góðverk almenn garðyrkja fyrir þig og þína. Afsláttur fyrir eldri borgara og öryrkja. S. 659 8797 & 848 1416, Eiríkur.

Tökum að okkur hellulagnir, skjót og góð þjónusta. SS hellulagnir. S. 691 8907.

Getum bætt við okkur verkefnum í hellulögnum, tyrfingum og drenlögnum. Föst verðtilboð. Uppl. í s. 869 8704.

Ódýr garðsláttur í sumar. Verð frá aðeins 5000 krónur hvert skipti. Sími: 847-5883

Blómstrandi garðar

Fellum tré, klippum og sinnum öðrum garðverkum. Garðsláttur og garðúðun. Þið hringið og við komum. Gerum tilboð. S. 695 5521.

Garðaþjónusta H.G.

Felli tré, klippingar, kantskurður, sláttur, mold og sandur. Öll helstu garðverk. S.699 8509.

Tökum að okkur allt sem viðkemur garðinum, auk allrar almennrar smíðavinnu - lögg. húsasmíðameistari. Vanir menn, snör handtök. Sælugarðar s: 824-1238

Bókhald

Bókhald, skattskil, skattframtöl, fjármálaþj., stofnun félaga. SMCO-reikningshald og ráðgjöf. S. 866 1605.

Málarar

Getum bætt við okkur málningar verkefnum úti jafnt sem inni. Vanir menn og vönduð vinnubrögð. Sími 896 5758.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

Búslóðarflutningar

Píanó flutn. og allir alm. flutn. Allar stærðir bíla. Aukamaður ef óskað er. Uppl. í s. 616 1108 & 692 7078.

Húsaviðhald

Prýði sf

Sprunguviðgerðir, steypum tröppur og flotum. Þakásetningar, rennur og niðurföll. Gluggaviðgerðir og smíði. Málun glugga. Öll almenn trésmíðavinna. Tilboð og tímavinna.
Áratuga reynsla. s. 864 7449 & 854 7449 & 565 7449

Glerjun/gluggaviðgerðir! Móðuhreinsun glerja

Sjáum um öll glerskipti, viðgerðir og breytingar utanhúss sem innan. Fyrir húseigendur og húsfélög. Tilboð þér að kostnaðarlausu. Fagþjónustan ehf, s. 860 1180.

Flísalögn, múrvinna, málun, smíði...

Viltu nýtt baðherbergi, eldhús eða breytingar innanhúss kláraðar. Iðnaðarmannateymi tekur að sér verkefni, smá og stór. Erum röskir og þrifum eftir okkur. www.husverk.is - S. 699 5678.

Magnhús ehf

Alhliða viðhald fasteigna, innan og utan. S. 847 6391 & 891 9890.

Flöt þök nýlagnir, viðgerðir og viðhald. 40 ára reynsla Hamraborg ehf. í s. 896 4947.

Stífluþjónusta

Tölvur

Vandaðar tölvuviðgerðir

Kem á staðinn og geri við. Viðurkenndur af Microsoft. 11 ára reynsla. Ríkharður - Miðnet ehf. S. 615 2000.

Nudd

Massage. Tel. 862 0283.

Spádómar

Kristjana spámiðill tekur fólk í einkatíma. Þeir sem til mín vilja leita pantið tíma í s. 554 5266 & 695 4303.

Dulspekisíminn 908 6414 & 553 5395

Spennandi tími fram undan? Spák. Yrsa: símaspá, draumaráðningar, fjarheilun, Visa/MC. Símatími 10-24 alla daga. Hringdu núna!

Spákona

Spái í 3 teg. spila, ræð drauma og fl. Tímap. í s. 891 8727 Stella.

661 3839 - Símaspá

Fast verð. ATH. stgr. Opið alla daga 20 -23.

Rafvirkjun

HEILSA

Heilsuvörur

Alveg nýtt á Íslandi - Lr kúrinn.

Viltu létta þig? Ég hef losnað við 14 kg á 9 vikum án svengdar og án sérstakrar hreyfingar. Til að fá upplýsingar og fría prufu þá hringdu í Halldóru í síma 869 2024 eða sendu tölvupóst á halldoragv@internet.is

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Árangur með Herbalife í 27 ár. Kaupauki í júní. www.lifsstill.is Edda Borg s. 896 4662.

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

Léttari og hressari með Herbalife. www.dagamunur.is Ásta s. 891 8902.

Nudd

Nudd nudd. Uppl. í s. 662 0841.

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

Gefðu dýrmætasta efni í heimi
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

TIL SÖLU

HEIMILIÐ

Dýrahald

5 Labrador strákar til sölu. Ættbók frá HRFÍ. Tilbúnir til afh. um miðjan júlí. Uppl. í s. 895 1038 & 471 3838 á kvöldin.

Hanasetrið auglýsir
Landnámshænan í öllum regnbogans litum til sölu. Verphænur, ungar, kynbótahanar og uppstoppaðir hanar. Áhugasamir hafi samband í s. 899 4600 eða á torfastadir2@emax.is

Gordon Setter hvolpar úr þekktustu veiðilínum Noregs og Danmerkur með ættbók frá HRFÍ, góðir heimilishundar. Tilbúnir til afhendingar. Áhugasamir hafi samband í síma 895 7263.

2 læður og 1 högni fást gefins vegna fluttninga. Gullfallegir fjörkálfar. S. 857 2406.

Mjög fallegir 7 vikna kettlingar fást gefins á gott heimili. Uppl. í s. 864 0972.

Til sölu 800 lítra sjávarbúr, sérsmíðað og ryðfrítt stál, með öllu, selst ódýrt 100 þús. S. 863 2515

Ýmislegt

Allt að 50% útsala, persnesk teppi, húsgögn, gjafavörur. www.zedrus.is, Hlíðasmára 11, Kópavogi. S. 534 2288.

TÓMSTUNDIR & FERÐIR

Ferðalög

Hefur þú áhuga á siglingum? Frá 20. júlí og fram eftir hausti er laust gestapláss á 26 feta skútu í Danmörku. 200DKR/dag eftir verðskrá FTLF. - bax1968@visir.is

Ferðaþjónusta



Sjóstangveiði - Andrea
Hvalaskoðun, Skemmtisiglingar. Tilvalið fyrir fyrirtæki og starfsmannahópa. Símar 562 2300, 898 3300. Nánari upplýsingar.www.sjostong.is, hvalalif@hvalalif.is

Gisting

Orlofshús á Akureyri
Til leigu orlofshús, 4 km frá Akureyri. Sólarhringurinn 17.500kr. & vikan á 90.000kr. leo79@internet.is - S. 897 5300, Leó. www.vadlaborgir.is

Orlofsíbúð á Akureyri
13.500,- kr. nóttin. Uppl. í s. 897 5300, netfang leo79@internet.is Leó.

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

Leigusali auglýstu frítt

Leigjandi leitaðu frítt

Leiga.is býður
✓ Leiguráðgjöf
✓ Mat á leigjendum
✓ Gerð leigusamninga og tryggingа

Leiga.is
Löggild leigumiðlun

Upplögð íbúð fyrir par eða einstakling

Björt og mjög vel skipulögð 57 fm íbúð á svæði 105 (við Kringluna) leigist frá og með 1.ágúst. Langtímaleiga. Einungis reglusamir og skilvísir einstaklingar koma til greina. Góð umgengni er skilyrði. Meðmæli og trygging. Verð 100 þ./mán. Allt innifalið.
Uppl. sendist á soley@frettabladid.is

Leigjendur, takið eftir! Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Til leigu / laus strax 2 herb. íbúð í Hafnarf. til leigu. Upplýsingar í síma 868 8186.

Kaupmannahöfn
Herbergi til leigu á Amager strax, með húsgögnum og interneti. 1 mán í senn, 700 metrar frá Amagerstrandpark. S. 0045 2820 2880.

Til leigu
Verktakar og fyrirtæki eiga til leigu 4 herb. íb. í rvk. Íb. leigist með öllum húsbúnaði og aðgang að þvottahúsi, svefnaðstaða er fyrir 6. Eingöngu leigt til fyrirtækja. Uppl. í s. 860 8410.

Húsnæði óskast

Stór fjölskylad óskar eftir 7 + íbúð í langtímaleigu. Uppl. gefur Guðbjörg í síma 820 8408 & 517 8401 eða senda á gb@fjolskyldan.org.

Námsmenn með eitt barn óska eftir 3-4 herb. íb. á svæði 170 eða 107 (þá nálægt Seltjarnarnesi) frá og með sept, jafnvel fyrr. Skilvísar greiðslur. Reyklaus og reglusöm. S. 860 0262 & 847 4557.

Fyrirtæki óskar eftir 4-5 herbergja íbúð/húsnæði á hofuðborgarsvæðinu til leigu fyrir starfsmenn. Reglusemi og skilvísum greiðslum heitið. Uppl. gefur Skúlí í s. 578 3030

Sumarbústaðir

Til leigu
vel búnir 2-4 manna bústaðir, 55 km frá Rvk. Fjölbreytt afþreying.m. Uppl. í síma 663 2712

Til sölu 46 fm sumarbústaður í Hraunborgum Grímsnesi ásamt 6 fm aukahúsi, kalt vatn og rafmagn, heitt vatn við lóðarmörk 5000 fm leigulóð með miklum gróðri golfvöllur og sundlaug á svæðinu. Uppl. hjá fasteignasölunni Kjöreign og í s. 899 5294.

Atvinnuhúsnæði

Til leigu 45 fm verslunarhúsnæði, hentar vel sem gallerý með stórum gluggum út á Vesturgötu. Verð 70 þús. Með hita og rafmagni. Uppl. í s. 617 8700.

Get haft til leigu 30-60 fm iðnaðarpláss. 20 mín. sunnan Hafnafjarðar. Uppl. í s. 894 0431.

Geymsluhúsnæði

Til leigu sér geymslubil 7, 10 og 17 m2. Einnig bretti. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

ATVINNA

Atvinna í boði

Verktakafyrirtæki í byggingariðnaði
Óskar eftir að ráða góðan smið eða húsasmíðameistara sem verkstjór. Verður að hafa góða stjórnunarhæfileika
Uppl. í s. 820 7060 & 820 7062.

SÓLON kaffi & bistro

Kaffi Sólon
óskar eftir að ráða Uppvaskara, aðstoðarfólk í sal og eldhús
Fastar vaktir eða aukavinna í boði
Frekari upplýsingar á staðnum alla daga frá kl 14 - 17 eða í síma 562 3232 á þeim tíma.

Nonnabiti
Starfskraft vantar í hlutastarf, reyklaus.
Uppl. í s. 899 1670 eða á staðnum.

SÓLON kaffi & bistro

Kaffi Sólon
óskar eftir að ráða: Uppvaskara, aðstoðarfólk í sal og eldhús
Fastar vaktir eða aukavinna í boði
Frekari upplýsingar á staðnum alla daga frá kl 14 - 17 eða í síma 562 3232 á þeim tíma

KAFFI BRENNSLAN RESTAURANT BAR

Kaffibrennslan
Starfsfólk óskast í allar stöður.
Vinsamlegast sendið umsóknir á 3000@safari.is

REGNBOGINN - leikskóli -

Regnboginn Leikskóli
Laus er staða leikskólakennara næsta skólaár og væri gott ef viðkomandi gæt hafið störf um miðjan ágúst. Áherslur skólans eru í anda Reggió-stefnunnar með áherslur á frjótt uppgötvunarnám barnanna og gæði í samskiptum. Regnboginn er staðsettur á Ártúnsholti.
Uppl. veitir undirrituð í s. 557 7071 & 899 2056. Einnig má óska e. viðtali á regnbogi@regnbogi.is Leikskólastjóri

Hlutastörf / helgar
Óskum eftir að ráða starfsfólk í hlutastörf, m.a. um helgar, á Shell stöðina við Hraunbæ og Select við Suðurfell.
Nánari upplýsingar veitir Pálína í síma 444 3000. Hægt er að fylla út umsóknareyðublað á www.skeljungur.is eða senda ferilskrá á starf@skeljungur.is.

Vaktstjóri
Óskum eftir að ráða vaktstjóra á Shell stöðina við Laugaveg. Um er að ræða almenna afgreiðslu ásamt umsjón með vaktinni.
Nánari upplýsingar veitir Pálína í síma 444 3000. Hægt er að fylla út umsóknareyðublað á www.skeljungur.is eða senda ferilskrá á starf@skeljungur.is.

Borgargrill
Óskar eftir fólki í vinnu. Mikil vinna fyrir duglega einstaklinga. Kvöld og helgarvinna. Íslenskukunnátta og 18 ára aldurstakmark.
Upplýsingar í síma 695 6869, Viðir, Borgargrill við Miklubraut.

Hlöllabátar Ingólfstorgi
Óska eftir starfsfólki á kvöldin og um helgar (næturnar). Ekki yngri en 18 ára.
Uppl. í s. 511 3500 & 861 0500, einnig á staðnum.

b5 Bankastræti

Vegna stækkunar vantar helgarstarfsfólk í eftirfarandi störf: barþjóna, þjóna í sal, og dyraverði. Umsóknir sendist á anna@b5.is

Ert þú sjálfstæður og öflugur sölumaður?
Tímaritaútgáfan Birtíngur auglýsir eftir duglegu og kraftmiklu fólki í sölustarf á kvöldin. Frábærir tekjumöguleikar, vinnutími frá kl 18-22, 2-4 kvöld í viku. Nánari upplýsingar fást hjá Ingu Huld, starfsmannastjóra í síma 515 5500 eða í tölvupósti ingahuld@birtingur.is

Framtíðarstarf. Starfskraftur óskast í matvöruverslun í Austurbænum, bílpróf æskileg þó ekki skilyrði, hlutastarf kemur til greina. Uppl. Kjöthöllin Háaleitisbraut 58-60 S. 553 8844.

Vélamaður óskast á beltagröfu. Jarðmótun ehf óskar eftir að ráða vélamann á beltagröfu. Framtíðarstarf, góð kjör og vinnuaðstæður. Uppl. í s. 892 0989 og netf. elias@jardmotun.is

Bílstjóri óskast á 4 öxla vörubíl. Jarðmótun ehf óskar eftir að ráða bílstjóra á vörubíl. Framtíðarstarf, góð kjör og vinnuaðstæður. Uppl. í s. 892 0989 og netf. elias@jardmotun.is

Vélarmenn
Vantar vanan mann á 16" hjólagröfu. Frá 9 júlí - 10 ágúst. Góð laun í boði fyrir réttan mann. Uppl. í s. 693 2609.

Byggingafyrirtæki óskar eftir smiðum eða vönum mönnum, einnig mönnum með vinnuvélaréttindi. Mikil vinna og góð laun í boði fyrir rétta aðila. Uppl. í s. 893 0174.

Duglegan starfskraft vantar í garðvinnu. Þarf helst að hafa bíl til umráða. Reynsla æskileg. Uppl. í s. 824 1238

Óska eftir manni til að keyra leigubíl í ca. 3 mánuði. S. 664 8891, Gylfi.

Málarar!
Vantar málara eða mann vanan málningavinnu sem fyrst. Upplýsingar í s. 898 6796 & 554 2619.

Veitingahúsið Kína Húsið Lækjargötu 8 óskar eftir starfsfóllki í sal. Hlutastörf. Upplýsingar á staðnum eða í s. 551 1014.

Philipseyjar. Okkur vantar fólk með tengsl til eyjanna. Opnum stórt fyrirtæki þar í ágúst. mikið í boði. Ir-einar@internet.is s. 662 5599.

Góður teiknari óskast
Þjóðsagnabók vantar góða teiknara til að teikna við þjóðsögur. Áhugsamir listhafendur sendi nafn og síma ásamt uppl. um sig á salo@salo.is eða í pósti til Fréttablaðsins merkt „Þjóðsöguteiknari"

FASTEIGNIR

Breiðagerði 14, Vogum

Heilsárshús á eignarlóð - Opið hús í dag frá kl. 17-18

Frum

182 fm tvílyft heilsárshús í Vogum, Vatnsleysustrandarhreppi, aðeins í 15 mín. akstursfjarlægð frá Hafnarfirði. Húsið er timburhús á steinsteyptri plötu og selst fullfrágengið að utan og fokhelt að innan. Gert er ráð fyrir heitum potti í öðrum turninum og arni í stofu á neðri hæð. **Lóðin er eignarlóð 1.500 fm að stærð með fallegu sjávarútsýni. Einstakt hús sem er engu öðru líkt. Sjón er sögu ríkari. Verðtilboð.**

Eignin verður til sýnis í dag, fimmtudag, frá kl. 17-18.
Sölumaður verður á staðnum
sími 821 0626
Verið velkomin!

FASTEIGNA-MARKAÐURINN
ÓÐINSGÖTU 4 - SÍMI 570 4500 - OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9–17
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

Atvinna óskast

VANTAR ÞIG STARFSFÓLK?
Útvegum starfsfólk frá Póllandi í allar stéttir atvinnulífsins.
Erum einungis með faglært fólk á skrá eða fólk með mikla reynslu.
Veitum trausta og góða þjónustu.
Verð 39.000.- m/vsk
UPPLÝSINGAR Í SÍMA 661 1888
FAGRÁÐNING
Sími 534 8886 - Fax 534 8887
Stangarhylur 7 - 110 Reykjavík

Karlkyns sjúkraliði óskar eftir atvinnu húsnæði verður að fylgja. Sími 822 0603 eða epli@internet.is

Vanur pípulagningamaður frá Lettlandi óskar eftir vinnu á Íslandi. S. 845 7158.

Auglýsingasími 512 5050
– Mest lesið

TILKYNNINGAR

Tilkynningar



TélyThailænding á Íslandi Rauðikrossinn. Ef einhver vantar að losna við allt ýmistlegt td. frá fötum til bíla eða bara til aðstoða þá með vinnu eða peningum endilega hafið samband í síma 893 8886 eða Engihjalli 8. Einnig er ýmislegt til sölu þar frá hernum td.

Einkamál

18plús.is.
XXX samfélag Íslendinga á netinu. Sýndu þig, sjáðu aðra. Vertu velkomin/n. www.18plús.is.

Celebrity.is
Núna 12.000+ myndir af fræga fólkinu á flottum vef. Nýjar myndir daglega.

Bylgjan á puttanum um landið í sumar
BYLGJAN 989
Dagskrá og nánari upplýsingar á bylgjan.is - ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

FASTEIGNIR

TIL SÖLU FASTEIGNIR Á SPÁNI
NÚ ER RÉTTI TÍMINN TIL AÐ EIGNAST ÞITT ANNAÐ HEIMILI Í SÓLINNI
FRÍ SKOÐUNARFERÐ OG UPPIHALD Á SPÁNI,
EF ÞÚ KAUPIR ENDURGREIÐUM VIÐ ÞÉR FLUGFARIÐ
LÖGHEIMILI EIGNAMIÐLUN
Jón Bjarni Jónsson
Sölufulltrúi
GSM: 896 1067
jonbjarni@logheimili.is
Jónas Örn Jónasson
Löggiltur fasteignasali
Lögmaður
GSM: 698 3600
jonas@logheimili.is
Skipholti 15 • 105 Reykjavík • Sími: 512 3600 • www.logheimili.is

FASTEIGNASALAN GIMLI 570 4800
Árni Stefánsson, lögg. fasteignasali
Grensásvegi 13, 2. hæð - 108 Reykjavík - Sími 570 4800
OPIÐ HÚS
KAMBASELI 53 - 109 RVÍK.
Frum

KAMBASEL 53 - 1. HÆÐ AUK BÍLSKÚRS
Falleg 93 fm 3ja herb. íbúð auk 26 fm sérstæðs bílskúrs (samtals 119 fm) í fallegu fjölbýli. Tvö stór svefnherbergi með skápum. Stór og björt stofa/ borstofa með útg. á suð-vestursvalir. Parket, flísar og dúkur á gólfum. Stórt þvottahús innaf eldhúsi. Bílskúr er fullbúinn með mikilli lofthæð. ÍBÚÐIN ER LAUS FLJÓTT. VERÐ 24,9 millj.
Þórhildur og Níels sýna íbúðina
í dag fimmtudag frá kl. 19-20

ATVINNA

Reykjanesbær
Kranamaður. Vantar vanan kranamann frá 15. ágúst. Upplýsingar Vigfús 840-6104
Pípulagnir. Vantar mann vanan pípulögnum sem fyrst. Upplýsingar Gulli 840-6115
Flísalagnir. Vantar vanan flísalagningamann sem fyrst. Upplýsingar Tómas 840-6121
Gifsveggir. Vantar mann vanan uppsetningu gifsveggja. Upplýsingar Kalin 840-6102
Nesbyggð ehf.

Einar Ben
Veitingahúsið Einar Ben óskar eftir starfsfólki á bar og í sal.
Upplýsingar veitir Stefán: 693 6526

allt atvinna
Alla sunnudaga

FASTEIGNIR

HÚSAVÍK FASTEIGNASALA
BORGARTÚN 29
SÍMI 510 3800
FAX 510 3801
WWW.HUSAVIK.NET
REYNIR BJÖRNSSON
LÖGG. FASTEIGNASALI
Opið hús í dag frá kl. 19:00 - 20:30
Grandavegur 5 - Þakíbúð
Frum

Glæsileg 3-4ra herb. 89,3 fm íbúð á 2 hæðum í fallegu ný viðgerðu steinhúsi í vesturbæum. Íbúðin er með gegnheilu parketi, mjög fallegri gluggasetningu og skiptist í eftirfarandi: Neðri hæð: Anddyri/hol, eldhús opið við borðstofu, stofu m. útg. út á suður svalir, svefnherbergi og baðherbergi. Ris skiptist í hol með þakglugga og svefnherbergi. Frá stofu er gengið út á svalir með fallegu útsýni.
Verð 27 millj.
Magnús Böðvar tekur vel á móti gestum í dag frá kl. 19:00 - 20:30, teikningar á staðnum.
Opið hús í dag frá kl. 19:00 - 20:30
Bústaðarvegur 95 - Sér inngangur
Frum

Vorum að fá í sölu vel skipulagða efri hæð og ris með sér inngangi í steinhúsi miðsvæðis í Reykjavík. Efri hæðin er 4ra herbergja 95,2 fm en að auki auk fylgir manngengt ris (ekki skráð í fm tölu íbúðar) sem búið er innrétta sem tvö stór herbergi með velux þakgluggum. Sameiginleg verönd í garði til suðurs. Búið er að endurnýja skolp, þak og rafmagn.
Verð 27,9 millj.
Auður tekur vel á móti gestum í dag frá kl. 19:00 - 20:30, teikningar á staðnum.
HÚSAVÍK – ÞAR SEM GOTT ORÐSPOR SKIPTIR MÁLI

Opin hús í kvöld á Selfossi
Sölusýning fimmtudaginn milli kl. 20:00 og 21:00

Tjaldhólar 2, 22 og 24
Vel skipulögð einbýlishús byggð úr forsteyptum einingum í Suðurbyggðinni. Húsin skiptist skv teikningu í stofu, borðstofu, eldhús, 4 svefnherbergi, baðherbergi, forstofu og þvottahús ásamt 34 m² bílskúr. Húsin afhendast í núverandi ástandi, rúmlega fokheld. Góð áhv. lán geta fylgt. Tilboð óskast.
Steini og Atli, sölufulltrúar,
taka á móti áhugasömum
Opið hús fimmtudaginn milli kl. 20:00 og 21:00

Fossvegur 2, Selfossi
Elvar og Svava á bjöllu
Mjög snyrtilega og vel skipulagða endaíbúð á annarri hæð í þessu vinsæla fjölbýli. Eignin er 95 m² og skiptist í bjarta stofu með útgengi útá góðar svalir, eldhús með fallegri innréttingu, tvö rúmgóð svefnherbergi, baðherbergi með nuddbaðkari, stórum sturtuklefa ásamt góðri innréttingu. Verð 19,7 millj.
Elvar eigandi sími 660 1182
tekur á móti áhugasömum
Frum
Opið hús fimmtudaginn milli kl. 19:00 og 20:00

Heimahagi 9, Selfossi
Endurnýjað 119,8 m² einbýlishús ásamt 39,0 m² bílskúr í grónu hverfi á Selfossi. Eignin skiptist í; forstofu, hol, geymslu, þvottahús, 3-4 svefnh., eldhús með nýlegri innréttingu, ný standsett baðherbergi og góða stofu. Gólfefni eru góð, flísar á þvottahúsi og baði en eikarparket er í öðrum rýmum. Verð 24,9 millj.
Steini sölufulltrúi sími 894 2045
tekur á móti áhugasömum.
Opið hús fimmtudaginn milli kl. 19:00 og 20:00

Álftarimi 10, Selfossi
Gott einbýlishús í grónu hverfi á Selfossi. Eignin er alls 178 m2 og telur; Stóra stofu, rúmgott eldhús,3-4 svefnh., forstofu, baðherbergi, þvottahús, hol ásamt stórum bílskúr. Gólfefni eru flísar og parket. Garðurinn er gróinn og snyrtilegur með stórum sólpalli. Verð 27,9 millj.
Atli sölufulltrúi sími 899 1178
tekur á móti áhugasömum.
ÁRBORGIR FASTEIGNASALAN
Austurvegi 38
Sími 482 4800
www.arborgir.is
Guðjón Ægir Sigurjónsson hrl. - löggiltur fasteignasali

Dverghólar 19
800 Selfoss
Vönduð eign á góðum stað

Stærð: 149,9 fm
Fjöldi herbergja: 4
Byggingarár: 2002
Brunabótamat: 23.650.000
Bílskúr: Já

Fimmtudag kl. 20:00 - 20:30

Verð: 30.900.000

4ja herb parhús með bílskúr, grónum garði og stórum sólpalli. Flísalögð forstofa með skápum. Eldhús flísalagt, með ljósum innréttingum og eyju. Stofan er björt með stórum gluggum. Opið er milli eldhúss og stofu og er hátt til lofts. Lagt fyrir skjávarpa í sjónvarpsholi. Hjónaherb er rúmgott og með góðu skápaplássi. Barnaherb tvö eru einnig rúmgóð með góðum skápum. Flísalagt baðherb með fallegri innréttingu. Örstutt í skóla. Húsið er innst í botnlanga. Góð lán fylgja.

RE/MAX Bær

Sturla
Sölufulltrúi
8640090

Ágústa
Lögg. fasteignasali
512-3400
agusta@remax.is

RE/MAX Bær - Malarhöfði 2 - 110 Reykjavík - Sími: 5123400 - www.remax.is

Skógarlundur 11
210 Garðabær
Komið og sjáið.

Stærð: 202 fm
Fjöldi herbergja: 5
Byggingarár: 1972
Brunabótamat: 28.810.000
Bílskúr: Já

í dag 05.07.2007 Kl 19:30-20:15

Verð: 54.000.000

*****REMAX Stjarnan kynnir***** *****Laus 15 ágúst*****

Einbýlishús á eftirsóttum stað í Garðabæ.
Staðsetning á eigninni er góð, lítil umferð, um 1000 m² glæsileg lóð.
Gengið er inn í glæsilegan garðskála með indverskum náttúru flísum og hita í gólfi.
3 svefnbergi. Baðherbergi nýlega endurnýjað.
Komið og sjáið góða eign í Garðabæ sem þið gætuð fallið fyrir.

RE/MAX Stjarnan

Björn S Ingólfsson
Sölufulltrúi
860 0299
bjo[illegible]@remax.is

Karl [illegible]
Sölufulltrúi
895 6406
kar[illegible]@remax.is

Rúnar S [illegible]
Lögg. fa[illegible]
517 3629
runar@remax.is

RE/MAX Stjarnan - Bæjarhraun 6 - 220 Hafnarfjörður - Sími: 5173629 - www.remax.is

RE/MAX FASTEIGNIR

Bóas
Sölufulltrúi
699 6165

Gunnar
Sölufulltrúi
899 0800

Stefán Páll
Löggiltur
fasteignasali

OPIÐ HÚS

Móhella 4, 221 Hafnarfjörður



Opið hús í dag milli kl. 18.00 – 19.00

Aðeins örfáir skúrar eftir

- Verð 3.500.000
- Engar hvaðir um vsk. stafsemi
- 26,3 fm
- Innkeyrsluhurð 240 x 259
- 3ja fasa rafmagn sértafla í hverjum skúr
- Vélslípuð golf
- Góð geymsla
- Gott til útleigu

BÓAS 699 6165 &
GUNNAR 899 0800
SÝNA EIGNINA

Allar RE/MAX fasteignasölur eru sjálfstætt reknar og í einkaeign

STUÐLABERG
FASTEIGNASALA

Guðlaugur H. Guðlaugsson
Löggilltur fasteignasali
laugi@studlaberg.is

Halldór Magnússon
Löggilltur fasteignasali
dori@studlaberg.is

Guðlaugur Ingi Guðlaugsson
Sölumaður
gulli@studlaberg.is

Lúxusíbúðir við Pósthússtræti í Keflavík

26 íbúða fjölbýli á 7 hæðum,
þar af tvær þakíbúðir
Einangrun að utanverðu og flísalagt
Stærð íbúða 100m² - 126m² / þakíbúð 160m²
Stæði í bílageymslu fylgir öllum íbúðunum
Fjórar íbúðir á hæð
Gott aðgengi og lyfta í stigahúsi
Glæsilegar innréttingar frá Trésmiðju Ella Jóns
Halogenbox innsteypt í loftaplötur
Vandaðar flísar á baðherbergi og þvottahúsi
Hiti í öllum gólfum íbúðar
Gólfsíðir gluggar
Sérlega vel hugað að hljóðeinangrun, m.a. með tvöföldum gólfum
Mjög mikil lofthæð í íbúðum
Verktaki er Meistarahús

Sölusýning fimmtudag frá kl. 18:00 - 20:00

20.900.000,-

Fasteignasalan Stuðlaberg · Hafnargötu 29 · 2. hæð · 230 Reykjanesbæ · Sími: 420 4000 · Fax: 420 4009 · www.studlaberg.is

YUCATAN SKAGI, **MEXIKÓ**

FÁGÆTT **FJÁRFESTINGARTÆKIFÆRI**

AKKURAT ÚTLÖND KYNNIR:

CAMPECHE PLAYA
GOLF MARINA & SPA RESORT

MEXIKÓ

- Til sölu **3000 3ja til 4ra herbergja glæsibúðir**, hver með sérverönd og heitum potti auk sundlaugar við hverja byggingu
- Eitt glæsilegasta **5 stjörnu resort í Latnesku Ameriku** í umhverfi sem státar af ótrúlegri menningararfleifð, náttúru og dýralífi
- 18 holu **Jack Nicklaus Signature** golfvöllur með glæsilegu klúbbhúsi, líkamsræktaraðstöðu og veitingastöðum
- **Snekkjubátahöfn** fyrir 150 báta, þurrkví, klúbbhúsi og veitingastöðum
- Miðbær með veitingastöðum, verslunum og íbúðum
- **5 stjörnu 500 herbergja hótel** með glæsilegri aðstöðu, auk Spa/heilsulindar með allri þjónustu
- Heilsugæslustöð, þyrlupallur, sæskjaldbökusafn og rannsóknarstöð, kapella og fleira
- **Öruggir leigumöguleikar** – viltu eignast skuldlausa íbúð á fáum árum?

KYNNING Á **GRAND HÓTELI**

FIMMTUDAGINN 05. JÚLÍ kl. 20.00 – 21.30

Akkurat fasteignasala ehf – Stórhöfði 27 110 Rvk.

Halla Unnur Helgadóttir löggiltur fasteignasali - **594-5000**

www.campecheplaya.com

JEAN COCTEAU
FÆDDIST Á ÞESSUM DEGI ÁRIÐ 1889

„Listamaður getur ekki útskýrt list sína frekar en blóm getur rætt garðyrkju.“

Franski rithöfundurinn Jean Maurice Eugène Clément Cocteau hélt því alltaf fram að hann væri fyrst og fremst ljóðskáld þrátt fyrir að hann hefði hæfileika á mörgum öðrum sviðum.

tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 5. JÚLÍ 1851

Vér mótmælum allir

Þjóðfundur var settur í alþingissalnum í Lærða skólanum í Reykjavík þann 5. júlí árið 1851. Hann fjallaði um réttarstöðu Íslands. Áður hafði Jón Sigurðsson ritað grein í Ný félagsrit um að með afsali einveldisins væru Íslendingar í raun frjálsir frá Dönum. Þeir hefðu einungis svarið konungi hollustueið en ekki dönsku þjóðinni. Þau orð féllu í frjóan jarðveg á Íslandi en Danir voru óhressir.

Á fundinum lögðu Danir fram nýtt frumvarp til stjórnlaga sem gerði ráð fyrir að grundvallarlög Dana tækju gildi á Íslandi og þjóðþing þeirra fengi víðtækt vald yfir málefnum Íslands. Meirihluti stjórnlaganefndar hafnaði frumvarpinu og samdi nýtt sem innihélt ýtrustu kröfur Íslendinga á þessum árum.



Þegar hefja átti umræður um hið róttæka nefndarálit vísaði Trampe greifi málinu aftur til nefndar og sleit fundi. Þá reis Jón Sigurðsson á fætur og mælti þessi frægu orð: „Og ég mótmæli í nafni konungs og þjóðarinnar þessari aðferð, og ég áskil þinginu rétt til, að klaga til konungs vors yfir lögleysu þeirri, sem hér er höfð í frammi.“ Þá risu þingmenn upp og sögðu flestir einu hljóði: „Vér mótmælum allir!“

Þessi varnarsigur Íslendinga var einn merkasti áfanginn á leiðinni til sjálfstæðis.

JÓN SIGURÐSSON
Sómi Íslands, sverð og skjöldur.

MERKISATBURÐIR

1080 Ísleifur Gissurarson lést þennan dag. Hann varð fyrsti biskup Íslands er hann var vígður á hvítasunnudag árið 1056 og sat í Skálholti.

1930 Fyrsta heimili hér á landi fyrir þroskahefta tók til starfa. Það var Sólheimar í Grímsnesi sem Sesselja H. Sigmundsdóttir stofnsetti ásamt þjóðkirkjunni.

1933 Hópflug Ítala. Sveit 24 flugvéla hafði viðdvöl í Reykjavík á leið frá Róm til Chicago. Balbo flugmálaráðherra Ítalíu var foringi sveitarinnar.

1968 Fyrsta Bítlalagið komst á vinsældalista í Bandaríkjunum. Það var From me to you er fór í 87. sæti. Del Shannon söng eigin útgáfu.

LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR

Fallegir legsteinar úr graníti, grágrýti, blágrýti, gabbró, líparíti og marmara.

Mikið úrval fallegra fylgihluta. Ljósker, blómavasar, englar, styttur, kerti og margt fleira.

Hafðu samband eða komdu við í verslun okkar.

www.shelgason.is
S:HELGASON
Skemmuvegi 48 200 Kóp. sími 557 6677

AFMÆLI

Jón Stefánsson söngstjóri er sextíu og eins árs.

Valdimar Örn Flygering leikari er fjörutíu og átta ára.

Gunnar Guðbjörnsson óperusöngvari er fjörutíu og tveggja ára.

Eva Marie Saint, leikkona er áttatíu og þriggja ára.

SÝNINGARSTJÓRINN „Við lögðum þá hugmynd til grundvallar í byrjun að velja um 100 atriði úr sögunni,“ segir Björn G. Björnsson hjá List og sögu sem hér er með tuskuna á lofti að pússa sýningargripi. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

UNGMENNAFÉLAG ÍSLANDS 100 ÁRA: SÖGUSÝNING Í LISTASAFNI KÓPAVOGS

Stiklað á stóru í sögu UMFÍ í máli, munum og myndum

„Þetta eru svipmyndir eða stiklur. Auðvitað er gríðarlega mikið efni til enda um 100 ára sögu að ræða,“ segir Björn G. Björnsson hjá List og sögu sem setur upp sögusýningu Ungmennafélags Íslands. Hún verður opnuð í dag í Listasafni Kópavogs, Gerðarsafni, á setningardegi 25. landsmóts félagsins sem einnig er haldið í Kópavogi.

Björn var önnum kafinn við uppsetningu sýningarinnar í gær en gaf sér þó tíma til að lýsa því hvað hann teldi henni helst til gildis. „Ég held að fjölbreytni sé lykilorðið því hér eru meðal annars munir, kvikmyndir, myndir, textar, verðlaunagripir og veggspjöld. Við lögðum þá hugmynd til grundvallar í byrjun að velja um 100 atriði úr sögunni til að gera einhver skil hér. Við köfum ekki djúpt í söguna en höfum sýninguna myndræna fyrst og fremst. Svo kemur bókin út í haust og þar er sagan öll.“

Bókin sem Björn nefnir er sem sagt saga Ungmennafélags Íslands sem Jón Magnús Ívarsson sagnfræðingur er að skrifa.

Glöggur texti á sýningunni bregður ljósi á starfsemi félagsins frá upphafi. Þar kemur fram að Ungmennafélag Íslands var stofnað 2. ágúst 1907 á Þingvöllum. Fyrsti formaður þess var Akureyringurinn Jóhannes Jósepsson glímukappi og að sjálfsögðu var keppt í konungsglímu á fyrsta fundi. Jóhannes var líka fyrirliði glímumanna sem fór á vegum UMFÍ á Ólympíuleika árið 1908. Hann keppti þar í grísk/rómversku fangi og komst í fjögurra manna úrslit en varð þá að hætta vegna meiðsla. Hann lauk því keppni ósigraður en taldist í 4. sæti.

Stofnendur Ungmennafélags Íslands voru fimm. Nú eru innan þess samtals 82 þúsund félagar í 19 héraðssamböndum og 12 félögum með beina aðild.

Ræktun lands og lýðs hefur jafnan verið á stefnuskrá ungmennafélaganna. Fyrir utan að efla íþróttaiðkun hafa þau staðið fyrir stofnun bókasafna, málfunda, útgáfu rita og almenns félagslífs. Þau notfærðu sér heitar laugar og byggðu víða litlar sundlaugar úr torfi og grjóti þar sem margir lærðu að synda. Einnig voru þau í fararbroddi við byggingu samkomuhúsa vítt og breitt um landið.

Fyrsta landsmót UMFÍ var á Akureyri árið 1909 en ekki komst regla á þau fyrr en eftir 1940. Það ár var haldið mót í Haukadal að frumkvæði Sigurðar Greipssonar og sóttu það á annað þúsund manns. Síðan hafa mótin yfirleitt verið á fjögurra ára fresti. Að sögn Björns Hermannssonar, framkvæmdastjóra mótsins í ár, má reikna með að gestir landsmótsins 2007 hlaupi á nokkrum tugum þúsunda.

Saga ungmennafélagshreyfingarinnar er samofin sögu þjóðarinnar í hundrað ár og sýningin í Gerðarsafni birtir skemmtilegt brot af henni.

gun@frettabladid.is

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Guðmundur Árni Guðjónsson,

Sunnubraut 17, Akranesi,

lést á Sjúkrahúsi Akraness þriðjudaginn 3. júlí. Jarðarförin verður auglýst síðar.

Fyrir hönd fjölskyldunnar,

Rafnhildur Katrín Árnadóttir.

Legsteinar og fylgihlutir

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

MOSAIK Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **550 5000.**

Það sem hafa ber í huga varðandi andlát og útför

Sverrir Einarsson

Hermann Jónasson

Geir Harðarson

Bryndís Valbjarnardóttir

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Suðurhlíð 35 Fossvogi • www.utforin.is
Vaktsími: **581 3300 & 896 8242 • Sólarhringsvakt**
Komum heim til aðstandenda ef óskað er
Kistur • Krossar • Sálmaskrár • Duftker • Blóm • Fáni • Gestabók • Erfidrykkja • Prestur Kirkja • Legstaður • Tónlist • Tilkynningar í fjölmiðla • Landsbyggðarþjónusta • Líkflutningar

Fyrirtæki okkar verður lokað í dag, fimmtudaginn 5. júlí, vegna útfarar

Sverris Norland

SMITH & NORLAND

HÚN ER KOMIN

acer **SANTAROSA**



Örgjörvi	**2.0GHz Core 2 Duo T7300** Intel PM965 Express 800FSB-4MB
Minni	**2GB Dual DDR2 800MHz** 1GB NAND flash
Harður diskur	**160GB 5400RPM** 5400RPM hraður og hljóðlátur
Skrifari	**8xDVD±RW DL skrifari** Skrifar DVD diska og CD-RW
Skjár	**15.4" WideScreen WXGA** Breiðtjaldsskjár með CrystalBrite
Skjákort	**256MB GeForce Go 8600M GT** Allt að 768MB deilt minni til viðbótar
Hátalarar	**High Definition 2.1 hljóðkerfi** Hljóðkort, hátalarar og hljóðnemi
Þráðlaust	**54Mbps þráðlaust netkort** Innbyggt Bluetooth 2.0+EDR
Netkort	**Gigabit 10/100/1000** Innbyggt 56k mótald
Stýrikerfi	**Windows Vista Home Premium** Flip 3D Navigation Area
Þyngd	**Aðeins 3kg með rafhlöðu** Rafhlöðuending allt að 3,5 tímar

ACER ASPIRE 5920WLMi CORE 2 DUO SANTA ROSA

INTEL CORE 2 DUO
Ný tækni frá Intel skilar sér í allt að 40% meiri hraða og minni orkuþörf en áður hefur þekkst

15,4" CRYSTALBRITE
15,4" Widescreen WXGA skjár með nýrri CrystalBrite tækni sem skilar ótrúlegri dýpt og skerpu

VEFMYNDAVÉL
1.3 Megapixel Acer Orbicam vefmyndavél innbyggð í skjáinn með 225° snúningsmöguleika

GEFORCE GO8600
GeForce Go 8600 skjákort með 256MB minni og getur nýtt allt að 768MB af vinnsluminninu

WINDOWS VISTA
Tölvan kemur uppsett með Windows Vista ásamt öllum uppfærslum, tilbúin til notkunar

TENGIMÖGULEIKAR
Innbyggður 5 in 1 kortalesari, 4xUSB 2.0, Firewire, Bluetooth, VGA, TV-outi, ExpressCard/34 o.fl.

VERÐ 169.900

Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl. Upphæðin er meðalgreiðsla á mánuði og er miðað við 48 mánaðarlegar jafnar afborganir. 3% stimpil og lántöku-gjald ásamt vöxtum er innifalið. Vextir eru samkvæmt ákvörðun TL á hverjum tíma og eru núna 17,5%.

TÖLVULISTINN

Nóatúni	17	Reykjavík. ☎	414 1700
Glerárgötu	36	Akureyri. ☎	414 1730
Hafnargötu	90	Keflavík. ☎	414 1740
Miðvangi	2-4	Egilsstaðir. ☎	414 1735

ENN MEIRI LÆKKUN

ALLAR VÖRUR MEÐ
50-70% AFSLÆTTI
DOROTHY PERKINS
SMÁRALIND

vísir www.visir.is
FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR

ÚTSALAN
er hafin
40%
afsláttur af öllum útsöluvörum
opið 10 - 18 í dag
eva
galleri laugavegi 91
s. 512 1715

STUÐ MILLI STRÍÐA Fallegir fjölga ljótum

ROALD VIÐAR EYVINDSSON HVETUR ALLA TIL AÐ SKOÐA FERMINGARMYNDIR TILVONANDI REKKJUNAUTA

Útlit spilar oftar en ekki stórt hlutverk í aðdráttarafli fólks og í sumum tilvikum getur það ráðið úrslitum í makavali. Vísindamenn benda á að tilteknir andlitsdrættir séu meira að segja líklegri en aðrir til að vekja hrifningu og telja að djúpstæðar sálfræðilegar skýringar liggi að baki, sem hafi jafnvel gengið í erfðir frá frummönnum.

Kenningin er notuð til að sýna fram á að stóreygðar konur með ávöl andlit þyki fagrar, af því að þær kalli fram verndunartilfinningu hjá karlkyninu. Axlabreiðir karlar séu hins vegar eftirsóttir af konum þar sem þeir veki með þeim öryggiskennd. Þetta og fleira eigi síðan sinn þátt í því að pör draga sig saman og eignast afkvæmi.

Samkvæmt þessu er fallegt fólk því bæði líklegra til að eignast maka og fjölga mannkyninu heldur en aðrir, sérstaklega þeir ljótu. Ef út í það er farið er þó voðalega skrýtið að ljótleiki skuli vera jafn útbreiddur og raun ber vitni, hafi þetta ferli viðgengist öldum saman.

Mér varð hugsað til þessarar kenningar þar sem ég horfði á lýtalækni skýra frá því í sjónvarpinu, að sífellt fleiri létu klippa sig, hefta og flysja til að uppfylla fegurðarstaðla og þannig auka möguleikana á að krækja sér í maka og börn.

Eins og lýtalæknirinn benti hins vegar á, hafa allar þessar aðgerðir þó ekki minnstu áhrif á gen, þannig að þótt fólk sé búið að láta sjúga burt fituna eða snyrta á sér goggginn eru líkur á að lýtin láti aftur á sér kræla þegar börnin koma í heiminn. Og þá er eins gott að hafa viðurkennt fyrir makanum að hafa lagst undir hnífinn, í stað þess að kannast ekki við neitt þegar kartöflunefið, skúffan og þriðja geirvartan skjóta óvænt upp kollinum.

Í ljósi þess er áhugavert að hugsa til þess að allt þetta ný-fallega fólk komi til með að fjölga ljótum hlutfallslega mikið á næstu árum, á meðan fegurðargenið deyr smám saman út eins og hver önnur risaeðla. Og ekki munu lýtalæknarnir hafa yfir neinu að kvarta.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið

Eftir Tony Lopes

Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell

Barnalán

Eftir Kirkman/Scott

Stórt blómstrandi
Gullregn
1499

Snædrífa **499**

Stórlækkað verð á garðplöntum

fimmtudag - sunnudags



allt að 60% afsláttur

Flauelsblóm	*10 stk*	499
Alyssur	*10 stk*	499
Silfurkambur	*10 stk*	499

Petúníur 199 *kr stk*

Trjáplöntur
Frábær tilboð

Sunnukvistur, *3 stk*	999
Fjallarifs, *3 stk*	999
Blátoppur, *3 stk*	999
Gullregn	1499
Birkikvistur, *3 stk*	999
Gljámispill, *3 stk*	999
Allar garðrósir, *m.a. Hansarós, Dornrós og Home and Garden*	799
Birki, *30-50 sm*	299
Aspir, *70-100 sm*	599
Himalayaeinir,	999
Íslenskur einir, *(Repanda)*	999
Allar fjölærar plöntur	30% afsl.

Hengilóbelía 499

Soldis
Silkitré & silkiblóm
Ný sending af sumarblómum

blómaval
heillandi heimur

Skútuvogur - Keflavík - Selfoss - Akureyri
Grafarholt - Kringlan - Smáralind

Kl. 12.00
Tómas Guðni Eggertsson, organisti Grundarfjarðar og Stykkishólms, leikur á Klais-orgelið í Hallgrímskirkju á hádegistónleikum kl. 12 í dag. Á efnisskrá Tómasar eru Prelúdía í g-moll eftir Dietrich Buxtehude, hinn frægi Kórall nr. 3 í a-moll eftir César Franck, Transports de joie d'une ame devant la glorie du Christ qui est la sienne úr L'Ascension III. sem Olivier Messiaen skrifaði 1933 fyrir hljómsveit en umritaði ári síðar fyrir orgel.

menning

menning@frettabladid.is

Álfar setjast að í Edens ranni

Þegar heldri konur vildu taka sér sunnudagstúr létu þær karlana keyra sig í Eden áður fyrr. Nú er ný kynslóð kvenna sæknari á önnur mið. Og þó. Á laugardag ætla fjórar vaskar myndlistarkonur að opna sýningu í Edens ranni. Þær eru Anna Hallin, Margrét Hlín Sveinsdóttir, Olga Bergmann og Steinunn Guðríður Helgadóttir en þær voru allar við myndlistarnám á sama tíma í Gautaborg.
Eden á sér djúpar rætur í þjóðarsálinni og tengist góðum minningum um framandi náttúru og ís með dýfu. Í mörg ár hafa líka erlendir ferðamenn uppgötvað ýmislegt sem staðurinn hefur upp á að bjóða á leið sinni um landið. Þar hafa löngum verið myndlistarsýningar, en listamenn verið af annarri kynslóð en þær stöllur.
Sýninguna kalla þær Álfavarp og segja hana tímabundna heimsókn ókunnra afla í þennan aldingarð þjóðarinnar: „Þessi öfl rannsaka og gera tilraunir með mannlíf og náttúru staðarins."
Verkin eru af ýmsu tagi: hljóðverk, myndverk í þrívídd og myndbandsverk. Áætlað var að sýningin yrði í Eden næstu þrjár helgar en forvitni um þessa samsetningu hins forna staðar í sínum túristastíl og hinna ungu framsæknu myndlistarkvenna kann að leiða til lengra sýningarhalds. - pbb

MYNDLIST Hluti af verkinu „SJÖ SAMTÖL" eftir Önnu Hallin.

> Ekki missa af

þætti um söngleikinn Allra meina bót eftir Jónas, Jón Múla og Stefán Jónsson fréttamann á Gufunni í dag kl. 15.03. Allra meina bót var frumsýnd 24. mars 1961 í Austurbæjarbíó og geymdi margar perlur laga sem fluttar verða í þættinum í upphaflegum útgáfum.

Leiðrétting

Ranghermt var í gær að Laufey Sigurðardóttir fiðluleikari væri upphafsmaður Sumartónleika við Mývatn. Það er Margrét Bóasdóttir hratt þeim af stað og hefur stýrt þeim í tuttugu ár. Laufey stendur fyrir tónleikahaldi þar um páska. Eru viðeigandi beðnar velvirðingar á þessum missögnum. - pbb

Sýningar á sögulofti

MR. SKALLAGRÍMSSON

Júlí: 5. kl.20 uppselt, 13. kl.20 uppselt, 14. kl.15 laus sæti, 14. kl. 20 uppselt

Ágúst: 11. kl.20, laus sæti, 12. kl.20, laus sæti, 18. kl.20, laus sæti, 19. kl.20, laus sæti, 25. kl. 20 laus sæti, 26. kl. 20, 30. kl.20, laus sæti, 31. kl.20 laus sæti

Leikhústilboð í mat:
Súpa, fiskréttur og kaffi kr. 2600
Súpa, kjötréttur og kaffi kr. 3200
Miða- og borðapantanir í síma 437 1600
Nánari upplýsinar www.landnamssetur.is

LANDNÁMSSETUR ÍSLANDS

TÓNLIST Kira Kira við æfingar í vikunni. F.v. Alex Somers (klukkuspil), Eiríkur Orri Ólafsson (trompet), Snorri Páll Jónsson (trommur), Kira Kira, Kristín Björk Kristjánsdóttir (gítar) og Pétur Hallgrímsson (kjöltustálgítar).

Kira Kira í kvöld í Iðnó

Tónlistarkonan Kira Kira eða Kristín Björk Kristjánsdóttir heldur tónleika í kvöld af því tilefni að hún hefur nú lokið upptökum á nýju safni tónsmíða sem væntanlegar eru á markað síðla árs eða í ársbyrjun 2008. Með henni á sviði gamla Iðnaðarmannahússins verða Seabear og Hudson Wayne. Herlegheitin hefjast upp úr tíu að kvöldi og verður vonandi friður fyrir lendingum einkaþotna yfir Tjörninni þessa kvöldstund.
Kira er nýkomin úr siglingu: hún var að túra um vesturströnd Bandaríkjanna, spilaði í San Diego, LA, San Francisco, Portland og Seattle. Með henni í för voru Mice Parade og Tom Brusseu. Þaðan hoppaði hún yfir meginlandið og lenti í Vermont og giggaði þar með Charalambides.
Áður en túrinn vestanhafs hófst hljóðritaði hún í Finnlandi efni á nýja plötu. Þar lögðu þarfa hönd á plóginn Samuli Kosminen, Eiríkur Orri, Alex Somers, Hilmar Jensson og Pekka.
Það er fáu lofað um prógrammið utan nýs efnis. Seabear mun leika efni af nýjum diski og Wayne fer með kyrrláta sveitasöngva. Miðasala er við innganginn. - pbb

„...frá því ég gat haldið á skærum"

Borin verða upp þau nýmæli í versluninni og menningarsetrinu 12 Tónum á næstu vikum að þar verður uppi myndlistarsýning: Það er listakonan Sigríður Níelsdóttir sem sýnir þar klippimyndir.

Að þessu sinni sýnir Sigríður 31 klippimynd sem hún hefur unnið að síðastliðið ár. Viðfangsefnið spannar allt litróf mannlífsins og bera myndirnar nöfn eins og Fuglaútópía, Skakki turninn á Íslandi, Knús er hollt, Mammon og Sápukúlur.
Þetta er önnur einkasýning Sigríðar, sem er á áttræðisaldri. Á sýningu Sigríðar í 12 Tónum í fyrra seldust allar myndir hennar upp á innan við tíu mínútum og fengu færri en vildu. Það má því búast við að heitt verði í kolunum á föstudaginn því Sigríður á sér marga og sanna aðdáendur.

Lífshlaupið

Lífsferill Sigríðar er um margt sérstakur: Eins og hún segir sjálf: „Rætur mínar liggja til tveggja landa. Faðir minn var Dani, móðir mín Þjóðverji. Ég fæddist í Kaupmannahöfn 25. febrúar 1930 og ólst upp þar. Það var mikil músík í kringum okkur. Faðir minn og bróðir spiluðu á fiðlu en móðir mín og við systurnar tvær lærðum á píanó. Það gamla hljóðfæri er nú á heimili systursonar míns. Mamma söng oft við hússtörfin og við systurnar sungum oft við uppþvottinn á kvöldin og skemmtum okkur prýðilega. Ég hugsa að ég hafi erft sönggleðina frá mömmu. Það var sungið í skólanum, í kirkjunni og í K.F.U.K., og svo var það útvarpið sem veitti okkur ríkulega af fallegri tónlist. Sem barn átti ég litla leirflautu og munnhörpur hef ég átt margar, á reyndar eina núna. Ég reyndi að spila á gítar en náði ekki tökum á því. 17 ára gömul keypti ég harmónikku, sem ég hafði með þegar ég fór til Íslands 1949, en ég varð að hætta við að spila á hana vegna bakveiki. 1960 var mér gefið gamalt stigið orgel, sem ég notaði um árabil. Síðan keypti ég mér rafmagnsorgel."

Brasilíuför

„1989 fór ég til Brasilíu og þar keypti ég mitt fyrsta, og síðar annað hljómborð. Þau skildi ég eftir þegar ég fór heim til Íslands 1997. Eitt af því fyrsta sem ég keypti hér var nýtt hljómborð, sem er nú bara galdratæki, sem gefur manni möguleika á að spila á öll möguleg hljóðfæri sem hjartað girnist. 2004 keypti ég það hljómborð sem ég á núna. Ég get ekki hugsað mér hvernig lífið væri án tónlistar!
Klippimyndir hef ég gert alla ævi eða frá því ég gat haldið á skærum, en þær myndir sem ég sýni nú hef ég unnið að síðastliðið ár."

Mikilvirkur tónlistarmaður

Sigríður hefur sent frá sér 58 geisladiska á undanförnum sjö árum, og hefur vakið verðskuldaða athygli hér heima og erlendis fyrir frumlega og einlæga tónlist sína. Umfjöllun um hana hefur birst í fjölmiðlum í Danmörku, Þýskalandi, Portúgal, Finnlandi, Póllandi og Japan svo nokkur dæmi séu tekin.
Þá er vinna við nýja íslenska heimildarmynd um Sigríði í fullum gangi en umsjón hennar er í höndum Kristínar Bjarkar Kristjánsdóttur (Kira Kira) og Orra Jónssonar í Slowblow.
Sýningin stendur frá 6. júlí til 1. september. Allir eru velkomnir en á opnuninni frá 16-18 í dag verða á boðstólum kaffi og með því að íslenskum sið. pbb@frettabladid.is

MYNDLIST Sigríður með verk sín en hún hefur sett saman klippimyndir frá því að hún var barn. FRÉTTABLAÐIÐ /HRÖNN

MYNDLIST Einn pollur Tuma á sýningunni. BIRT MEÐ GÓÐFÚSLEGU LEYFI LISTAMANNSINS

Tumi í Skaftafelli

MYNDLIST Tumi Magnússon myndlistarmaður.

Tumi Magnúson listmálari opnar á morgun sýningu í seyðfirska menningarsetrinu Skaftfelli. Á sýningunni gefur að líta tvö stór prent og myndverk á fimm skjám með hljóði. Efniviðurinn er eins og hefur verið um langt skeið hinn fljótandi litur og þaðan er nafnið komið á sýninguna: Pollar.

Sýninguna segir Tumi aðlagaða rýminu í Skaftfelli. Hann er að skoða eðli litarins, flökt hans á hreyfingu og litbrigðin, nema nú hefur hann gætt litinn hljóði: „Ég vil helst vinna á óskilgreindu svæði. Þar eru möguleikarnir, efinn, áhættan og spenningurinn. Forvitnin leiðir mann áfram og efinn ögrar manni. Það sem oftast á sér stað hjá mér er að viðfangsefnið, sem er gjarnan hlutur, efni eða lífvera, kemst í snertingu við einhvers konar rými, til dæmis herbergi eða ákveðinn myndflöt. Þetta gerist í gegnum ljósmynd eða video, þá tölvu, og síðan raunverulegt rými. Verkin mín geta kallast viðvarandi rannsókn á samruna hlutar og rýmis, myndar og ramma, framsetningar og teygjanleika. Verkin virðast oftast fá form sem tengjast málverki á einhvern hátt. Ekki vegna þess að ég óski þess sérstaklega, það er mér bara eðlilegt. Jafnvel 8 millimetra kvikmynd sem ég gerði 1980 er málverk í eðli sínu, jafnvel þó ég hafi ekki málað á námsárunum. Þetta gæti leitt mann að þeirri niðurstöðu að málverk sé hugarástand frekar en myndlistaraðferð. Efniskennd og pixlar, möguleikinn á að vinna með efni á óefniskenndan hátt er auðvitað þversögn. Það er samt ein hliðin á verkinu „Pollar“ sem ég sýni nú í Skaftfelli. Það er video, hljóð og ljósmyndainnsetning, sem er unnin á stafrænan, en um leið mjög efnislegan/líkamlegan hátt.

Tumi segist hafa unnið með þetta þema í langan tíma: „Pollar” tengist ljósmyndaverki sem ég gerði árið 1979. Það samanstóð af tveimur svarthvítum ljósmyndum sem settar voru upp á gagnstæðum veggjum. Önnur sýndi mjólkurdropa sem var að detta úr flösku. Hin sýndi dropann lenda í mjólkurpolli. Myndavélin, og þar með áhorfandinn, var á milli. Hljóðið er mjög mikilvægur hluti verksins, og undirstrikar rýmislega eiginleika þess. Það virkjar einnig áhorfandann, sem ósjálfrátt reynir að tengja hljóð og mynd.“

Tumi hefur um tveggja ára skeið dvalið í Kaupmannahöfn við kennslu í Konunglegu listaakademíunni þar sem hann veitir forstöðu annarri af tveimur málaradeildum. Hann sýndi síðast hér á landi í Ásmundarsal en átti verk á sýningu í Carlottulundi á liðnu ári.

Á sama tíma opnar sýning Árna Geirs Lárussonar og Jökuls Snæs Þórðarsonar á Vesturveggnum í Bistrói Skaftfell. Þeir munu einnig fremja tónlistargjörning í Bistrói Skaftfell kl. 17.00.

Sýning Tuma verður opin alla daga frá 13.00 til 18.00 og mun standa til 4. ágúst. Sýningin á Vesturveggnum verður opin á opnunartíma Bistrós Skaftfells og stendur til 18. júlí. **- pbb**

NÝJAR BÆKUR

Metsöluhöfundurinn Dean Koontz er höfundur bókarinnar Háspenna sem forlagið Skjaldborg gefur út. Þegar Billy Wiles finnur orðsendingu undir þurrkublaðinu á bílnum sínum tekur hann hana ekki ýkja alvarlega. Boðin eru frá sálsjúkum einstaklingi sem úthlutar Billy valdi yfir lífi eða dauða tveggja kvenna. Kannski er Billy ekki allur þar sem hann er séður og þegar hann þarf að berjast fyrir eigin lífi og þeirra sem standa honum næst magnast spennan næstum óbærilega. Þýðandi er Björn Jónsson.

Út er komin bókin 50 sannar íslenskar lífsreynslusögur. Sögurnar, sem eru allar úr íslenskum veruleika birtust í tímaritinu Vikunni á árunum 1999 til 2005. Það má því segja að í bókinni sé úrval bestu lífsreynslusagna Vikunnar yfir sex ára tímabil. Guðríður Haraldsdóttir, aðstoðarritstjóri Vikunnar, skrifaði meginþorra sagnanna og bjó sögurnar til prentunar. Lífsreynslusögur Vikunnar hafa verið gríðarlega vinsælar meðal lesenda Vikunnar og nú eru 50 slíkar sögur komnar saman í einni bók, á 250 blaðsíðum í kilju. Birtíngur gefur út.

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið

www.ellingsen.is



Njóttu lífsins í Fleetwood Niagara

Staðalbúnaður

- Vatnsþolnar eldhúsborðplötur með saumlausum köntum
- Saumlaust flon-þak með sambyggðum Rack Track-teinum, engar berar þéttingar
- Undirstöður sæta með máluðum málmramma
- Þak undirbúið fyrir loftræstingu
- Rafhemlar og 5 bolta nafir
- Fjórir stuðningsfætur með sandpúðum til að gera vagninn stöðugan
- Sveif fyrir lyftikerfi í mittishæð
- Galvaníseraðar stálplötur að framan og aftan með grjótvörn úr tígulplötu að framan
- Stálgrind úr holum bitum
- E-Z Lube Axle™ öxull og öflugar Slipper-blaðfjaðrir
- Álfelgur með krómuðum róm og krómuðum hjólkoppum.
- Gólf og rúmbotnar úr heilum Structurwood-plötum
- Þykkir állistar umhverfis vagn/rúm
- „Posi-Lock“-lyftikerfi úr ryðfríu stáli
- Hurð með álramma í einu lagi
- Snyrting með föstum veggjum
- Handklæðahengi, klósettrúllu-halda og snyrtispegill
- Miðjufestur kerrutjakkur með hjóli sem taka má af
- Skiptur Sunbrella® 302 tjalddúkur með gluggaflipum
- Fast eldhús með venjulegri hæð og tvíhólfa vaski, 3 gashellur
- 80 l vatnsgeymir undir gólfi
- 80 l grávatnsgeymir
- Þétt svampdýna (með áklæði og skrautflipa)
- Kæliskápur með frysti, 118 l, 3 stillingar
- 35 amp. straumbreytir með hleðslutæki
- Ljós fyrir útipall (aukatengill f/ljós)
- 4 hátalarar AM/FM stereó með geislaspilara
- Fatahengi
- Fóðruð glugga- og rúmtjöld, skrautkappi með fullri lengd
- Dyraþrep sem rennur út
- Öryggiskeðjur með pósitífri læsingu
- Varadekk, festing, felgulykill
- Gagnsær vínylgluggar
- Vínylhlíf fyrir varadekk
- Skreyttar skáphurðir
- Vínylhlíf fyrir LP-gaskút.
- 1–9 kg LP-gaskútar
- 12 V rafknúin vatnsdæla
- Notalegur setkrókur
- Hnífaparabakki
- Vatnsþolið matborð með saumlausum köntum
- Geymsluhólf með aðgangi utan frá
- Stuðari (10x10 cm sívalt geymslurými)

Útilegukortið

Kaupauki! Útilegukortið fylgir öllum Fleetwood-fellihýsum

Takmarkalausir gistimöguleikar um allt land!

Aðrar upplýsingar

Árgerð	2007
Rafgeymir	12 V 115 amp
Heildarlengd	587 cm (14 fet)
Heildarbreidd	226 cm
Lengd að innan	427 cm
Eigin þyngd	1430 kg
Heildarþyngd	1708 kg

Verðdæmi

Verð	2.195.000 kr.
Útborgun	200.000 kr.
Mánaðargreiðsla	

28.464 kr.*

*miðast við 84 mánuði

Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • www.ellingsen.is
Opið mánudaga–föstudaga 8–18,
laugardaga 10–16 og sunnudaga 12–16

Ellingsen
– fullt hús ævintýra

Ein vinsælasta áhorfendaíþróttin
Strandblak
laugardaginn 7. júlí kl. 14
Velkomin á Landsmót
- frábær fjölskylduhátíð fyrir alla
http://landsmot.kopavogur.is
LANDSMÓTUMFÍ
KÓPAVOGI 5.–8. JÚLÍ

Veislusetrið

Fundaaðstaða
Smáréttahlaðborð
Konfektkökur
Smurt brauð
Veislupjónusta
Veislusalur
Borgartúni 6
S. 699-1653 • 517-0102

LÉTT
BYLGJAN
967
- RÉTTU LÖGIN...ALLTAF!

TÓNLIST Í stundarhléi milli æfinga: Antonía Havesi, Hlöðver Sigurðsson og Þórunn Marinósdóttir.

Hádegistónleikar í Ketilhúsinu

Nú stendur yfir Listasumar á Akureyri og er margt um dýrðir í bænum. Í hádeginu á morgun verða tónleikar í Ketilhúsinu: það eru ungir listamenn sem stíga þar fram og flytja blandaða dagskrá þekktra sönglaga við undirleik Antoníu Havesi píanóleikara: Hlöðver Sigurðsson tenór og Þórunn Marinósdóttir sópran. Hefjast tónleikarnir klukkan 12.

Hlöðver er Siglfirðingur og naut kennslu við tónlistarskólann þar. Hann lærði fyrst á trompet en sneri sér svo að söngnum undir leiðsögn Antoníu. Áttunda stigi lauk hann frá Tónlistarskólanum á Siglufirði 2001. Síðan lagðist hann í víking, stundaði söngnám við Guildhall-skólann í London og Mozarteum-háskólann í Salzburg. Nú um stundir nýtur hann leiðsagnar Kristjáns Jóhannssonar.

Þórunn Marinósdóttir er úr Reykjavík. Hún stundaði einnig nám á hljóðfæri um árabil, lærði á fiðlu í tíu ár áður en hún sneri sér að söngnum. Hún var fyrst í Söngskólanum í Reykjavík og lauk þaðan prófi 2002. Framhaldsnám hefur hún stundað í Mozartheum frá 2003 til 2006. Hún er einnig í læri hjá Kristjáni Jóhannssyni.

Bæði hafa þau komið fram í óperusýningum í Austurríki og flutt söngdagskrár víða. Á tónleikunum á morgun syngja þau þekktar perlur óperubókmenntanna og íslenskra sönglaga, bæði einsöngslög og tvísöng. - pbb

Guðfaðir poppsins

Breski myndlistarmaðurinn Peter Blake – maðurinn sem gerði ásamt eiginkonu sinni umslag plötunnar Sergeant Pepper's, er sjötíu og fimm ára um þessar mundir. Hann heldur upp á afmælið með stórri málverkasýningu í Tate-safninu í Liverpool og hefur mátt þola nokkra gagnrýni í blöðum eftir að hún var opnuð í síðustu viku.

Sir Peter þarf reyndar ekki að láta það á sig fá þótt kornungir listfræðingar fúlsi við stórum olíuverkum hans. Hann hefur um marga ára skeið verið með vinsælli myndlistarmönnum á Bretlandi, er gjarnan kallaður guðfaðir poppsins þar í landi, sem er raunar nokkuð vafasamur titill. Hann er líka úr þeirri stétt samfélagsins sem hefur alltaf verið litið frekar niður á í yfirlætisfullri umfjöllun listfræðinga sem listamönnum eins og honum úr verkalýðsstétt hefur raunar verið frekar uppsigað við. Hann er úr verkalýðsstétt sem skýrir aðdáun hans á dægurlagahetjum, Presley, Everly Brothers og Bítlarnir; glímukappar, dvergar og stripparar eru hans fólk.

Blake hefur valdið nokkru umróti síðustu vikur. Hann lýsti því yfir opinberlega fyrir mörgum árum að hann væri hættur opinberum afskiptum að myndlist en

MYNDLIST Frægasta myndverk síðustu aldar, segir Damien Hirst.

MYNDLIST Sir Peter Blake.

framleiðir enn verk, bæði stök verk og print í fjöldaútgáfu. Umrótið var sökum þess að hann falbauð vinnuskála sinn til marga ára til sölu í heilu lagi. Hann hefur alla tíð verið sjúkur safnari á alls kyns furðugripi og fullyrða þeir sem hafa fengið að grúska í vinnuskálanum að þar leynist mörg gersemin og raunar gæti draslið sem hann hefur sankað að sér fyllt heilt safn. Kaupendur hafa ekki gefið sig fram enda verðið óljóst. Hann segist þurfa á fjármagninu að halda: þrátt fyrir langan feril séu sjóðir hans uppurnir og fátt eftir til elliáranna.

Ýmsir hafa tekið upp hanskann fyrir hann síðustu daga. Þar fer fremstur annar strákur úr verkamannastétt: ríkasti myndlistarmaður núlifandi, Damien Hirst. Hann fussar við athugasemdum hinna lærðu og segir að enginn geti efast um yfirburði afmælisbarnsins. Eftir hann liggi áhrifamesta listaverk síðustu aldar: umslagið um Sgt. Pepper's Lonely Hearts Club Band.

Sýning í Tate-safninu í Liverpool verður opin til hausts. - pbb

Hamingjudagar

Hamingjudagar skella á í Gallery Turpentine í eftirmiðdaginn þegar Guðrún Vera Hjartardóttir myndlistarkona opnar þar sýningu. Guðrún segist hafa smíðað sýninguna inn í rýmið á Ingólfsstrætinu þar sem Turpentine er til húsa. Verkin eru fjögur og passa inn: „Þau eru öll í stærri kantinum," segir Guðrún. Guðrún Vera hélt síðast sýningu á Íslandi í lok ársins 2005, þá í Listasafni Reykjavíkur – Hafnarhúsi. Sú sýning hét „Velkomin(n) til mannheima" og túlkaði m.a. fæðingu og fyrstu skref mannsins í gleymskunni eftir að hann var gerður brottrækur frá Paradís. Í Hamingjudögum skoðar listakonan hins vegar mannlegar fýsnir og freistingar, s.s. lygi, græðgi eða hvers kyns ofneyslu sem ætlað er að fylla upp í tómleika. Verk hennar hafa um langt skeið verið bernskar mannverur úr leir í hvítu rými, einmanakennd hefur svifið yfir vötnum í sköpun listakonunnar en nú segist hún stigin til jarðar og komin í mannheima. Verkin fjögur eru unnin með blandaðri tækni, mest í leir en fleiri efni koma til. Nú eru verur hennar komnar í föt. Grunnur verkanna er unninn í plastleir: „Svona eins og krakkar eru með á leikskólum," segir listakonan. Efnið er bæði þjált í mótun og hefur mjúka áferð þegar það harðnar, þótt steypa verði glerhjálmi yfir sum eldri verka hennar til að hlífa þeim við meiðslum. Hún segist hafa byrjað með tvo póla við undirbúning sýningarinnar: hungur og græðgi. Græðgin hafi unnið á í fyrirferð í vinnslunni. Hungrið þorrið, enda ekki eins sjáanlegt og græðgin.

MYNDLIST Guðrún Vera Hjartardóttir myndlistarkona. LJÓSMYND/VILHELM

Yfirskriftin er fengin að láni frá samnefndu leikriti Samuels Becketts. Þar sagði af hinni sælu frú sem sat í stórum sandbing og sökk æ dýpra í hauginn uns hausinn einn stóð upp úr. Guðrún segist ekki vera móralisti þótt lestir mannsins og fýsnir hafi att henni af stað í undirbúningi Hamingjudaga: „Ég er bara manneskja," segir hún og trúir á siðferðiskennd mannsins.

Sýningin stendur til 22. júlí.

MYNDLIST Fitan flæðir yfir mótið. Einn skúlptúra Guðrúnar Veru á sýningu hennar í Gallery Turpentine sem hún opnar á morgun.

LJÓSMYND/GUÐRÚN VERA. BIRT MEÐ GÓÐFÚSLEGU LEYFI LISTAMANNSINS OG GALLERY TURPENTINE

GÓÐ ÞJÓNUSTA UM ALLT LAND

Við bjóðum viðskiptavini okkar velkomna í nýja vínbúð á Hellu. Þú getur lagt land undir fót í sumar og fengið sömu góðu þjónustuna hvar sem er á ferðalaginu!

Kynntu þér fróðlegan bækling um sumarvínin í verslunum okkar. Upplýsingar um afgreiðslutíma vínbúða má nálgast á **vinbud.is**.

VÍNBÚÐ
lifum, lærum & njótum

www.vinbud.is

> GOTT GLÁP

Die Hard 4.0: Bruce Willis snýr aftur í hlutverk John McClane í ágætri hasarmynd sem líður fyrir lélegt illmenni.
Apocalypto: Þrekvirki Mels Gibson er komið á leigurnar og er forvitnilegt fyrir þær sakir að sumir hafa séð gyðingahatur út úr myndinni þrátt fyrir að hún fjalli um indjána.

bíó

bio@frettabladid.is

KVIKMYNDANJÖRÐURINN ERLA ÓSK ÁSGEIRSDÓTTIR FORMAÐUR HEIMDALLS

Schindlers List hafði gríðarlega sterk áhrif

Hvaða mynd sástu síðast í bíó? Það er orðið allt of langt síðan ég fór í bíó, en Borat var síðasta kvikmyndin sem ég sá. Húmorinn náði út yfir öll siðferðileg mörk og gekk ítrekað fram af mér, en ég hafði samt mjög gaman af.

Hvaða mynd sástu síðast á myndbandi?

Ég sá hina sígildu Footloose með Kevin Bacon í aðalhlutverki. Myndin var góð skemmtun, en um leið pínulítið hallærisleg þar sem árin eru farin að telja síðan hún kom út. Myndin gengur út á baráttu ungs fólks gegn forræðishyggju þar sem dans og rokk er bannað af yfirvöldum, sem er í rauninni ekki fjarri raunveruleikanum sem við búum við í dag þar sem stjórnvöld telja ýmsar lausnir felast í boðum og bönnum.

Hvaða kvikmynd hefur haft mest áhrif á þig? Schindlers List hafði á sínum tíma gríðarlega sterk áhrif á mig.

Hefur þú grátið í bíó? Já ég verð að viðurkenna það, en ég man einungis eftir tveimur skiptum – annars vegar yfir myndinni Titanic og hins vegar Moulin Rouge.

Uppáhalds íslenska persónan: Páll sem Ingvar Sigurðsson túlkaði svo vel í kvikmyndinni Englar alheimsins.

Mesta kvikmyndastjarna allra tíma: Sean Connery hefur staðist tímans tönn.

Mesta hetja hvíta tjaldsins: Mel Gibson í Braveheart.

Mesti skúrkurinn: Túlkun Cristians Bale á geðsjúklinginum Patrick Bateman í American Psycho gaf orðinu skúrkur nýja merkingu.

Hver er versta kvikmynd sem þú hefur séð? Það eru nokkrar myndir sem maður hefur hreinlega séð eftir að hafa eytt tíma í að horfa á. Gigli með Ben Affleck og Jennifer Lopez er með þeim verri.

Ef þú fengir að velja þér kvikmynd til að leika í, hvernig væri söguþráðurinn, hver væri leikstjóri og hver myndi leika á móti þér? Quentin Tarantino yrði leikstjóri í spennumynd sem gerðist í Suður-Afríku um Tarsan og Jane sem ég og Morgan Freeman myndum taka að okkur að leika.

Allen gerir Barcelona að Manhattan

Bandaríski leikstjórinn Woody Allen er byrjaður að sópa til sín leikurum fyrir sína næstu mynd. Meðal þeirra sem þegar hafa verið ráðnir eru Javier Bardem og Penelope Cruz og nýlega bættist Patricia Clarkson í hópinn. Fyrir þessari þrenningu fer síðan auðvitað Scarlett Johansson sem Allen virðist vera hugfangin af.

Woody hefur hingað til verið þekktastur fyrir að nýta sér umhverfi Manhattan og er raunar meinilla við að fara út fyrir landsteinana. En hann hefur á undanförnum árum verið að færa sig út fyrir landsteina og borið það fyrir sig að bandarískum kvikmyndaiðnaði sé meinilla við myndir sem ekki skili gróða. Þannig hafa þrjár síðustu myndir hans, Match Point, Scoop og Cassandra's Dream að mestu leyti verið framleiddar í Bretlandi og teknar þar upp. Bretar virðist vera jafn hrifnir af Allen og sveitungar leikstjórans í New York en sömu sögu er ekki að segja um aðra íbúa Bandaríkjanna. Allen hefur ekki farið leynt með andúð sína á Hollywood og þeirri peningamaskínu sem þar virðist ráða ríkjum. Og til marks um það hefur leikstjórinn aðeins einu sinni mætt til að vera viðstaddur Óskarsverðlaunaafhendinguna en það var árið 2002 þegar kvikmyndaakademían minntist fórnarlamba hryðjuverkanna í New York.

Sögusviðið að þessu sinni hjá Allen er hins vegar hvorki Manhattan né London heldur heimaborg Eiðs Smára Guðjohnsen, Barcelona, en Allen virðist vera ástfanginn af þessari höfuðborg Katalóníuhéraðsins. „Þetta á að vera ástarbréf til borgarinnar og vonandi næ

WOODY ALLEN Hyggst færa sig yfir til Spánar og gerir mynd í Barcelona.

JOHANSSON Ein örfárra unglingsstjarna sem halda sínu striki í Hollywood.

ég að fanga anda borgarinnar á sama hátt og ég hef gert með Manhattan," sagði Allen á blaðamannafundi nýlega.

Ekki hefur verið upplýst hver söguþráðurinn er en blaðamenn Empire leika sér með hugsanlegt handrit og skrifa á heimasíðu tímaritsins að hún verði að öllum líkindum um ljóta karlmenn sem fara á stefnumót með stúlkum sem eru sex sinnum fallegri en þeir. „Og að öllum líkindum verður hinn víðfrægi Gaudí-garður notaður á svipaðan hátt og Central Park." Áætlað er að tökur hefjist 9. júlí og því verði hún í Óskarskapphlaupinu.

Dráttarvéla-akstur
laugardaginn 7. júlí kl. 13
Velkomin á Landsmót
- frábær fjölskylduhátíð fyrir alla
http://landsmot.kopavogur.is
2007
LANDSMÓTUMFÍ
KÓPAVOGI 5.–8.JÚLÍ

Dagurinn sem þú hittir Guð

Kvikmyndin Evan Almighty var frumsýnd í gær en hún er sjálfstætt framhald Bruce Almighty sem sló í gegn fyrir fjórum árum. Þá fékk Jim Carrey að vera Guð en að þessu sinni er það Steve Carell sem fær skemmtilegt hlutverk hjá almættinu.



EKKI SVO ALMÁTTUGUR Evan Baxter virðist ekki ná að fylgja eftir gríðarlegri hylli Bruce Nolan fyrir fjórum árum.

Evan Baxter var fréttamaðurinn sem fékk að finna fyrir óþrjótandi valdi hins hégómagjarna Bruce. En margt hefur breyst síðan þá, Evan er hættur í fjölmiðlum og hefur verið kosinn á þing í Washington. Hann flytur því með alla fjölskyldu sína til höfuðborgarinnar og hlakkar til að geta þjónað bæði landi og þjóð. En þá kemur til kasta Guðs sem hefur allt annað í hyggju. Hann nálgast Evan og biður þingmanninn um að byggja örk, svipaða og Nói gerði forðum daga. Enda sé mikið flóð í vændum og því þurfi að bjarga mannkyninu frá glötun. Eða að minnsta kosti íbúum höfuðborgarinnar.

Eflaust væri hægt að halda langar ræður um hvað höfundurinn Steve Oedekerk hefur haft í huga þegar honum datt í hug að láta manninn vera Guð. Og svo að hann yrði nánasti samstarfsmaður hans í nútímanum. En það er eflaust engin tilviljun að Nói skuli koma til höfuðborgarinnar og eigi að smíða örk til að bjarga mannslífum og dýrum. Stjórnvöld þar í borg hafa verið harðlega gagnrýnd bæði innanlands og erlendis og þá hefur forsetinn George W. Bush verið duglegur við afla sér óvina og nýtur sífellt meiri óvinsælda heima fyrir en hann er sem kunnugt er mjög trúaður.

Kristnir trúarflokkar hafa á hinn bóginn tekið Evan Almighty opnum örmum en bókstafstrúarmenn eru áhrifamikill minnihlutahópur þar í landi. Þeir telja myndina vel til þess fólgna að skerpa aðeins á trúnni og kristnu líferni.

FUGLAMERGÐ Evan Baxter er hundeltur af dýrum í myndinni.

En gagnrýnendur hafa ekki verið hrifnir af þessu nýjasta útspili Steves Carell og Oedekerks og dómar um myndina eru ekki í samræmi við væntingar og vonir framleiðendanna. Carell hefur hingað til verið talinn ein skærasta stjarna bandarísk gamanleiks og bera vinsældir bandarísku útgáfunnar The Office þess glögg merki. Að ógleymdri Óskarsverðlaunamyndinni Little Miss Sunshine. Evan Almighty átti í reynd að steypa Jim Carrey endanlega af stóli sem fyndnasta manni Bandaríkjanna.

BRUCE ALMIGHTY Jim Carrey fékk að vera Guð og nýtti sér það til fullnustu.

Helstu biórýnar Bandaríkjanna hafa jafnvel margir gengið svo langt segja að ef Evan Almighty væri ekki svona meinlaus þá kæmi hún sterklega til greina sem versta mynd sumarsins. Handritið sé því miður veikt og mistakist að nýta sér alla þær Biblíutilvísanir sem hefði verið hægt að útfæra listilega. Washington hafi verið miðdepill pólitískra mistaka undanfarin ár og nægi þar að minnast á Íraksstríðið umdeilda og aðgerðarleysi stjórnvalda þegar fellibylurinn Katrína gekk yfir New Orleans og orsakaði ein mestu flóð í sögu Bandaríkjanna. Þetta hefði myndin getað nýtt sér með sögunni af Nóa sem forðaði hinum sanntrúuðu frá glötun eftir að mannkynið hafði reitt Guð sjálfan til reiði.

Evan Almigthy virðist því ekki vera sá hápunktur sem vonast hafði verið til fyrir feril Carells en stjarna hans ætti þó að komast ólöskuð frá borði. En toppnum verður eflaust náð fyrr heldur en síðar.

Tékkar mjög hrifnir af Mýrinni

Gagnrýnandi kvikmyndabiblíunnar Variety fer fögrum orðum um kvikmyndina Mýrina eftir Baltasar Kormák en hún var frumsýnd á Karlovy Vary-kvikmyndahátíðinni í Tékklandi á sunnudaginn. Segir Eddie Crockrell að myndin eigi eflaust eftir að vekja mikla athygli, hún höfði til margra og eigi vafalítið eftir að gera góða hluti á kvikmyndahátíðum úti um allan heim. Þá hrósar hann sérstaklega tæknilegu hliðinni.

Tékkneska vefsíðan blisty.cz sparar hins vegar ekki stóru orðin og segir þetta vera eina bestu mynd leikstjórans Baltasars. Hann sýni einstaka hæfileika til að blanda saman lífi, listum og skemmtun í eina heild sem sé hreint út sagt frábær. Baltasar er hlaðinn lofi í gagnrýninni og Mýrin fær fullt hús stiga. Hún er sögð uppfylla öll þau skilyrði sem breskar sakamálamyndir setji og það sé í raun sorglegt hversu lítið sjáist til hreinræktaðra sakamálamynda á borð við Mýrina.

Mýrin sló eftirminnilega í gegn hér á landi og sló gjörsamlega öll met í aðsókn. Myndin segir frá rannsóknarlögreglumanninum Erlendi sem rannsakar dularfullt morð á barnaníðingi. Með aðalhlutverkin fara þau Ingvar E. Sigurðsson, Atli Rafn Sigurðarson og Ágústa Eva Erlendsdóttir. Myndin er byggð á samnefndri bók Arnaldar Indriðarsonar.

MÝRIN Gagnrýnandi Variety segir Mýrina vera fína mynd en vefsíðan blisty.cz hrósar henni í hástert.

Ford

Nýtt tákn um gæði

Ka

Tékkaðu á hvernig þú eignast Ford Ka @ 1.189.900*

Komdu í Brimborg. Prófaðu Ford Ka.

Ef þú finnur betra verð á „eins bíl“ þá skaltu bara kaupa hann ;-)

Taktu Ka þrisvar á dag (sex á dag ef vel liggur á þér).
Komdu í Brimborg. Prófaðu Ford Ka í dag.

Ka er vistmildur. Ford Ka er lítill, sparneytinn og léttur smábíll sem tekur lítið pláss í umferðinni. Berðu saman fíl og kött. Hvor heldurðu að sé mildari gagnvart umhverfi sínu þegar litið er til dæmis þyngdar og matarþarfar? Svarið er augljóst, auðvitað Ford Ka!

Ka tú

GCI GROUP AUGLÝSINGASTOFA

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is

brimborg

Öruggur staður til að vera á

*Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

Ef hummus heillar þig...

... prófaðu þá líka Baba Ganoush. Í stað kjúklingabauna er uppistaðan í Baba Ganoush grilluð eggaldin, en annars er það náskylt hinu vinsæla hummus og er alveg jafn ljúffengt sem ídýfa með brauði.

matur&vín

maturogvin@frettabladid.is

MATGÆÐINGURINN HILDIGUNNUR ÞRÁINSDÓTTIR LEIKKONA

Mysan ómissandi í eldhúsinu

Hvaða matar gætirðu síst verið án?
Það er kjöt og fiskur, bara fæðuflokkarnir eins og þeir leggja sig. Og reyndar kartöflur líka.
Besta máltíð sem þú hefur fengið:
Minnið nær nú ekki mörg ár aftur í tímann, en á undanförnum mánuðum er það rosalega góð máltíð sem ég fékk á Sjávarkjallaranum. Ég fékk það sem þeir kalla Óvissuferðina á matseðlinum og hún hefði hreinlega ekki getað verið betri. Það var fimm, sex rétta máltíð með sjávarréttum, fuglakjöti og alls konar gúrmet-gúmmulaði.
Er einhver matur sem þér finnst vondur?
Innmatur. Hann er örugglega mjög hollur en fær því miður ekki pláss á matseðlinum hjá mér.
Leyndarmál úr eldhússkápnum:
Það er mysa. Ég nota hana í staðinn fyrir hvítvín í mat eins og risotto og fiskrétti. Hún þjónar sama hlutverki og hvítvín og er eiginlega nauðsynleg í eldhúsið.
Hvað borðar þú til að láta þér líða betur?
Þegar ég borða ofan í tilfinningarnar? Þá vil ég góðar máltíðir sem eru eldaðar af alúð og kunnáttu. Það lætur mér líða vel.
Hvað áttu alltaf til í ísskápnum?
Ég á alltaf til appelsínur og léttmjólk.
Ef þú yrðir föst á eyðieyju, hvað tækirðu með þér?
Þá held ég að ég hefði með mér ís. Brynjuís.
Hvað er það skrítnasta sem þú hefur borðað?
Ég man bara ekki eftir neinu mikið skrítnu. Ég er rosa lítið í því að borða froskalappir og svoleiðis mat.

FLJÓTLEG OG LJÚFFENG GRILLVEISLA Jón Arnar og Ingibjörg bjóða til grillveislu með marineruðum kjúklingi sem þarf bara að standa í um klukkustund.

Grillveisla í Mat og lífsstíl í kvöld

Athafnahjónin Jón Arnar Guðbrandsson og Ingibjörg Þorvaldsdóttir bjóða til grillveislu í þætti Völu Matt, Matur og lífsstíll, í kvöld. „Þetta var allt ofsalega fljótlegt og einfalt en alveg súpergott," sagði Vala hrifin.

„Jón Arnar og Ingibjörg marinera kjúkling sem þau setja síðan á grillið. Snilldin hjá þeim er sú að marineringin tekur ekki nema klukkutíma, bara svona rétt á meðan verið er að undirbúa matarveisluna," sagði Vala. „Þau eru líka með grillaðar kartöflur sem voru algjört sælgæti og mjög einfalt að gera.

Síðan bjó Jón Arnar til grillsósu til að hella yfir kjúklinginn. Hún var alveg ofboðslega fljótleg og ótrúlega góð," bætti Vala við.

GRILLAÐUR KJÚKLINGUR Í DÝRINDIS MARINERINGU

Niðurskorinn kjúklingur, magn fer eftir fjölda gesta

Marinering
1 mangó
2 msk sojasósa
1-2 msk ólífuolía
1 msk agave-síróp
1 msk hunang

SÓSA MEÐ KJÚKLINGNUM

Hlynsírópi og sojasósu blandað saman í glas og hellt út á grillaðan kjúklinginn.

Mangóið skorið í þunnar sneiðar. Sojasósu, ólífuolíu, agavesírópi og hunangi blandað saman. Mangó lagt á kjúklingabitana og blöndu hellt yfir. Marinerað í um klukkutíma.

Gerir sumarlegan kókosís

Jón Brynjar Birgisson er menntaður mjólkurfræðingur. Hann heldur úti rjómaísvef og framleiðir dýrindis ís heima í eldhúsi.

Jón Brynjar hefur ísgerðina þó ekki að atvinnu um þessar mundir. „Nei, ég starfa hjá Rauða krossinum eins og er. En ég hef unnið við ísgerð bæði hérna á Íslandi og í Danmörku," útskýrði hann.

Jón Brynjar segir ísgerð heima í eldhúsi ekki þurfa að vera mikla kúnst. „Það á hver sem er að geta gert þetta, það er til það mikið af einföldum uppskriftum," sagði Jón Brynjar.

FERSKUR KÓKOSÍS

800 ml kókosmjólk
150 g sykur
200 g frosið kókospuré

Öllu er blandað saman í þykkbotna stálpotti og hitað upp að suðu. Látið malla varlega við lágan hita í 3-4 mínútur. Varist að láta blönduna brenna við.

Blandan er kæld í 4-6 gráður og látin þroskast í a.m.k. 4 klst. Best er að gera hana degi áður en hún er fryst.

Með heimilisísvél: Ísinn er frystur og þeyttur í vélinni þangað til hann verður þykkur og mjúkur. Þá er hann settur í loftþétt frystiílát og látinn harðna í frystikistu í a.m.k. 2 klst.

Í höndunum: Blandan er sett í frystiílát og látin frjósa í 4 klst. Á því tímabili þarf tvisvar sinnum að brjóta ísinn upp með þeytara eða matvinnsluvél.

Áður en ísinn er borinn fram er gott að láta hann standa í 10 mínútur. Þá má skafa hann í kúlur.

Ísgerð með fitusnauðari vörum, á borð við kókosmjólkina sem Jón

ÍSGERÐ LÍTIL KÚNST Jón Brynjar Birgisson segir ísgerð heimavið ekki þurfa að vera mikla kúnst, nóg sé til af einföldum uppskriftum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

notar í uppskrift dagsins, getur þó verið aðeins snúnari. „Það er svona skemmtilegt að leika sér með það. En þá þarf að setja ísinn í frysti, taka hann út og þeyta hann aftur upp ef menn eru ekki með sérstök tæki til að gera það," sagði hann. Sjálfur á Jón ágætis ísgerðarvél sem hann pantaði af internetinu. „En það eru líka til hraeódýrar, fínar vélar í búðum á Íslandi," benti hann á.

Jón segir lítið mál að prófa sig áfram með bragðtegundir í ísgerðinni. Kókosísinn er aðeins einn af mörgum uppáhaldsístegundum hans. „Á sumrin er maður með mikið af ávaxtategundum – kókosís og ávaxtasorbet og fleira. Svo fer ég kannski meira í hefðbundnu tegundirnar yfir veturinn," sagði Jón. Þá er ís með hvítu súkkulaði í uppáhaldi hjá honum. „Það er ekta jólaís, hann er mjög þykkur og mikill. En það er svolítil kúnst að gera hann," bætti hann við.

Með kókosísnum mælir hann með íssósum úr framandi ávöxtum á borð við mangó og ananas. „Svo hef ég borið hann fram með Bailey's líka. Líkjörinn er það þykkur að ef maður notar lítið af honum er hann ágætis íssósa," sagði Jón. Vef hans er að finna á jon.blog.is. **sunna@frettabladid.is**

KRYDD Örveruástand hefur batnað á síðustu árum. Þetta kemur fram á vef Umhverfisstofnunar.

Gott ástand á kryddi

Örveruástand á kryddi hefur batnað á síðustu árum samkvæmt eftirlitsverkefni Heilbrigðiseftirlits og Umhverfisstofnunar. Tekin voru 106 sýni af kryddi og kryddblöndum og af þeim voru ellefu sýni yfir mörkum um örverufjölda en þetta kemur fram á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

Þetta sýnir að krydd sem selt er í verslunum hérlendis er almennt undir þeim mörkum sem miðað er við varðandi örverufræðileg gæði þess. Tíu prósent sýna stóðust þó ekki viðmiðunarmörk vegna myglusveppa og einnig greindust saurkólígerlar langt yfir mörkum í einu sýnanna.

FRÁBÆR TILBOÐ

250GB ICYBOX ÓDÝRASTA 3.5" SJÓNVARPS HÝSINGIN

BEINT Í SJÓNVARP
Horfðu á kvikmyndir í sjónvarpi, ljósmyndir úr fríinu eða hlustaðu á tónlist allt saman án tölvu

EINNIG 3.5" HÝSING
Virkar einnig sem venjulegur harðdiskaflakkari og tengist þá beint í USB tengi tölvunnar

BEINT Í GRÆJUR
Með fjarstýringunni getur þú spilað tónlist beint úr IcyBox spilaranum án tölvu eða sjónvarps

ÖRUGG VINNSLA
Raidsonic IcyBox sjónvarps spilarinn er í hæsta gæðaflokki og hentar vel á heimilið sem sumarbústaðinn



AUÐVELD Í NOTKUN
Spilar án vandræða alla mögulega staðla eins og AVI, DivX3-5, MPG, VOB, MP4, ASF, GIF og JPG

FYLGIHLUTIR
Allir helstu kaplar fylgja, einnig fullkomin fjarstýring sem er hlaðin af möguleikum

250GB 17.900

320GB 19.900

17.900

120GB FERÐAHÝSING

Western Digital

120GB PASSPORT 2
120GB Scorpio harður diskur frá Western Digital sem er 5400RPM og með 8MB buffer

2.5" FERÐAHÝSING
Glæsileg svört Western Digital Passport 2, USB2 ferða-hýsing tilbúin til notkunar

WESTERN DIGITAL
Betri, hljóðlátari, hraðvirkari og mest seldu hörðu diskarnir í dag á enn betra verði en áður

VERÐ 12.900

500GB HÝSING

FRÁ **580** KR MEÐ TÖLVU Á TL LÁNI

Western Digital

500GB My Book er glæsileg svört hýsing frá Western Digital, sem kveikir og slekkur á sér um leið og tölvan. Geymdu allar ljósmyndirnar, bíómyndirnar og alla tónlistina á einum stað

VERÐ 19.900

CANON MP180

Canon

Canon PIXMA MP180 er prentari 4800x1200dpi, skanni 1200x2400dpi og ljósritunarvél allt í einu tæki

VERÐ 11.900

CANON iP4300

Canon

Canon iP4300 er 5 hylkja ljósmynda-prentari með Cromalife 100 tækni og 9600x2400 punkta upplausn

VERÐ 12.900

COLORS IT

Svartur og grár kassi frá Colors It með öflugum 520W aflgjafa með lágværi 12cm viftu. USB2, og hljóðtengi að framan

VERÐ 4.990

COOLER MASTER

Svatur og grár Elite 330 ATX kassi frá Cooler Master með pláss fyrir 2 x 120mm viftum. USB2 og hljóðtengi, Tool Free design

VERÐ 6.990

700MB Memorex 10stk CD-R diskar í spindli

VERÐ 490

4,7GB Memorex 5stk 16x DVD-R eða DVD+R

VERÐ 790

700MB Memorex 10stk CD-R diskar í Jewel Case

VERÐ 790

700MB Memorex 25stk 52x CD-R í spindli

VERÐ 990

4,7GB Memorex 10stk 16x DVD-R eða DVD+R

VERÐ 990

4,7GB Memorex 10stk 16x DVD-R eða DVD+R

VERÐ 1.290

4,7GB Memorex 25stk 16x DVD-R eða DVD+R

VERÐ 2.490

4,7GB Memorex 50stk 16x DVD-R eða DVD+R

VERÐ 4.790

TÖLVULISTINN

Nóatúni	17	Reykjavík.	☎ 414 1700
Glerárgötu	36	Akureyri.	☎ 414 1730
Hafnargötu	90	Keflavík.	☎ 414 1740
Miðvangi	2-4	Egilsstaðir.	☎ 414 1735

Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl. Upphæðin er meðalgreiðsla á mánuði og er miðað við 48 mánaðarlegar jafnar afborganir. 3% stimpil og lántöku-gjald ásamt vöxtum er innifalið. Vextir eru samkvæmt ákvörðun TL á hverjum tíma og eru núna 17,5%.

fjörið ... fólk
folk@frettabladid.is

Harry Potter á heimaslóðum

Hundruð aðdáenda bókaraðarinnar um Harry Potter flykktust á Leicester Square í London á þriðjudagskvöldið, þegar fimmta kvikmyndin um ævintýri galdrastráksins, Harry Potter and the Order of the Phoenix, var frumsýnd á heimaslóðum hans.

Enskir aðdáendur börðu stjörnurnar augum í úrhellisrigningu, en þeir þurfa að bíða rólegir til 12. júlí þegar almennar sýningar á myndinni hefjast. Harry kemur hingað til lands 11. júlí næstkomandi.

ÆSTIR AÐDÁENDUR Rupert Grint, sem fer með hlutverk besta vinar Harrys, Ron Weasly, hvarf bókstaflega í fang æstra aðdáenda sinna á Leicester Square. NORDICPHOTOS/AFP

MIKILVÆGUR MÁNUÐUR J. K. Rowling, höfundur bókanna, stendur á tímamótum í mánuðinum, enda kemur síðasta bókin um Harry Potter út 21. júlí næstkomandi. Þar með lýkur sautján ára Harry-tímabili í lífi Rowling, sem fékk hugmyndina að bókunum árið 1990.

FYRSTA ÁSTIN Katie Leung snýr aftur í hlutverki Cho Chang. Í Order of the Phoenix smellir hún á Harry fyrsta kossinum.

SKUGGALEG Helena Bonham Carter leikur hina skuggalegu Bellatrix Lestrange í nýju myndinni og lét sig ekki vanta á frumsýninguna.

HEITUR HARRY Koma Daniels Radcliffe vakti mikla hrifningu aðdáenda. Radcliffe verður 18 ára í mánuðinum, en hann var einungis tíu ára gamall þegar hann fór fyrst með hlutverk Harrys Potter.

Mischa vill gáfaðan mann

Mischa Barton segist njóta þess að vera á lausu í fyrsta sinn í langan tíma. Hún sé jafnframt komin með nóg af því að vera með óþroskuðum mönnum. Mischa, sem þekktust er fyrir hlutverk sitt í The O.C., ætlar að finna sér fyndinn og gáfaðan mann næst þegar hún er tilbúin í samband. „Mér finnst mjög gaman að lesa svo hann verður að vera gáfaður. Ef hann er hrifinn af bíómyndum, bókum og tónlist verðum við góð saman.“

MISCHA BARTON Ánægð með að vera á lausu.

Paris og Lindsay Lohan á góðu róli

Hótelerfinginn Paris Hilton er alveg blússandi hamingjusöm þessa dagana enda nýsloppin úr fangelsi. Fjölmiðlafárið í kringum hana hefur verið rosalegt og 3,2 milljónir áhorfenda fylgdust með viðtali hennar við Larry King. Gaman er að geta þess að kappræður repúblikana fengu minna áhorf.

Paris fagnaði frelsinu á Hawaii nýlega þar sem hún bæði verslaði og lá í sólbaði. Ekki veitti af þar sem hörundslitur hennar var orðinn fulleðlilegur eftir fangelsisdvölina. Á leiðinni til Hawaii dundaði hún sér meðal annars við að horfa á myndbrot af sjálfri sér í viðtalinu hjá King. Þar sagði hún meðal annars að heimurinn ætti að búa sig undir nýja Paris.

Í gær var þjóðhátíðardagur Bandaríkjanna og af því tilefni skrifaði Paris nýja færslu á bloggið sitt. Þar segist hún meðal annars vera afslöppuð eftir Hawaii-ferðina og þakkar aðdáendum öll bréfin. Í lokin segir hún: „Gleðilegan þjóðhátíðardag, allir! Munið að vera ábyrg og aka ekki undir áhrifum. Ég er bara að passa upp á ykkur. Ég elska ykkur og vona að þið hafði það gott í sumar.“

Lindsey Lohan, vinkona Hilton, hefur ekki verið betur sett undanfarinn mánuð en í stað fangelsis hefur hún dvalið á meðferðarheimili. Hún er nú komin heim og lítur að margra mati mun betur út. Spókar sig um í sólinni með götumál í annarri og iPhone í hinni. Leikkonan hélt upp á 21 árs afmæli sitt nýlega og í stað þess að halda tryllt partí eins og til stóð áður en hún fór í meðferð hafði hún það notalegt í sólinni með vinum og fjölskyldu. Hún er þó ekki ennþá útskrifuð af meðferðarheimilinu Promises í Malibu og fer reglulega í eftirlit.

PARIS HILTON Viðtal hennar hjá Larry King fékk gríðarlegt áhorf en um 3,2 milljónir manna fylgdust með því.

LINDSAY LOHAN Spekúlantar segja að leik- og söngkonan líti mun betur út eftir meðferðina.

OPIÐ VIRKA DAGA FRÁ 10:00-18:30 OG LAUGARDAGA FRÁ 11:00-16:00

SUMAR TILBOÐ

Sjóðandi heit tilboð á tölvum og tölvubúnaði

500GB
SATA2 - 16MB BUFFER

Tölvutek er leiðandi í lágum verðum og er með eitt mesta úrval landsins af Western Digital og Seagate harðdiskum.

- Western Digital WD5000AAKS
- SATA2 tengi með 3Gb/s hraða
- 7200RPM snúningshraði
- 16MB buffer fyrir hámarks afköst
- 500GB hágæða harðdiskur
- Hvergi betra verð!

Western Digital

10.900

320GB
SPECIAL EDITION 16MB

Sarotech abigs margmiðlunarspilari með fjarstýringu, les og spilar flest alla staðla fyrir mynd og hljóð

- Tengist beint í sjónvarp eða græjur
- Hágæða kvikmynda afspilun
- Spilar ljósmyndir í slide show
- Spilar og geymir alla tónlist
- Er einnig handhægur flakkari
- Fjarstýring til að stjórna öllu fylgir
- Glæsileg og falleg hönnun

abigs

23.900
14.900 án harðdisks

320MB
GeForce 8800GTS

Það nýjasta í skjákortum í dag! Ofur öflugt GeForce 8 8800GTS skjákort með háhraða GDDR3 320MB minni, hlaðið nýjungum, betri grafík, meiri hraða og Direct X10 stuðning.

- GIGABYTE GeForce 8 8800GTS
- 320MB GDDR3 skjáminni
- 1600MHz 320 bit minni
- PCI Express 16X
- HD-TV, SVHS, RCA ofl tengi
- 2xDUAL-link DVI HDCP tengi

GIGABYTE

29.900

2480
ACER FERÐATÖLVA Á TILBOÐI

- Intel Celeron M420, 1.6GHz
- 512MB DDR2 533MHz minni
- 80GB ATA 5400RPM diskur
- Combo DVD lesari CD skrifari
- 14,1" WXGA 1280x800 skjár
- 128MB Intel GMA950 skjákort
- Ótrúlega létt aðeins 2.4KG
- Windows VISTA Home Basic

acer

59.900
VE12 **5.675** Á MÁN | VE LÁN Í 12 MÁNUÐI

ÞJÓNUSTUDEILD

Þjónustudeild okkar sinnir öllum verkum hvort sem er stórum eða smáum:

- Uppfærslur á vélbúnaði
- Gerum tölvur hljóðlátar
- Stýrikerfisuppsetningar
- Bilanaleit og lagfæringar
- Uppsetning og viðhald netkerfa
- Vírus- og Spyware hreinsun
- Hvergi lægra tímaverð!

2.990
HVER HAFIN KLUKKUSTUND

25 STK 16X DVD DISKAR

25stk 16X DVD geisladiskar frá Samsung og Verbatim í spindli á frábæru verði

1.990

Þráðlaust Logitech sett

Logitech X110 þráðlaust lyklaborð og mús, ábrenndir íslenskir stafir

3.690

Uppfærsla 2

- AM2 A64 Dual Core X2 3800+
- GIGABYTE 690V móðurborð
- 1GB DDR2 667MHz OCZ minni
- 512MB Radeon X1200 skjást.
- 7.1Dolby Digital DTS hljóðkort
- Gigabit netkort og 6xUSB2
- 100% GIGABYTE gæði í gegn

19.900
VE6 **3.648** Á MÁN | VE lán í 6 mánuði

TÖLVUTEK

Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

VE - Upphæðin er meðalgreiðsla á mánuði og miðuð við Visa/Euro skuldabréf með hagstæðum vöxtum, stimpil og tántökugjaldi inniföldu.

Birt með fyrirvara um breytingar og villur

Enn neistar milli Leo og Kate

Innanbúðarmenn á tökustað kvikmyndarinnar Revolutionary Road segja að samband Leonardo DiCaprio og Kate Winslet fyrir framan myndavélarnar sé engu síðra en það sem blasti við áhorfendum í vinsælustu kvikmynd allra tíma, Titanic, sem sýnd var fyrir réttum áratug. Leo og Kate leika elskendur í hinni nýju mynd og neistar á milli þeirra sem aldrei fyrr.

Leo og Kate hafa haldið góðu sambandi síðan þau léku í Titanic en þar áttu þau í stuttu en eldheitu ástarsambandi á hinu sögufræga skipi. Samleikur þeirra þar þótti með besta móti og laus við alla tilgerð. Leo er tíður gestur á heimili Kate og Sam Mendes, eiginmanns hennar, en hann leikstýrir einmitt Revolutionary Road og passar væntanlega vel upp á að neistinn á milli DeCaprio og sinnar heittelskuðu kvikni alls ekki utan hvíta tjaldsins.

NÁ VEL SAMAN Þessi mynd er frá tökustað Revolutionary Road og þykir sýna að það var engin tilviljun að þau Leo og Kate náðu eins vel saman í Titanic og raun bar vitni.

Bocelli syngur á Íslandi

Ítalski stórsöngvarinn Andrea Bocelli mun halda tónleika í Egilshöll þann 31. október en það er fyrirtækið Déjávu sem stendur að komu tenórsins. Undirbúningur hefur staðið yfir í rúm tvö ár.



ANDREA BOCELLI Celine Dion sagði eitt sinn að ef Guð væri með söngrödd þá myndi hún hljóma eitthvað í líkingu við rödd Bocellis. NORDICPHOTOS/GETTY

„Heildarfjöldi þeirra sem koma gagngert til landsins vegna tónleikanna er um 100 manns. Í þeirri tölu eru hljóðmenn, skipuleggjendur, hljóðhönnuðir, hljómsveitarmeðlimir og fleiri. Þá mun fullskipuð tékkneska sinfóníuhljómsveitin spila undir. Þetta er risastór pakki," segir Karl Lúðvíksson, framkvæmdastjóri framleiðslufyrirtækisins Déjávu, sem stendur fyrir tónleikum Bocellis í Egilshöllinni.

KARL LÚÐVÍKSSON Útvarpsmaðurinn fyrrverandi er farinn að flytja inn heimsþekkta tónlistarmenn.

Að sögn Karls hefur undirbúningur fyrir komu Bocellis til landsins staðið yfir frá árinu 2005. Fór þá af stað ferli sem lauk með því að Karl sjálfur hélt til Ítalíu á fund umboðsmanns söngvarans í maí síðastliðnum. „Þá var þetta loksins niðurneglt og það var mikill áfangi. Þessi hugmynd hefur blundað í mér í nokkur ár, enda er um að ræða einn vinsælasta klassíska poppsöngvara allra tíma sem er í miklu uppáhaldi hjá mörgum Íslendingum," segir Karl, sem sjálfur er mikill aðdáandi söngvarans. Umræddur fundur fór fram á heimili Bocellis í nágrenni Pisa á Ítalíu og varð Karl þeirrar gæfu aðnjótandi að hitta sjálfan söngvarann.

„Hann spurði mikið um Ísland og þá sérstaklega veðrið. Honum var mikið í mun að vita hvort hann þyrfti að vera í loðgalla þegar hann kæmi," segir Karl og hlær. „Hann var mjög hissa þegar hann heyrði af vinsældum sínum á Íslandi og hann hlakkar mikið til að syngja fyrir hóp sem hann hefur ekki sungið fyrir áður."

Andrea Bocelli er margverðlaunaður tenór og einn söluhæsti tónlistarmaður heims síðustu ár. Hann öðlaðist heimsfrægð fyrir rúmum áratug fyrir enska útgáfu sína á laginu Con te partirò sem margir ættu að þekkja sem Time to say goodbye. Bocelli hefur verið blindur frá tólf ára aldri en þykir búa yfir einstakri rödd. „Ef Guð væri með söngrödd, þá myndi hún hljóma eitthvað í líkingu við rödd Andreas Bocelli," lét söngkonan Celine Dion eitt sinn hafa eftir sér.

Tónleikarnir í Egilshöllinni verða svokallaðir sitjandi tónleikar og er gert ráð fyrir að sæti verði fyrir um 6.000 manns. Miðasala hefst á næstu dögum og fer fram á midi.is. **vignir@frettabladid.is**

SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

EVAN ALMIGHTY	kl. 4 -6 - 8 - 10	
DIE HARD 4.0	kl. 5 - 8 - 10.45	14
DIE HARD 4.0 LÚXUS	kl. 5 - 8 - 10.45	
FANTASTIC FOUR 2	kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10	
HOSTEL 2	kl. 8 - 10.10	18
SPIDERMAN 3	kl. 5	10

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

DIE HARD 4.0	kl. 5.40 - 8.20 - 11	14
PREMONITION	kl. 5.45 - 8 -10.15	12
FANTASTIC FOUR 2	kl. 6 - 8.20 -10.30	
THE HOAX	kl. 5.30	12
28 WEEKS LATER	kl. 10.10	16

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnbogunum nema lúxus

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

EVAN ALMIGHTY	kl. 6 -8 - 10	
DIE HARD 4.0	kl. 5.15 - 8 - 10.45	14
PREMONITION	kl. 8 -10	12
FANTASTIC FOUR 2	kl. 6 - 8 - 10	

SÍMI 462 3500

EVAN ALMIGHTY	kl. 6 - 8 - 10	
DIE HARD 4.0	kl. 8 - 10.20	14
PREMONITION	kl. 6	12

MIÐASALA Á midi.is BÍÓ.IS

FRÉTTIR AF FÓLKI

Nicole Richie ætlar að fjölga mannkyninu, samkvæmt vefritinu TMZ.com, sem greindi frá því á þriðjudag að stjarnan væri ólétt en þrálátur orðrómur þess efnis hefur vaðið uppi í slúðurpressunni að undanförnu. Richie hefur átt í sambandi við **Joel Madden**, söngvara Good Charlotte, í um hálft ár. Samkvæmt InTouch Magazine ætla þau að ganga í það heilaga í sumar. Richie á að mæta fyrir rétt 11. júlí vegna gruns um ölvunarakstur í desember síðastliðnum. Ef stjarnan verður sakfelld þarf hún að verja minnst fimm dögum í fangelsi, ólétt eða ekki ólétt.

Miðað við fréttaflutning slúðurblaðanna vestra er Richie ekki ein um að huga að fjölgun. **Christina Aguilera** mun líka eiga von á barni með eiginmanni sínum, **Jordan Bratman**. Heimildir New York Post herma að söngkonan sé komin um þrjá mánuði á leið og byrjuð að færa vinum og vandamönnum gleðitíðindin. Talsmaður Aguilera sagðist ekki staðfesta neitt en hefur ekki heldur neitað orðrómnum.

Nick Lachey, fyrrverandi hr. **Jessica Simpson**, er ekki sáttur við myndir sem ljósmyndarar náðu af honum og núverandi kærustu hans, **Vanessu Minnillo,** í fríi í Mexíkó. Myndum af parinu þar sem þau liggja nakin í sólbaði og láta vel hvort að öðru í heitum potti hefur verið dreift á netinu. Lachey segir fáránlegt að myndirnar hafi vakið svo mikið umtal. „Það er ekki eins og ég hafi verið gripinn með mexíkóskri hóru," sagði hann.

Brad Pitt verður í aðalhlutverki í endurgerð á myndinni Bullitt frá árinu 1968. Þar fetar hann í fótspor **Steve McQueen** og tekst á við hlutverk leynilögreglumannsins Franks Bullitt. Þeir sem til þekkja segja Brad eiga margt sameiginlegt með McQueen – hann sé til dæmis hrifinn af mótorhjólum og hraðskreiðum bílum. Kvikmyndin er einmitt þekkt fyrir að innihalda einn besta bílaeltingarleik kvikmyndasögunnar, þar sem Mustang Bullitts brunar um hlykkjóttar götur San Francisco-borgar. Brad var fyrst orðaður við hlutverkið árið 2003, en það er ekki fyrr en nú sem ákveðið hefur verið að framleiða myndina.

Velkomin aftur

Einmitt þegar ég hélt að White Stripes væru búin að „missa það" snúa þau tvíefld til baka og stinga puttanum beint framan í okkur efasemdamennina. En hvað átti maður annars að halda? Get Behind Me Satan var nær sálarlaus með öllu og virkaði líkt og herra Jack White væri eingöngu að þessu peninganna vegna. Ekki skánaði dæmið þegar The Raconteurs birtist í fyrra. „Vá" hugsuðu væntanlega margir með sér þá. „Leiðinlegur framapotagrautur" var hins vegar það sem flaug í gegnum huga minn. Og ég þori alveg að viðurkenna mistök mín núna, ég gafst upp á Jack White alltof fljótt. Icky Thump er samt kannski ekki besta verk White Stripes til þessa en svífur á köflum léttilega inn í flokkinn með A+ efni sveitarinnar.

Það fyrsta sem maður tekur eftir á plötunni er að spilagleðin er augljóslega aftur höfð í fyrirrúmi og á þeim stundum er nefið hans Jack hvað næmast fyrir vænum melódíum. Önnur gleði, sköpunargleðin, blómstrar einnig á ný. Tilraunamennskan fer samt aldrei í gönur sem er ein mesta snilldin við The White Stripes. Einfalt afturhvarfsrokk sem hefur verið kryddað þannig að það helst nýtt og brakandi ferskt. Besta dæmið er lagið Conquest. Gamalt Patti Page lag sem var upprunalega samið af Corkey Robbin. Stórkostlegur rokkslagari með líflegum slurk af mexíkósku trompeti sem tónar á fáránlega flottan hátt við nagandi gítarriff Jack.

Hráustu gítartónarnir eins og í fyrrnefndu lagi, 300 M.P.H. Torrential Outpour Blues, Catch Hell Blues og eiginlega flestum lögum plötunnar eru líka þeim hæfileikum gæddir að fá mömmur til þess að öskra á mann að lækka í í tónlistinni. Yfirleitt þegar slíkt gerist eru menn á réttri braut.

Mikið lifandi skelfingar ósköp er ég feginn að ég hafði rangt fyrir mér varðandi Jack White... og auðvitað Meg líka. Icky Thump er með bestu plötum ársins og sannar enn og aftur hvað einfaldleikinn getur gefið mikið af sér.

Steinþór Helgi Arnsteinsson

TÓNLIST

Icky Thump

The White Stripes

★★★★

Hrá, grípandi og sveitt. Já, dúettinn The White Stripes er aftur búinn að finna fjölina sína.

DEBENHAMS
útsalan
í fullum gangi
30 til 70%
afsláttur af völdum vörum
KOMDU OG GERÐU GÓÐ KAUP!
Alltaf
DEBENHAMS
-FER ÞÉR VEL!
ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/ÍSLAND DEB 33217 06/2007

> Óvissa með framtíð Ágústs

Ekkert verður af því að körfuboltaþjálfarinn Ágúst Björgvinsson fari utan til Litháens og taki við liði sem er á vegum hins sterka liðs L. Rytas en það er eitt af 20 bestu körfuboltaliðum Evrópu. Það dæmi datt upp fyrir á endanum og Ágúst er þar með aftur kominn á markaðinn í leit að starfi. Einhver lið hugsa sér eflaust gott til glóðarinnar að næla í Ágúst sem náði frábærum árangri með kvennalið Hauka síðustu ár en undir hans stjórn vann liðið allt sem hægt var að vinna hér heima og fór svo í Evrópukeppni.

sport
sport@frettabladid.is

PÁLMAR PÉTURSSON OG BJÖRGVIN PÁLL GÚSTAVSSON: FÓRU Á MARKVARÐANÁMSKEIÐ Í SVÍÞJÓÐ

Tommy Svensson er snarbilaður snillingur

Tveir efnilegustu handboltamarkverðir landsins – Pálmar Pétursson og Björgvin Páll Gústavsson – eru nýkomnir heim frá Eskilstuna í Svíþjóð þar sem þeir sóttu markvarðanámskeið hjá tveim af bestu markvörðum Svía fyrr og síðar, Tommy Svensson og Claes Hellgren.

„Þetta gekk ótrúlega vel og námskeiðið fór fram úr björtustu vonum sem þó voru háar," sagði kampakátur Pálmar Pétursson. Hver einasti dagur hjá strákunum hófst klukkan átta með morgunmat og svo voru fyrirlestrar frá níu til hálf ellefu. Í kjölfarið var þrek með Tommy Svensson. Svo kom hvíld í nokkra tíma en seinni partinn var annar fyrirlestur og svo tveggja tíma æfing um kvöldið.

Alls voru fimmtán markverðir á námskeiðinu frá Íslandi, Svíþjóð, Danmörku og Noregi. Pálmar heillaðist af báðum markvörðunum og þá sérstaklega af Svensson.

„Tommy er snarbilaður snillingur. Gaurinn er 39 ára gamall en samt í þrisvar sinnum betra formi en maður sjálfur. Hann er bilaður. Honum dugar ekki að taka venjuleg hopp heldur verður helst einhver að kýla í magann á honum á meðan. Hann kom mér verulega á óvart því hann er allt öðruvísi en maður hélt að hann væri. Verulega indæll og maður fann á þeim báðum að þeir vildu að maður væri betri markvörður," sagði Pálmar en Svensson gaf öllum strákunum símanúmerið sitt og tölvupóstfang og sagði þá mega hafa samband hvenær sem væri með einhverja ráðgjöf eða annað.

Claes Hellgren hefur aftur á móti boðist til að vera markvarðaþjálfari þeirra félaga áfram. Það færi þannig fram að Hellgren fengi sendar spólur út með þeim félögum og svo væri hann í sambandi í kjölfarið með ráðgjöf.

Þessi þjónusta er aftur á móti ekki ókeypis og strákarnir vonast til að HSÍ og félögin hlaupi undir bagga með þeim enda ekki hlaupið að slíkri aðstoð og það frá þjálfurum sem kunna manna best að þjálfa markverði. „Þjálfun markvarða hefur rosalega mikið að segja og skólunin í Svíþjóð er það góð að lélegir markverðir þar verða að miðlungsmarkvörðum á meðan góður markvörður hér verður líka miðlungsmarkvörður en ekki mikið meira enda vantar hefðina og þjálfunina. Vonandi njótum við liðsinnis Hellgren áfram. Það væri frábært," sagði Pálmar.



Ferðir á Old Trafford

Manchester United klúbburinn og Úrval Útsýn standa fyrir fjölda ferða á heimaleiki Man.Utd í ágúst, september og október

Beint áætlunarflug til Manchester með Icelandair, gisting á hinu vinsæla Novotel hóteli í miðborg Manchester og miðarnir á leikinn eru í suðurstúku vallarins

Farið er á eftirfarandi leiki

Man.Utd v Reading	10-13 ágúst
Man.Utd v Tottenham	24-27 ágúst
Man.Utd v Sunderland	31 ágúst - 3 september
Man.Utd v Chelsea	21-24 september Uppselt
Man.Utd v Wigan	5-8 október
Man.Utd v Middlesboro	26-29 október

Verð: 66.500 kr. á mann í tvíbýli

Innifalið: flug, skattar, gisting í 3 nætur með morgunverði, rútur til og frá flugvelli, miðinn á leikinn og íslensk fararstjórn.

Nánari upplýsingar og skráning með tölvupósti tonsport@uu.is, í síma 585-4000 eða á heimasíðu okkar www.uu.is

Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu

LÉTT BYLGJAN 967

Ekki neikvætt að koma heim

Ólafur Örn Bjarnason er á heimleið ef af líkum lætur. Hann klárar tímabilið í norsku úrvalsdeildinni þar sem hann leikur með Brann. Ekki er sjálfsagt að hann snúi aftur í Grindavík en hann útilokar ekki heldur að spila áfram erlendis.

FÓTBOLTI Ólafur Örn Bjarnason, landsliðsmaður í knattspyrnu, verður ekki áfram hjá norska úrvalsdeildarliðinu Brann þar sem hann hefur verið síðustu fjögur árin. Þetta kom fram í norskum fjölmiðlum í fyrradag og staðfesti hann það í samtali við Fréttablaðið í gær.

Hann segir að þessi ákvörðun hafi átt sér langan aðdraganda. „Í æfingaferðinni á La Manga í vor sagði þjálfarinn mér að þeir myndu vilja halda mér lengur en bara þetta eina ár," sagði Ólafur en núverandi samningur hans rennur út í lok tímabilsins. „Svo funduðum við aftur eftir 3-4 leiki í deildinni og þeir sögðu að mér yrði boðinn nýr samningur, það væri bara ekki vitað hversu langur hann yrði."

Það var svo fyrir rúmri viku að Ólafur fundaði með framkvæmdastjóra félagsins. „Hann sagði að þeir vildu bíða fram á haustið með mín samningamál. Daginn eftir kom ég aftur til hans og sagði að þetta yrði þá mitt síðasta ár með félaginu. Ég vil fá að stjórna þessum hlutum sjálfur og ekki bíða fram á haustið og sjá hvað þeir vilja gera."

Hann segir að það þurfi að vera eitthvað gott í boði til að hann verði áfram í atvinnumennsku á meginlandi Evrópu. „Ég ætla ekki að flakka á milli liða og leita mér að nýju félagi. Ég lít ekki á það sem neikvætt að koma heim. Ég ætlaði mér alltaf að koma heim og spila í 2-3 ár."

Ólafur er 32 ára gamall og segist vera í betra líkamlegu ástandi nú en þegar hann fór fyrst til Noregs fyrir fjórum árum. „Ég er ekki búinn að missa úr æfingu í tvö ár með Brann."

Hann segir það ekki sjálfsagt að hann spili með Grindavík ef hann kemur heim í haust en þar er hann uppalinn og hefur spilað alla sína tíð hér á landi.

„Grindavík er í myndinni en það yrði algjör forsenda fyrir mig að þeir kæmust aftur upp í úrvalsdeildina. En aðalmálið fyrir mig er að ég vil finna einhverja góða vinnu með boltanum. Ég er ekki að fara elta peninga hingað og þangað. Fyrst og fremst vil ég koma mér vel fyrir heima á Íslandi."

eirikur@frettabladid.is

ÓLAFUR ÖRN Hér í búningi Brann en hann er sennilegast á heimleið. FRÉTTABLAÐIÐ/SCANPIX

Framarar settu vafasamt met á móti Blikum:

Fyrstir til að misnota víti í þremur leikjum í röð

FÓTBOLTI Fram er fyrsta liðið í sögu 10 liða efstu deildar (1977-2007) sem klikkar á vítaspyrnu í þremur leikjum í röð. Níu lið höfðu klikkað á vítum í tveimur leikjum í röð en Fram hefur misnotað víti í síðustu þremur leikjum sínum, gegn Fylki, KR og Breiðabliki. Öll þrjú vítin voru varin. Igor Pesic lét verja frá sér gegn Fylki og Breiðabliki en Hjálmar Þórarinsson gegn KR.

Þá má einnig geta þess að enginn markvörður hefur varið víti í þremur leikjum í röð en Blikinn Casper Jacobsen hefur varið tvö víti í síðustu tveimur leikjum Breiðabliks.

Fjórir aðrir markverðir hafa varið víti í tveimur leikjum í röð undanfarin 30 ár. Albert Sævarsson gerði það síðast árið 2001 er hann lék með Grindavík en Halldór Halldórsson (FH, 1985), Stefán Jóhannsson (KR, 1985) og Lárus Sigurðsson (Valur, 1994) náðu því einnig. - óój

IGOR PESIC Hefur misnotað tvö víti undanfarið með Fram. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

MISNOTUÐ VÍTI

Lið sem hafa misnotað víti í tveimur leikjum í röð eða oftar.

Fjöldi misnotaðra víta	Hvernig
3 Fram (2007)	varið - varið - varið
2 ÍBV (1982)	varið - í stöng
2 ÍA (1985)	varið - varið
2 Þór Ak. (1987)	varið - varið
2 Keflavík (1989)	yfir - varið
2 KR (1991)	varið - varið
2 Fram (1993)	varið - varið
2 Þór Ak. (1994)	varið - varið
2 KR (1997)	varið - varið
2 KR (2001)	varið - varið

ÍVAR INGIMARSSON Fylgist hér með Craig Bellamy, leikmanni Liverpool. NORDIC PHOTOS/GETTY

Ívar Ingimarsson:

Framlengir við Reading

FÓTBOLTI Ívar Ingimarsson, leikmaður Reading, hefur framlengt samning sinn við félagið um eitt ár og er nú bundinn því til ársins 2010. Má gera ráð fyrir því að samningurinn feli í sér launahækkun fyrir Ívar sem var valinn besti leikmaður liðsins, sem átti góðu gengi að fagna í ensku úrvalsdeildinni í vetur.

Þrír aðrir leikmenn Reading framlengdu samninga sína á sama tíma, þeir Shane Long, James Harper og Simon Cox. - esá

Developed with

Shell

V-Power

Þróað með Ferrari

Upplifðu ánægjuna sem fylgir eldsneyti
sem þróað er í samstarfi við Ferrari.

Vörumerki Shell eru notuð af Skeljungi með leyfi Shell Brands International AG.

Made to move

HAFÞÓR ÆGIR Fagnar hér fjórða og síðasta marki Valsmanna í Kópavoginum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

HK tapaði sínum fyrsta heimaleik í deildinni:

Létt verk hjá Valsmönnum gegn HK

FÓTBOLTI Fyrir leik HK og Vals í gær höfðu HK-menn aðeins fengið á sig eitt mark á heimavelli og unnið alla sína þrjá leiki þar. En í gær fóru Valsmenn illa með leikmenn HK. Þeir skoruðu fjögur mörk gegn einu sem Valsmaður sá reyndar um að skora líka.

Gestirnir áttu fyrri hálfleikinn með húð og hári. Þeir voru ekki lengi að skapa sér hættu við mark HK-inga og áttu samtals tíu skot að marki í fyrri hálfleik. Það mikilvæga er að þeir nýttu tvö þeirra en mörkin komu með þriggja mínútna millibili.

Það fyrra skoraði Birkir Már Sævarsson en boltinn barst til hans hægra megin í vítateignum eftir aukaspyrnu Guðmundar Benediktssonar og skoraði hann með viðstöðulausu skoti.

Næsta mark kom einnig eftir aukaspyrnu. Baldur Aðalsteinsson kom HK-ingum í opna skjöldu með því að taka spyrnuna fljótt og sendi inn á Helga Sigurðsson sem vippaði boltanum laglega í markið.

Heimamenn mættu mun sprækari til leiks í síðari hálfleik en þeir voru í þeim fyrri. Þeir byrjuðu að spila boltanum skynsamlega á milli sín og reyndu að byggja upp sóknir. Eftir eina slíka sendi Rúnar Páll Sigmundsson stungusendingu inn fyrir vörn Vals en Gunnar Einarsson sendi boltann í eigið mark er hann ætlaði að bægja hættunni frá.

Valsmenn vöknuðu við þetta og fengu dauðafæri skömmu síðar. Það var svo á 65. mínútu að Birkir Már átti sendingu inn á teig, Guðmundur Benediktsson framlengdi boltann á Pálma sem stóð einn í teignum og þrumaði knettinum í netið. Hafþór Ægir Vilhjálmsson kláraði svo verkið með fjórða marki Vals á 77. mínútu.

„Við þurftum að svara sigri FH með sigri hér í dag. Við viljum vera í toppbaráttunni og höfum verið á góðu róli undanfarið," sagði miðjumaðurinn Baldur Bett hjá Val eftir leik. „Það var mjög sterkt að klára þennan leik svona vel í dag og við misstum aldrei einbeitinguna."

Gunnar Guðmundsson, þjálfari HK, vildi ekki viðurkenna að heimavígi sitt væri fallið. „Engu að síður var þetta ekki flókið í dag, Valsmenn voru miklu betri og áttu sigurinn skilið. Við þurfum að taka okkur tak en málið er að við erum nýir í deildinni og þurfum að læra heilmikið. Ég held að það sé margt sem við getum lært af þessum leik." - esá

Stríðsástand á Skaganum

Það sauð upp úr á Akranesi þegar ÍA lagði Keflavík, 2-1, í skrautlegasta leik síðari tíma í Landsbankadeildinni. Tvö rauð spjöld voru gefin og leikmenn voru klárir í slagsmál í leikslok. Þjálfari Keflavíkur sagði leikinn hafa verið ÍA til skammar.

FÓTBOLTI Síðara mark Bjarna Guðjónssonar, sem tryggði ÍA sigur á Keflavík, á eftir að vera mikið rætt næstu daga. Þá héldu Keflvíkingar að Bjarni myndi afhenda þeim boltann þar sem leikur hafði stöðvast en Bjarni skaut frá miðju og skoraði glæsilegt mark. Það mark skildi liðin að þegar upp var staðið.

Fyrri hálfleikur var ákaflega tíðindalítill framan af. Skagamenn lágu í skotgröfunum og leyfðu Keflvíkingum að koma upp völlinn og freistuðu þess síðan að sækja hratt. Það var sama hvað hið vel spilandi lið Keflavíkur reyndi, Skagamúrinn brotnaði ekki og lítið sem ekkert gekk að klífa hann.

Skyndisóknir Skagamanna voru aftur á móti stórhættulegar þar sem Þórður og Svadumovic voru líflegir og það var einmitt eftir góða skyndisókn sem Svadumovic nældi í víti er Ómar markvörður braut á honum. Bjarni skoraði örugglega úr vítinu og tryggði ÍA forystu eftir fyrri hálfleik.

Þar sem Keflavík gekk ekkert að brjóta niður vörnina tóku þeir upp á því að skjóta langskotum í síðari hálfleik en Páll Gísli varði flest þeirra vel. Skagamenn pökkuðu svo gott sem öllu sínu liði við teiginn í síðari hálfleik. Keflavík fékk dauðafæri 11 mínútum fyrir leikslok og markið lá í loftinu.

Þegar níu mínútur lifðu leiks skoraði Bjarni síðan markið umdeilda. Undirritaður sá ekki alveg aðdragandann að markinu en ef rétt reynist að Bjarni hafi átt að afhenda Keflavík boltann þá er hátterni hans mjög óíþróttamannslegt og honum til mikils vansa. Í kjölfarið varð allt vitlaust og leikmenn gerðu aðsúg að Bjarna.

Síðustu mínútur leiksins voru æði skrautlegar. Hallgrímur minnkaði muninn og í kjölfarið var Páli Gísla vikið af leikvelli fyrir ruddaskap. Strax í kjölfarið fékk Einar Einarsson Keflvíkingur að fjúka sömu leið fyrir að tækla Bjarna og allt á suðupunkti.

Kristján Guðmundsson, þjálfari Keflavíkur, var ómyrkur í máli gagnvart Bjarna Guðjónssyni í viðtali við Þorstein Gunnarsson á Sýn eftir leikinn.



VÍTI Ómar Jóhannsson brýtur hér á Vjekoslav Svadumovic innan teigs og vítaspyrna var dæmd. Úr henni skoraði Bjarni Guðjónsson örugglega. FRÉTTABLAÐIÐ/EIRÍKUR KRISTÓFERSSON

„Bjarni kallaði á boltann í stað þess að boltanum væri kastað beint á okkar menn. Hann lítur upp, sér hvar Ómar stendur og tekur skot á markið. Þetta er Bjarna Guðjónssyni til skammar, enn eina ferðina, og Skaganum til háborinnar skammar."

Kristján var einnig óánægður með vítadóminn sem færði Skagamönnum fyrra mark sitt.

„Það eru lög og reglur settar um knattspyrnuleiki. Þau gilda um alla þá sem eru í kringum leikinn. Síðan eru það dómararnir sem eiga að sjá til þess að reglunum sé fylgt. Það gerðist ekki hér í kvöld."

Strax og leiknum lauk hljóp Bjarni ákveðnum skrefum í átt að búningsherbergjum. Guðmundur Steinarsson hljóp í humátt á eftir honum og þar á eftir fylgdu nokkrir liðsfélagar hans. Þeir vildu allir fá að ræða málin ítarlega við Bjarna.

„Bjarni skammaðist sín svo mikið að hann ákveður að hlaupa þarna inn. Þvílík er skömm hans. Hvað gerðist svo veit ég ekki."

Helgi Pétur Magnússon varði Bjarna eftir leikinn. „Þetta hlýtur að vera óviljaverk. Getur þetta ekki skrifast sem mistök á markmanninn? Það eiga sér stað mistök í fótbolta og þetta voru ein af þeim."

Hann var svo spurður hvort ekki hefði komið til greina að gefa Keflvíkingum mark. „Þetta eru mistök og við getum ekki lagfært þau í leiknum. Slíkt gengur aldrei."

Eftir því sem sjá mátti úr blaðamannastúkunni voru hendur látnar skipta við innganginn í búningsklefana og Guð má vita hvað gekk á þar fyrir innan. Þar var allt í hers höndum og í raun stríðsástand á Akranesi. - hbg / - esá

Ferðir á heimaleiki Arsenal

Úrval Útsýn býður upp á ferðir á alla heimaleiki Arsenal í vetur og eru miðarnir okkar í Club Level stúkunni og er innifalið í verði 3 rétta hlaðborð á Club Level hæðinni. Nánari upplýsingar um Club Level miðana er að finna á www.uu.is

Leikirnir sem í boði eru fram að áramótum eru sem hér segir

10-13 ágúst	Arsenal v Fulham	73.500 kr.
24-27 ágúst	Arsenal v Man.City	73.500 kr.
31/8 - 3/9	Arsenal v Portsmouth	73.500 kr.
21-24 sept.	Arsenal v Derby	73.500 kr.
5-8 október	Arsenal v Sunderland	79.500 kr.
19-22 okt.	Arsenal v Bolton	79.500 kr.
2-5 nóvember	Arsenal v Man.Utd	92.500 kr.
23-26 nóv.	Arsenal v Wigan	79.500 kr.
14-17 des.	Arsenal v Chelsea	92.500 kr.

Verðin eru á mann í tvíbýli og er eftirfarandi innifalið:
flug, skattar, gisting í 3 nætur með morgunverði,
miði á leikinn á Club level hæð og
3 rétta máltíð (án drykkja) fyrir leik á Club level hæðinni

Nánari upplýsingar og skráning með tölvupósti tonsport@uu.is, í síma 585-4000 eða á heimasíðu okkar www.uu.is

Arsenal CLUB LEVEL · Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu · úú

Fylkir og KR gerðu steindautt markalaust jafntefli í Árbænum í gærkvöld:

Algjör ládeyða í Árbænum

FÓTBOLTI Óhætt er að segja að þeir tæplega 2.000 áhorfendur sem borguðu sig inn á Fylkisvöllinn í gær hafi fengið lítið annað en gott sólbað fyrir peninginn.

Leikurinn olli í heildina miklum vonbrigðum og þvert á það sem margir bjuggust við náðu KR-ingar ekki að nýta meðbyrinn sem þeir fengu eftir fyrsta sigurleikinn gegn Fram í síðustu umferð.

Í fyrri hálfleik voru leikmenn KR í sama gamla farinu og áður, sparkandi löngum sendingum fram völlinn þar sem mottóið virðist vera að vona það besta. KR-ingum til happs voru heimamenn í Fylki litlu skárri og eins og svo oft áður gekk leikur þeirra út á langar sendingar úr vörninni fram völlinn. „Þessi leikstíll er algjörlega öfugur við það sem við erum að reyna. Á æfingum gengur stutta spilið mjög vel en við náum ekki að sýna það í leikjum. Ég veit ekki hvað veldur," sagði David Hannah, varnarmaður Fylkis. „Við erum hins vegar góðir í vörninni og náðum að halda hreinu, sem er jákvætt. En við verðum að skapa okkur fleiri færi."

Heimamenn voru þó ívið hættulegri framan af fyrri hálfleik en bestu færi þeirra í leiknum komu til vegna misskilnings í óöruggri vörn KR. Gestirnir úr Vesturbænum voru sterkari í síðari hálfleik og fengu nokkur ágætis færi en eins og svo oft áður voru leikmönnum liðsins mislagðir fætur fyrir framan markið. Umdeilt atvik varð um miðjan síðari hálfleik þegar Hauki Inga Guðnasyni var brugðið innan teigs en dómarinn Magnús Þórisson dæmdi ekkert. „Hann fór klárlega í löppina á mér og klippti mig niður. Þetta var víti, svo einfalt er það," sagði Haukur Ingi við Fréttablaðið eftir leik.

Leikmenn Fylkis voru flestir langt frá sínu besta, hreyfingin í sókninni var lítil og má liðið una vel við að hafa hlotið annað stig. Sem fyrr var lítið um almennilegan samleik hjá KR-ingum en greinilegt var að áherslan er orðin meiri á varnarleikinn. Teitur sagði þessa taktísku breytingu ekkert leyndarmál. „Við spiluðum blússandi sóknarbolta í upphafi móts en ekkert datt fyrir okkur. Nú getum við ekki tekið neina sénsa lengur og því hef ég skipt aftur í kerfið sem gafst okkur svo vel í fyrra. Varnarboltinn hefur skilað okkur fjórum stigum í tveimur leikjum sem er vel ásættanlegt. Við munum því halda þessu áfram." - vig

BARÁTTA Það var ekki áferðarfalleg knattspyrna í Árbænum í gær en barátttan var til staðar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Fylkir **0-0** KR

Fylkisvöllur, áhorf.: 1.487 — Magnús Þórisson (8)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	5–5 (1–1)
Varin skot	Fjalar 1 – Stefán Logi 1
Horn	3-4
Aukaspyrnur fengnar	10-15
Rangstöður	0-2

FYLKIR 4–5–1		KR 4–5–1	
Fjalar Þorgeirsson	6	Stefán Logi Magnúss.	7
Andrés Jóhannesson	6	Eggert Rafn Einarsson	6
Kristján Valdimarsson	7	Pétur H. Marteinsson	4
David Hannah	7	Gunnlaugur Jónsson	6
Viðir Leifsson	6	Guðmundur Gunnarss.	7
Haukur I. Guðnason	6	Skúli Jón Friðgeirsson	3
Valur Fannar Gíslason	4	Kristinn Magnússon	6
(50. Guðni Helgason	5)	*Ásgeir Örn Ólafsson	7
Peter Gravesen	6	Sigmundur Kristjánss.	6
Halldór Hilmisson	4	Rúnar Kristinsson	4
(82. Albert Ingason	-)	(34. Grétar Hjartarson	6)
Mads Beierholm	4	Jóhann Þórhallsson	4
(75. Páll Einarsson	-)	(86. Björgólfur Takef.	-)
Christian Christiansen	4		

*Maður leiksins

HK **1-4** Valur

Kópavogsvöllur, áhorf.: 941 — Einar Örn Daníelsson (6)

0-1 Birkir Már Sævarsson (32.)
0-2 Helgi Sigurðsson (35.)
1-2 Gunnar Einarsson, sjálfsm. (58.)
1-3 Pálmi Rafn Pálmason (65.)
1-4 Hafþór Ægir Vilhjálmsson (77.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	7–14 (2–9)
Varin skot	Gunnleifur 5 – Kjartan 2
Horn	3–6
Aukaspyrnur fengnar	12–22
Rangstöður	3–5

HK 4–5–1		VALUR 4–4–2	
Gunnleifur Gunnleifs.	7	Kjartan Sturluson	7
Stefán Eggertsson	7	Birkir Már Sævarsson	7
Ásgrímur Albertsson	5	Atli Sv. Þórarinsson	7
Finnbogi Llorens	5	Barry Smith	7
Davíð Magnússon	4	Gunnar Einarsson	5
(46. Hermann Þórs.	6)	*Baldur Aðalsteinss.	8
Aaron Palomares	4	(78. Daníel Hjaltason	-)
(84. Kristján Ari Halld.	-)	Baldur Bett	6
Finnur Ólafsson	5	Pálmi Rafn Pálmason	7
Rúnar Sigmundsson	6	Hafþór Æ. Vilhjálmss.	5
Hólmar Ö. Eyjólfsson	5	Helgi Sigurðsson	7
Jón Þorgrímur Stef.	3	(86. Dennis Mortenss.-	)
Oliver Jäger	5	Guðmundur Ben.	8
(70. Þórður Birgisson	-)	(84. Guðm. Hafsteins.	-)

*Maður leiksins

ÍA **2-1** Keflavík

Akranesvöllur, áhorf.: Óuppg. — Kristinn Jakobsson (8)

1-0 Bjarni Guðjónsson (33. - víti)
2-0 Bjarni Guðjónsson (81.)
2-1 Hallgrímur Jónasson (86.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	5–21 (4–9)
Varin skot	Páll Gísli 5, Trausti 2 – Ómar 2
Horn	1–5
Aukaspyrnur fengnar	6–7
Rangstöður	2–1

ÍA 5–4–1		KEFLAVÍK 4–3–3	
Páll Gísli Jónsson	7	Ómar Jóhannsson	6
Heimir Einarsson	7	Guðjón Antoníusson	5
Dario Cingel	7	(77. Högni Helgason	-)
Árni Thor Guðm.	7	Guðmundur Mete	5
Guðjón H. Sveinsson	7	(90. Magnús Matth.	-)
Ellert Jón Björnsson	7	Nicolai Jörgensen	5
Helgi P. Magnússon	7	Branislav Milisevic	6
Bjarni Guðjónsson	6	Hallgrímur Jónasson	6
Jón Vilhelm Ákason	3	Baldur Sigurðsson	6
(54. Andri Júlíusson	6)	Guðmundur Steinarss.	6
Þórður Guðjónsson	7	(83. Einar Orri Einars.	-)
(67. Kári St. Reynis.	-)	Marco Kotilainen	4
Vjek. Svadumovic	7	Símun Samuelsen	3
		Þórarinn Kristjánsson	4

*Maður leiksins

LANDSBANKADEILDIN

STAÐAN:

1. FH	**9**	**7**	**1**	**1**	**20-9**	**23**
2. VALUR	9	5	3	1	19-10	18
3. KEFLAVÍK	**9**	**5**	**2**	**2**	**16-11**	**17**
4. ÍA	9	4	2	3	16-14	14
5. FYLKIR	**9**	**3**	**3**	**3**	**7-8**	**12**
6. BREIÐABLIK	9	2	4	3	11-8	10
7. HK	**9**	**3**	**2**	**4**	**5-12**	**10**
8. FRAM	9	2	2	5	10-14	8
9. VÍKINGUR	**9**	**2**	**2**	**5**	**8-15**	**8**
10. KR	9	1	2	6	7-15	5

Fulham reynir að senda Heiðar Helguson til West Bromvich Albion en samningaviðræður fara rólega af stað:

Heiðar Helguson neitaði tilboði WBA

FÓTBOLTI Heiðar Helguson neitaði í gær samningstilboði sem enska 1. deildarliðið West Bromvich Albion gerði honum. WBA og Fulham hafa komist að samkomulagi um kaupverð og skipti á Heiðari og Diomansy Kamara en skiptin ganga eðlilega ekki í gegn nema Heiðar semji um kaup og kjör.

„WBA lét umboðsmanninn minn fá tilboð sem við neituðum. Þetta var ekki það sem við vorum að vonast eftir. Svona er þetta allt-af með fyrstu tilboðin í þessu, það kom okkur ekkert á óvart. Þetta er enn opið og samningaviðræðurnar munu halda áfram," sagði Heiðar við Fréttablaðið í gær.

Heiðar sagði við Fréttablaðið í vikunni að hann langaði til að vera áfram hjá Fulham. Knattspyrnustjórinn Lawrie Sanchez hefur aftur á móti sagt Dalvíkingnum að hann verði ekki einn af fyrstu kostunum í framlínuna hjá sér. Hann ætti því þann kost vænstan að færa sig um set en hvort Heiðar samþykkir það ætti að skýrast fljótlega. **- hþh**

HEIÐAR HELGUSON Neitaði fyrsta samningstilboði sem West Bromvich Albion gerði honum. Samningaviðræðurnar munu þó halda áfram. NORDICPHOTOS/AFP



> MARCIA CROSS

Marcia lauk leiklistarnámi frá Juilliard-skólanum í New York en fór síðar í meistaranám í sálfræði. Á áttunda og níunda áratugnum lék hún í fjölda sápuópera. Vinsælust þeirra var sápan Melrose Place og á þeim fimm árum sem Marcia lék í þáttunum eignaðist hún fjölmarga aðdáendur. Árið 2002 fékk Marcia hlutverk í Everwood en tveimur árum síðar byrjaði hún í hinum vinsælu þáttum Aðþrengdar eiginkonur sem sýndir eru í Sjónvarpinu kl. 21.15.

dagskrá

VIÐ TÆKIÐ BERGSTEINN SIGURÐSSON MINNIST NAFNGIFTA

Nafntogaðir sjónvarpsþættir

Hver man ekki eftir Lovejoy? Eða varstu meira fyrir Kládíus? Á mínu heimili horfðum við á Bergerac, sem mér fannst aldrei skemmtilegur, ekki frekar en Barnaby í dag. Morse lögreglufulltrúi en nokkrum fetum framar en Kavanagh lögmaður en komst þó aldrei í hálfkvisti við Frost. Taggart er ekki svipur hjá sjón eftir að Jardine féll frá. Þá vel ég frekar Rebus. Nema bróðir Cadfael sé sama kvöld. Poirot tek ég ávallt fram yfir fröken Marple og Holmes fram yfir þau bæði. Ævintýri Sharpe eru af öðrum meiði en misjafnlega skemmtileg.

Mér er sagt að Derrick hafi upphaflega átt að heita Klein en aðalpersónum verið víxlað á síðustu stundu. Af sænskum spennuþáttum fannst mér Roland Hassel bera af. Hamilton var líka ágætur og mér er sagt að það sé vel þess virði að horfa á Önnu Phil. Gamanþættirnir um Segemyhr voru hins vegar þunnur þrettándi.

Þegar Stöð þrjú var og hét sá ég Letterman í fyrsta sinn og þykir hann ólíkt skemmtilegri en Leno. Opruh horfi ég aldrei á, stundum á House en þeir eru hættir að endursýna Seinfeld.

Mig minnir að Matlock hafi verið fyrsti þátturinn sem var sýndur eftir fréttir á fimmtudagskvöldum. Stöð tvö náðum við ekki á þeim tíma þannig ég missti alltaf af Hunter. Og Eiríki, sem mér er sagt að hafi verið skemmtilegri en Gísli Marteinn og Jón Ólafs. Af hverju heita veðurfréttirnar á Stöð tvö ekki bara Siggi?

EKKI MISSA AF

14.00 Les triplettes de Belleville STÖÐ 2 BÍÓ

19.10 Entertainment Tonight SIRKUS

20.10 Afríka heillar SJÓNVARPIÐ

20.30 Malcolm in the Middle - Lokaþáttur SKJÁREINN

20.40 So You Think You Can Dance STÖÐ 2

SJÓNVARPIÐ

16.40 Formúlukvöld e.
16.50 Leikir kvöldsins e.
17.05 Leiðarljós
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Stundin okkar (9:32)
18.25 Börnin í Mandarínuskólanum (1:3)
19.00 Fréttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
20.10 Afríka heillar (2:6) Breskur myndaflokkur um hjón sem hefja nýtt líf ásamt börnum sínum innan um villidýr á sléttum Afríku. Meðal leikenda eru Stephen Tompkinson, Amanda Holden, Lucy-Jo Hudson og Nomsa Xaba.
21.15 Aðþrengdar eiginkonur
22.00 Tíufréttir
22.25 14-2
22.55 Dagrenning (7:13) Bandarísk þáttaröð um lögreglumann sem er sakaður um að hafa skotið saksóknara. Hann leggur á flótta og reynir að hreinsa mannorð sitt en þegar hann vaknar á morgnana er alltaf sami dagurinn. Meðal leikenda eru Taye Diggs, Meta Golding, Moon Bloodgood, Victoria Pratt, Ramon Rodriguez og Adam Baldwin. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
23.40 Landsmót UMFÍ (1:4) Samantekt frá keppni dagsins á Landsmóti ungmennafélaganna sem fram fer í Kópavogi.
23.55 Lífsháski e.
00.40 Kastljós
01.10 Dagskrárlok

STÖÐ 2 BÍÓ

06:00 Chain Reaction (e)
08:00 Les triplettes de Belleville
10:00 Trail of the Pink Panther
12:00 Duplex
14:00 Les triplettes de Belleville
16:00 Trail of the Pink Panther
18:00 Duplex
20:00 Chain Reaction (e) Hörkuspennandi vísindatryllir með stórleikurunum Keanu Reeves, Morgan Freeman og Rachel Weisz. Bönnuð börnum.
22:00 Assault On Precinct 13
00:00 Extreme Ops
02:00 Cause of Death
04:00 Assault On Precinct 13

STÖÐ 2

07:00 Barnatími Stöðvar 2 Magic Schoolbus, Litlu Tommi og Jenni, Scooby Doo
08:10 Beauty and the Geek (3:7)
08:55 Í fínu formi 2005
09:10 Bold and the Beautiful
09:30 Forboðin fegurð (84:114)
10:15 Grey´s Anatomy (7:25)
11:00 Fresh Prince of Bel Air (5:24)
11:25 Sjálfstætt fólk
12:00 Hádegisfréttir
12:45 Nágrannar
13:10 Forboðin fegurð (27:114)
13:55 Forboðin fegurð (28:114)
14:45 Two and a Half Men (12:24)
15:25 Barnatími Stöðvar 2 (8:21)
17:28 Bold and the Beautiful
17:53 Nágrannar
18:18 Ísland í dag og veður
18:30 Fréttir
18:55 Ísland í dag, íþróttir og veð
19:40 The Simpsons (12:22) (e)
20:05 Matur og lífsstíll (6:10) Að þessu sinni heimsækir Vala eðalkokkinn Jón Arnar og Ingibjörgu eiginkonu hans. Þau grilla dýrindis kjúkling og kenna Völu að útbúa bragðgóða kryddolíu á skömmum tíma.
20:40 So You Think You Can Dance (6:23) Stórskemmtilegir raunveruleikaþættir þar sem leitað er að næstu dansstjörnu Bandaríkjanna. Prufunum er lokið og nú er komið að því að keppa á stóra sviðinu. 20 dansarar keppa í þættinum en í lokin kjósa áhorfendur í fyrsta sinn. 2007.
22:05 Supernova Seinni hluti framhaldsmyndar með Luke Perry og Peter Fonda í aðalhlutverkum. Á meðan á risastórri vísindaráðstefnu stendur í Ástralíu kemst hópur vísindamanna að því að sólin gæti sprungið á hverri stundu. Aðalhlutverk: Peter Fonda, Luke Perry, Tia Carrere, Clemency Burton-Hill. 2005. Bönnuð börnum.
23:30 Pirate Master (5:14)
00:15 The Shield (4:10)
01:00 The Riches (6:13)
01:50 Win A Date with Tad Hamilton!
03:25 So You Think You Can Dance (6:23)
04:50 The Simpsons (12:22) (e)
05:10 Fréttir og Ísland í dag
06:20 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

SIRKUS TV

18:00 Insider
18:30 Fréttir
19:00 Ísland í dag
19:40 Entertainment Tonight
20:10 Hidden Palms (4:8) Eftir að Johnny Miller missir föður sinn snögglega flytur hann til Palm Springs ásamt móður sinni og stjúpföður. En þrátt fyrir að staðurinn virðist vera sólskinsparadís uppgötvar Johnny fljótlega að ekki er allt sem sýnist. Dularfull morð og slúður um íbúana setja skuggalegan svip á bæinn sem á yfirborðinu virtist vera fullkominn.
21:00 My Name Is Earl (20:23) (Ég heiti Earl) Earl snýr aftur. Önnur serían af einum vinælustu gamanþáttum heims og er enn fyndnari en sú fyrri!
21:30 Bestu Strákarnir (10:50) Á meðan á leitinni að arftökum Strákanna stendur yfir á Stöð 2 mun Sirkus endursýna allt það besta með Sveppa, Audda, Pétri Jóhanni og hinum sprenghlægilegu strákunum.
22:00 The Riches (6:13) (Rich-fjölskyldan) Glæný bandarísk þáttaröð með Minnie Driver í aðalhlutverki. Wayne og Dahlia Malloy hafa eytt ævinni í ferðalög og svikastarfsemi með sígaunum en telja að það sé kominn tími til að breyta til. Þau setjast því að í venjulegu úthverfi og gera sitt besta til þess að falla í hópinn. (6:13) Gestur að heiman veldur Malloy-fjölskyldunni miklum vandræðum en hann er kominn til að giftast Di Di. Malloy-fjölskyldan stakk félaga sína upphaflega af til að dóttir þeirra yrði ekki þvinguð í hjónaband en hvað gerir fjölskyldan nú? Aðalhlutverk: Minnie Driver, Eddie Izzard. Leikstjóri: Carl Franklin. 2007.
22:45 Young Blades (9:13) (e)
23:30 Supernatural (21:22) (e)
00:15 Entertainment Tonight (e)
00:40 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

SJÓNVARP NORÐURLANDS

18:15 N4 Fréttir og að þeim loknum veðurfréttir og magasínþáttur. Dagskráin er endursýnd á klukkutíma fresti til kl. 10:15 næsta dag.
16:45 og **17:45 Átak með Guðrúnu Gísla**. Endursýning á klukkutíma fresti frá 05:45 til 09:45 næsta dag.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

SKJÁREINN

07:35 Everybody Loves Raymond (e)
08:00 Rachael Ray (e)
08:45 Vörutorg
09:45 Óstöðvandi tónlist
14:55 Vörutorg
15:55 Tabloid wars (e)
16:45 One Tree Hill (e)
17:45 All of Us (e)
18:15 Rachael Ray
19:00 Everybody Loves Raymond (e)
19:30 Yes, Dear (5:11)
20:00 Everybody Hates Chris (17:22) Bandarísk gamanþáttaröð þar sem háðfuglinn Chris Rock gerir grín að uppvaxtarárum sínum.
20:30 Malcolm in the Middle - Lokaþáttur Bandarísk gamanþáttaröð um gáfnaljósið Malcolm og stórfurðulega fjölskyldu hans. Það er komið að lokaþættinum og Malcolm er að fara í Harvard-háskóla en þarf fyrst að halda ræðu við útskriftina. Lois er með miklar væntingar en Hal hefur áhyggjur af skólagjöldunum.
21:00 Will & Grace (19:23)
21:30 Law & Order: SVU (2:22) Þáttaröð sem segir frá lífi og glæpum í sérdeild í New York-lögreglunni. Í hverjum þætti er fylgt eftir uppákomum hjá Elliott Stabler, Olivia Benson, John Munch og Odafin Tutuola sem reyna að leysa flóknustu glæpi borgarinnar. Þau fylgja hverri vísbendingunni af annarri, friðlaus í leit sinni að réttlæti og og sannleika.
22:20 The L Word (9:12) Þriðja þáttaröðin um lesbíurnar í Los Angeles. Sjóðheitir þættir sem vakið hafa mikið umtal og hlotið einróma lof fyrir frábæra frásögn og raunsæja mynd af samfélagi samkynkneigðra kvenna.
23:10 Everybody Loves Raymond
23:35 Tabloid wars (4:6) Áhugaverð heimildaþáttaröð þar sem áhorfendur fá að kynnast lífi starfsmanna á slúðurblaðinu New York Daily News. Þar gengur á ýmsu og það er mikil pressa á blaðamönnum og ljósmyndurum að ná í heitustu fréttirnar. Í hverjum þætti er fylgst með 4 til 5 starfsmönnum blaðsins í kapphlaupi við tímann og í bullandi samkeppni við önnur blöð um bitastæðustu fréttirnar. Þetta er fólkið sem er í eldlínunni alla daga að fjalla um glæpi, spillingu og líf fína og fræga fólksins í New York.
00:25 Law & Order (e)
01:15 Stargate SG-1 (e)
02:05 Vörutorg
03:05 Óstöðvandi tónlist

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.40

So You Think You Can Dance

Úrslitakeppnin er hafin. Aðeins 20 keppendur standa uppi eftir Vegas-vikuna ógurlegu og nú er komið að þeim að sanna að þeir hafi það sem þarf til að sigra keppnina. Úrslit símakosninganna verða annað kvöld klukkan 20.30 og þá kemur í ljós hvaða tveir dansarar verða sendir heim. Nú eru þættirnir komnir á nýjan og betri tíma á fimmtudagskvöldum kl. 20.40.

▶ Við mælun með
TABLOID WARS
Skjáreinn kl. 23.35

Áhugaverð heimildaþáttaröð þar sem áhorfendur fá að kynnast lífi starfsmanna á slúðurblaðinu New York Daily News. Þar gengur á ýmsu og það er mikil pressa á blaðamönnum og ljósmyndurum að ná í heitustu fréttirnar. Í hverjum þætti er fylgst með 4 til 5 starfsmönnum blaðsins í kapphlaupi við tímann og í bullandi samkeppni við önnur blöð um bitastæðustu fréttirnar.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.50 Bæn
07.05 Morgunvaktin
09.05 Laufskálinn
09.45 Morgunleikfimi
10.13 Brot af eilífðinni
11.03 Samfélagið í nærmynd
12.00 Fréttayfirlit
12.03 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.45 Veðurfregnir
12.50 Dánarfregnir og auglýsingar
13.00 Vítt og breitt
14.03 Útvarpssagan: Rokkað í Vittula
14.30 Á vængjum yfir flóann
15.03 Söngur af sviði: Allra meina bót
16.00 Síðdegisfréttir
16.10 Veðurfregnir
16.13 Hlaupanótan
17.03 Víðsjá
18.00 Kvöldfréttir
18.24 Auglýsingar
18.25 Spegillinn
18.50 Dánarfregnir og auglýsingar
19.00 Laufskálinn
19.40 Sumarsaga barnanna: Borgin við sundið
20.00 Ungir óperusöngvarar
21.55 Orð kvöldsins
22.15 Kvöldsagan: Útlendingurinn
22.45 Kvöldtónar
23.10 Á hvítri eyju í bláum sjó
00.10 Útvarpað á samtengdum rásum.

FM 90,9 Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

sýn

07.00 Copa America 2007 (Brasilía - Ekvador)
08.40 Copa America 2007 (Mexikó - Chile)
12.00 Wimbledon Útsending frá undanúrslitum í kvennaflokki á Wimbledon mótinu í tennis.
17.00 Landsbankadeildin 2007 (ÍA - Keflavík)
18.55 Landsbankamörkin 2007
19.30 Það helsta í PGA-mótaröðinni (Inside the PGA Tour 2007)
20.00 Shell-mótið Þáttur um hið árlega Shell-mót í knattspyrnu sem haldið er í Vestmannaeyjum fyrir unga knattspyrnuiðkendur.
20.30 Stjörnugolf 2007
21.00 Kraftasport - 2007 (Suðurlandströllið)
21.30 PGA Tour 2007 - Highlights (Buick Open)
22.25 Copa America 2007 (Kólumbía - Bandaríkin)
00.40 Copa America 2007 (Argentína - Paragvæ)

BBC PRIME

6.15 Come Outside **6.30** Yoho Ahoy **6.35** Teletubbies Everywhere **6.45** Teletubbies Everywhere **6.55** Monty the Dog **7.00** Passport to the Sun **7.30** The Week the Women Went **8.00** Small Town Gardens **8.30** Passport to the Sun **9.00** Model Gardens **9.30** Racing with Camels **10.00** Running With Reindeer **10.30** Yes Minister **11.00** My Hero **11.30** My Family **12.00** Ballykissangel **13.00** Waking the Dead **14.00** Passport to the Sun **14.30** Homes Under the Hammer **15.30** Bargain Hunt **16.00** My Hero **16.30** My Family **17.00** Staying Put **17.30** Staying Put **18.00** Waking the Dead **19.00** Silent Witness **20.00** The Kumars At Number 42 **20.30** Manchild **21.00** Waking the Dead **22.00** Yes Minister **22.30** Silent Witness **23.30** My Hero **0.00** My Family **0.30** EastEnders **1.00** Waking the Dead **2.00** Ballykissangel **3.00** Passport to the Sun **3.30** Balamory **3.50** Tweenies **4.10** Big Cook Little Cook **4.30** Tikkabilla **5.00** Boogie Beebies **5.15** Tweenies **5.35** Balamory **5.55** Big Cook Little Cook

DR 1

6.00 SommerSummarum **7.35** Yu-Gi-Oh **10.35** Liv på balkonen **11.05** Ud i det blå **11.35** Mig og min alder **12.05** Dawsons Creek **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** Hjerteflimmer Classic **13.30** SommerSummarum **15.05** Trolddomsæsken **15.30** Fandango - med Sebastian **16.00** Når chimpansen er mat i sokkerne **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** SommerVejret **17.05** Miss Marple **18.00** Tæt på Dyrene **18.30** Sommertid **19.00** TV Avisen **19.25** SportNyt **19.30** Sommervejret på DR1 **19.45** Landsbyhospitalet **20.35** Hjertebanken **22.05** Musikprogrammet **5.30** Home things **5.35** Anton **5.40** Byggemand Bob **5.50** Tagkammerater **6.00** SommerSummarum

NRK 1

6.00 Filip **6.10** Ugler i mosen **6.40** Noahs dyrebare øy **7.05** Gjengen på taket **7.20** De tre vennene og Jerry **7.30** Trollz **8.00** Den dårligste heksa i klassen **8.25** Jungelens puls **8.30** Med hjartet på rette staden **9.15** Jukeboks: Vitenskap **10.00** Sport Jukeboks **11.05** Lunsjtrav **12.00** Wimbledon direkte **15.50** Oddasat - Nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Barne-tv **16.10** Nå er det nå **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Viten om **18.00** Løvebakken **18.25** Festivalsommer **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Siste nytt **19.10** Sommeråpent **20.05** Skygger **21.00** Kveldsnytt **21.15** Nachspiel Wimbledon **21.35** Norge i dag **21.45** Hodet over vannet **5.30** Sommermorgen **5.50** Peppa Gris **6.00** Filip

SVT 1

7.15 Hej hej sommar **7.16** Lillas smågodis **7.40** Unge greve Dracula 8.**15 24** Direkt: Tällberg Forum 2007 **10.00** Rapport **10.05** 24 Direkt: Tällberg Forum 2007 **14.00** Rapport **14.05** 24 Direkt: Tällberg Forum 2007 **15.00** Två kilometer i mitt liv **15.30** Packat & klart sommar **16.00** Nalle har ett stort blått hus **16.25** Stora maskiner **16.30** Hej hej sommar **16.31** Lillas smågodis **16.55** Unge greve Dracula **17.30** Rapport **18.00** Vid kungens bord **19.00** Mr Flower Power **20.00** Kvinnans plats: Brud söker man **21.05** Rapport **21.15** Uppdrag granskning - sommarspecial **22.15** Sändningar från SVT24 **4.00** Gomorron Sverige

bmvalla.is

BM Vallá – stærri og sterkari

BM Vallá og Límtré Vírnet hafa um langt árabil verið í fararbroddi íslenskra iðnfyrirtækja og gegnt forystuhlutverki í framleiðslu fyrir íslenskan byggingavörumarkað, hvort á sínu sviði. Sameining þessara fyrirtækja er nú orðin að veruleika undir merkjum BM Vallá. Þar er saman komin áratuga þekking og reynsla í framleiðslu og lausnum fyrir íslenska byggingaraðila. Af nógu er að taka þegar litið er á úrvalið.

Kynntu þér málið á nýrri og glæsilegri heimasíðu okkar **bmvalla.is**

GÆÐAKERFI VOTTAÐ IST ISO 9001

Nýtt símanúmer 412 5000
Ný heimasíða bmvalla.is

BM·VALLÁ

MORGUNMATURINN

„Ég er ekki vön að leggja mikla áherslu á morgunmat. Oftast hita ég mjólk í potti og bæti svo instant-kaffi út í. Þá er ég komin með þetta fína kaffi latte. Stundum fæ ég mér hrökkbrauð eða súrmjólk með en oftast borða ég ekki almennilega fyrr en um hádegið.“

Andrea Jónsdóttir útvarpskona.

Lét skíra í höfuðið á móður Lennons

Jakob Frímann Magnússon og kona hans, Birna Rún Gísladóttir, eignuðust sem kunnugt er dóttur í lok maí síðastliðinn. Sú litla var skírð nýverið og var gefið nafnið Jarún Júlía, en hún er sú eina á landinu sem ber Jarúnarnafnið. „Ef merkingin er skoðuð má sjá að forskeytið „ja“ er komið af sama stofni og guðsnafnið „jave“. Rún þýðir hins vegar tákn. Nafnið merkir því eiginlega guðstákn og hvað er táknrænna fyrir almættið en nýfætt stúlkubarn?“ sagði Jakob þegar Fréttablaðið hafði samband við hann og spurði hvaðan þetta óvenjulega nafn væri komið. Nafn Jarúnar er þó ekki leitt beint af nöfnum þeirra Jakobs og Birnu Rúnar. „Það er búið að skíra í höfuðið á báðum ömmum barnsins. Þess vegna fórum við að skoða bæði langafa og -ömmur,“ segir Jakob. „Birnu megin voru nöfnin Guðrún og Sigrún. Afi minn hét Jakob. Allir þessir einstaklingar voru miklir áhrifavaldar í okkar lífi. Seinna nafnið, Júlía, er hins vegar í höfuðið á móður Johns Lennon,“ segir Jakob og bætir því við að Lennon hafi alltaf verið í miklu uppáhaldi hjá bæði sér og Birnu. „Hugmyndin að nafninu fæddist fljótlega eftir að við sáum myndir af barninu í þrívíddarsónar. Við mátuðum nafnið strax við hana og það hefur bæði vanist og vaxið síðan.“ Mannanafnanefnd samþykkti nafnið einróma og gestir í skírninni gerðu slíkt hið sama. „Viðbrögðin hafa öll verið á einn veg enda ber stúlkan nafnið með stakri prýði.“ **- sók**

JAKOB OG JARÚN JÚLÍA Nafnið Jarún vísar til langamma og -afa hennar en Júlía er nafn móður Bítilsins Johns Lennon. MYND/HEIÐA



LÁRÉTT
2. viðlag **6.** guð **8.** að **9.** angan **11.** hef leyfi **12.** blossaljós **14.** lengja **16.** pot **17.** málmur **18.** sefa **20.** gríska bókstafur **21.** íþróttafélag.

LÓÐRÉTT
1. fjúk **3.** tveir eins **4.** skipafélag **5.** hamfletta **7.** dávænn **10.** mánuður **13.** gerast **15.** einsöngur **16.** heyskaparamboð **19.** samtök.

LAUSN
LÁRÉTT: 2. stef, **6.** ra, **8.** til, **9.** ilm, **11.** má, **12.** flass, **14.** sikka, **16.** ot, **17.** eir, **18.** róa, **20.** pí, **21.** fram.
LÓÐRÉTT: 1. drif, **3.** tt, **4.** eimskip, **5.** flá, **7.** allstór, **10.** maí, **13.** ske, **15.** aría, **16.** orf, **19.** aa.

FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR
www.visir.is

RAGNA LÓA STEFÁNSDÓTTIR: HÉLT UPP Á FERTUGSAFMÆLIÐ Á BORGINNI

Með pylsuvagn í fertugsafmælinu

„Ég vildi hafa svona diskófíling í þessu,“ segir Ragna Lóa Stefánsdóttir, eiginkona Hermanns Hreiðarssonar og fyrrum knattspyrnukona, um fertugsafmælið sitt sem hún fagnaði ásamt 150 gestum í hinum gyllta sal Hótels Borgar um helgina. Sérstakt hattaþema var í boðinu enda er Ragna Lóa að eigin sögn mikil áhugamanneskja um höfuðföt. Sjálf var hún í glimmersamfestingi og að sjálfsögðu með hatt í stíl. Fötin voru hönnuð af þeim Hörpu Einarsdóttur og Selmu Ragnarsdóttur.

„Ég var búin að heyra af þeim og langaði að prófa eitthvað nýtt,“ segir Ragna Lóa um tildrög þess að hún fékk fyrrnefnda hönnuði í lið með sér. „Ég var mjög ánægð með útkomuna en stelpurnar hönnuðu líka diskógalla á Hemma sem var ekki síður flottur.“ Spurð um hverjir hefðu skarað fram úr hvað höfuðföt varðar nefnir hún knattspyrnubræðurna Jóhannes Karl og Bjarna Guðjónssyni. „Þeir voru sérstaklega frumlegir og lögðu sig mikið fram,“ segir Ragna en Jóhannes Karl gekk víst svo langt að líma hattinn fastan á höfuðið.

Skemmtiatriðin í boðinu voru ekki af verri endanum. „Það var fullt af stórgóðum heimatilbúnum skemmtiatriðum og ég fékk Sigríði Klingenberg til að koma og spá fyrir gesti,“ segir Ragna Lóa sem hafði þó ekki tíma til að láta spá fyrir sér. „Svo kom aldrei annað til greina en að fá Magna til að syngja. Hann er stórkostlegur skemmtikraftur enda vorum við bæði komin upp á svið með honum áður en við vissum af.“ Þess má geta að Magni söng einnig í þrítugsafmæli Hermanns fyrir nokkrum árum. „Hann er í miklu uppáhaldi hjá okkur hjónum.“

Það er ekki hægt að segja annað en að veitingarnar hafi verið í óvenjulegri kantinum en gestum var boðið upp á rjúkandi heitar pylsur með öllu. „Ég er ekki mikið fyrir að setjast niður og eyða tíma í að borða. Þess vegna ákvað ég að hafa bara miðnætursnarl og þar sem maðurinn minn er mikið fyrir pylsur drógum við bara pylsuvagn inn á svæðið. Þetta var heilmikil stemning.“ **sigrunosk@frettabladid.is**

RAGNA LÓA OG HEMMI Hjónin voru í sérhönnuðum diskógöllum sem saumaðir voru í tilefni af fertugsafmælinu. MYND/ERLING.IS

MAGNI Í UPPÁHALDI „Það kom aldrei annað til greina en að fá Magna til að syngja,“ segir Ragna Lóa sem vatt sér upp á svið og söng með bæði Magna og Hermanni við mikinn fögnuð viðstaddra.

GESTIR MEÐ HATTA Knattspyrnumennirnir Eiður Smári, Birkir Kristinsson og Bjarni Guðjónsson mættu í afmælið. Ragna segir að Bjarni og bróðir hans, Jóhannes Karl, hafi skarað fram úr í hattavali.

GREAT WALL
Glæsilegur Kínverskur veitingastaður

Hádegisverðarhlaðborð
mánudaga til föstudags
frá kl: 11:45-14:00. **1,450.**-kr.

Opið á kvöldin 18:00- 23:00

GREAT WALL
Vesturgata 6-8
s: 552-1900

Lindsay Lohan hrifin af Steed Lord

Stórstjarnan Lindsay Lohan fann síðu hinnar alíslensku sveitar Steed Lord á MySpace-vefnum og varð svo hrifin af tónlist hennar að hún hafði samband í gegnum síðuna til þess að spjalla. „Hún var með einhverja einkasíðu á MySpace á þessum tíma og um 150 vini,“ segir Einar Egilsson, einn af fjórum meðlimum Steed Lord og sambýlismaður Svölu Björgvinsdóttur, söngkonu sveitarinnar. Einar vill annars sem minnst gera úr atvikinu og segir hljómsveitarmeðlimi lítið hafa kippt sér upp við aðdáun söngkonunnar. „Okkur fannst þetta eiginlega bara fyndið. Það er verið að spila okkur töluvert í klúbbum úti, t.d. í LA, Miami, Atlanta og víðar. Ég veit að vinur Lindsay, plötusnúðurinn Steve Aoki, þekkir tónlistina okkar. Hún gæti hafa heyrt eitthvað hjá honum og farið að leita á netinu í framhaldinu,“ segir Einar. „Við vorum að spila í Miami á þessum tíma og sögðum henni frá því. Hún var spennt fyrir því að mæta en þurfti að vera í New York á sama tíma. Ég veit að minnsta kosti ekki til þess að hún hafi mætt.“ Væntanlega er það rétt hjá Einari enda fer nærvera Lindsay sjaldnast framhjá neinum vegna þess aragrúa af ljósmyndurum sem fylgir henni hvert fótmál. Einar segist ekki hafa heyrt í Lindsay nýverið enda er hún búin að loka MySpace-síðunni sinni.

HLJÓMSVEITIN STEED LORD Lindsay Lohan er einn af aðdáendum sveitarinnar og setti sig í samband við hljómsveitarmeðlimi til þess að spjalla.

Chevrolet **Captiva**

Meiri búnaður – bakkskynjari, aksturstölva, **loftkæling** o.fl., o.fl..

Meiri kraftur – 16 ventla túrbó **dísilvél** með 320 Nm

Meira rými – **7 manna sportjeppi** fyrir alla fjölskylduna

DYNAMO REYKJAVÍK

Chevrolet **Captiva**
7 manna sportjeppinn sem tekið er eftir

Hlaðinn staðalbúnaði

- Tölvustýrð miðstöð og loftkæling
- ESP stöðugleikastýring (aftengjanleg)
- Hraðastillir (cruise control), stjórnað í stýri
- Bakkskynjari
- 18" álfelgur
- Aksturstölva
- ARP veltivörn
- TOD sjálfvirk drifstýring
- DCS eykur öryggi niður brekkur
- Tölvustýrð spólvörn
- LRS heldur hæð við hleðslu
- Og margt fleira

Captiva

Áberandi glæsilegur

Chevrolet **Captiva** er sportjeppi sem tekið er eftir. Bíllinn er hannaður til að mæta kröfum evrópskra ökumanna og útkoman er áberandi glæsilegur bíll. **Kraftmikil túrbó dísilvél** með 5 þrepa sjálfskiptingu. Þú getur valið **um 5 eða 7 manna bíl** og því fer vel um alla fjölskylduna. Chevrolet er á Tangarhöfðanum og við tökum vel á móti þér.

Bílabúð Benna

Tangarhöfða 8-12	Sími 590 2000	www.benni.is	Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00. Lau. 12.00 - 16.00

Umboðsmenn: Bílahornið hjá Sissa, Keflavík. Bílasalan Ós, Akureyri. Bílasala Austurlands, Egilsstöðum

CHEVROLET

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000

LCD & PLASMA SJÓNVÖRP
· Afburða tækni · Frábær hönnun
· Framúrskarandi myndgæði · Gott verð
ORMSSON
ELLEFU VERSALNIR OG UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

BAKÞANKAR

DR. GUNNA

Geirvörtur

Ég hef aldrei hugsað jafn mikið um geirvörturnar á mér eins og síðustu vikurnar. Þarna liggja þær vesælar í hárskógi, skraufþurrar og engum til gagns, allra síst nýfæddri dóttur minni, sem þó teygir sig gapandi í áttina til þeirra þegar ég er með hana í fanginu.

TIL hvers úthlutaði náttúran körlum geirvörtum? Til þess eins að gera lítið úr þeim í samanburði við konur? Eru geirvörturnar kannski leifar af glæstri fortíð þegar karlar sátu mjólkandi í hellum með kornabörn á brjósti? Eða bara hönnunarslys?

STÓRKOSTLEGT framfaraskref í jafnréttismálum væri stigið ef læknavísindunum tækist að koma mjólkurframleiðslu í gang hjá körlum. Stoltir karlar með þrútnar geirvörtur framan á rosa júllum færu um bæinn og auðvitað kæmi keppnisskapið upp í þeim. Karlar hættu að keppa í bílategundum og færu að keppa í brjóstastærðum – „Hann Gúndi í Glaumi er sko með ekkert smá bobbinga enda nýkominn úr stækkun, en greyið hann Siggi er ennþá með ræfilslegu tepokana og heldur áfram að tapa og tapa á bréfunum sínum.“ Karla-brjóstahaldarar fengjust auðvitað með merkjum fótboltafélaga, hljómsveitalógóum og öðru því sem körlum finnst merkilegt. Stebbi Arsenal væri alltaf í Arsenal-haldara og Kiddi rokk í Metallica-topp.

AÐ gera karla kvenlegri er mun vænlegri – svo ekki séð talað um skemmtilegri – leið til jafnréttis en sú þunglynda leið sem nú er sett fram sem sú eina rétta: að best í heimi sé að sem flestar konur verði í fararbroddi í stjórnmálum og svokallaðir æðstu stjórnendur í fyrirtækjum. Ekki þessi leiðindi! Hvaða ofsatrú er þetta eiginlega á andlausu framapotinu? Hvaða jafnrétti heldur fólk að náist með því að greindar og skemmtilegar konur breytist umvörpum í vindþurrkuðustu fiskhausa tilverunnar? Betra væri auðvitað að fara alveg öfuga leið og koma rennandi mjólk í karlajúgur. Fyrst hægt er að fljúga fólki til tunglsins hlýtur það nú að vera hægt.

MEÐ tútturnar virkar myndu innstu leyndardómar lífsins loksins ljúkast upp fyrir körlum. Þeir yrðu alvöru þátttakendur í hringrás lífsins – ekki bara sæðissprautandi fylgihlutir – og myndu róast með korrandi ungabörn föst á geirvörtunum. Í beinu framhaldi legðist hraðakstur og ofbeldi af og með þessa sameiginlegu reynslu fyndist öllum sjálfsagt og eðlilegt að laun í umönnunarstörfum yrðu þau sömu og í fjármálageiranum.